# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

282. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 30. NÓVEMBER 2017




Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Andrés Ingi Jónsson gengu út af flokksráðsfundi Vinstri grænna í gær eftir að hafa kosið gegn stjórnarsamstarfi flokksins við Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk. Um var að ræða hitafund þar sem 75 greiddu atkvæði með samstarfi, 15 gegn og 3 skiluðu auðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Þorgerður segir MS tilbúið til að losa sig við hjálpardekkin. 22

**LÍFIÐ** Emmsjé Gauti neyddist til að laga stíflað klósett í nýju vinnunni sinni. 62

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **JÓLAGJÖF FAGMANNSINS**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Ný stjórn samþykkt en óvíst um tvo þingmenn

**Flokksstofnanir VG, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar samþykktu ríkisstjórnarsamstarf. Á þingflokksfundi VG í dag ræðst framtíð tveggja þingmanna þeirra sem greiddu atkvæði gegn samstarfinu. Stjórnarsáttmáli verður kynntur í dag.**

**STJÓRNMÁL** „Ég er búinn að gefa upp að ég styðji ekki málefnasamninginn en svo verður með þingflokksfund á morgun þar sem þetta verður til lykta leitt varðandi stjórnarsamstarfið í heild sinni,“ segir Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Vinstri grænna, en hann og Rósa Björk Brynjólfsdóttir samflokksmaður hans greiddu atkvæði gegn málefnasamningi nýrrar ríkisstjórnar á flokksráðsfundi Vinstri grænna í gærkvöldi. Aðspurður segist Andrés ekki geta svarað því hvort hann muni verja nýja ríkisstjórn vantrausti eða einstaka ráðherra hennar. Ekki liggur því fyrir hversu góðan meirihluta hin nýja stjórn hefur og hvort þingmenn að baki henni eru 33 eða 35.

Mikill titringur var á flokksráðsfundi Vinstri grænna en hann stóð í tæpar fimm klukkustundir í gær og lauk ekki fyrr en rétt fyrir tíu í gærkvöldi. Fimmtán flokksráðsmenn greiddu atkvæði gegn samningnum en hann var samþykktur með 75 atkvæðum. Ónotum var beint að Rósu Björk og Andrési Inga úr ræðustól fundarins sem fór mjög illa í marga fundarmenn. Kosning um málefnasamninginn var skrifleg en óskað hafði verið eftir því fyrir fundinn.

> **Ónotum var beint að Rósu Björk og Andrési Inga úr ræðustól fundarins sem fór mjög illa í marga fundarmenn.**

Atkvæðagreiðsla í hinum flokkunum fór fram með handauppréttingu. Samningurinn var samþykktur samhljóða á fundi miðstjórnar Framsóknarflokksins klukkan tíu í gærkvöldi. Fyrr í gær samþykktu Sjálfstæðismenn samninginn einróma á klukkustundarlöngum fundi í Valhöll.

„Það var algjör eining um þetta og almenn ánægja,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson um fund Framsóknarmanna í gær. Hann segist ekki hafa áhyggjur af þeim þingmönnum VG sem samþykktu ekki samninginn.

Fundir verða í þingflokkum stjórnarflokkanna fyrir hádegi í dag og ríkisráðsfundir síðdegis í dag þar sem ráðherrum fráfarandi stjórnar verður veitt lausn og nýir ráðherrar ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur skipaðir. Að loknum ríkisráðsfundi fara nýskipaðir ráðherrar til sinna ráðuneyta og taka við lyklavöldum. – **aá / sjá bls. 6**

## Yfir 140 hafa leitað aðstoðar

**SAMFÉLAG** „Það er búin að vera alveg gríðarlega mikil aðsókn í Kvennaathvarfið allt þetta ár. Það hafa verið hérna það sem af er ári rúmlega 140 konur og sennilega hátt í 100 börn. Sem er talsvert meira en öll árin á undan,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins. Í mörgum tilfellum er ekki freistandi fyrir konur að fara annað vegna ástandsins á íbúðamarkaðnum í dag. – **la / sjá síðu 10**

## Gagnrýnir kjör elítunnar

**KJARAMÁL** Þeir sem heyra undir kjararáð fá ríflega 95 þúsund krónum hærri desemberuppbót í ár en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði.

„Manni finnst með ólíkindum að einhver elíta skuli lúta öðrum lögmálum þegar kemur að einhverju eins og desemberuppbót,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR. Ragnar segir að fróðlegt verði að sjá hvort tilraun til sátta á vinnumarkaði verði að finna í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. – **smj / sjá síðu 4**










## Veður




Ákveðin suðvestanátt í dag og nokkuð hvasst á Norðvesturlandi. Súld eða rigning, en þurrt að kalla á austanverðu landinu. Hiti 3 til 8 stig.

SJÁ SÍÐU 40



**Siglufjarðarflugvöllur er handan fjarðarins gegnt bænum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Flugvélar geti lent á Siglufirði

**SAMGÖNGUR** Bæjarráð Fjallabyggðar hyggst sækja um það hjá Samgöngustofu að Siglufjarðarflugvöllur verði skráður sem lendingarstaður.

„Framtakið mun styðja við framfarir í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu en jafnframt er flugbrautin mikilvægt öryggismannvirki fyrir íbúa Fjallabyggðar. Með breyttri skráningu yrði hlutverk sveitarfélagsins fyrst og fremst upplýsingagjöf um ástand lendingarbrautar til flugmanna sem lenda þar á eigin ábyrgð,“ segir í bókun. **– gar**

# Björgunarsveitir fara oft á Esjuna

**SAMFÉLAG** Björgunarsveitir hafa farið í útkall í Esjuna að meðaltali annan hvern mánuð síðastliðin fjögur ár. Í gær voru afhjúpuð fræðslu- og varúðarskilti á þremur stöðum við Esjurætur. Skiltin eru við vinsælustu gönguleiðina á fjallið, Þverfellshorn, við Kerhólakamb og við Skarðsá þar sem gengið er á Móskarðshnjúka.

Í tilkynningu frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg segir að mörg alvarleg slys hafi átt sér stað í Esju síðustu árin og þess skemmst að minnast að ungur maður lést þar í byrjun þessa árs. Næstum sléttum fjórum árum fyrr lést þar kona en í báðum tilfellum voru viðkomandi aðilar á ferð með félögum sínum að vetrarlagi. **– jhh**

# Rektor flúði úr Aðalbyggingu



**Brunaviðvörunarkerfi Aðalbyggingar Háskóla Íslands fór í gang í gær og var byggingin rýmd. Jón Atli Benediktsson rektor króaðist hins vegar af á 3. hæð og var bjargað af reykköfurum. Sem betur fer var hvorki hann, annað starfsfólk né heldur nemendur í raunverulegri hættu. Allt var þetta hluti af eldvarnaæfingu sem var samvinnuverkefni Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, HÍ og slökkviliðsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Lögregla fann annan handlegg í Køgeflóa

**DANMÖRK** Kafarar á vegum dönsku lögreglunnar hafa fundið handlegg á hafsbotni í Køgeflóa. Talið er að fundurinn gæti tengst máli danska uppfinningamannsins Peters Madsen. Hann er grunaður um að hafa myrt sænsku blaðakonuna Kim Wall.

Annar handleggur fannst á botni flóans þann 21. nóvember síðastliðinn á því svæði þar sem talið er að kafbátur Madsens hafi verið á ferð áður en honum var sökkt í ágúst.

Enn á eftir að fá staðfest með lífsýnum hvort handleggirnir eru af Kim Wall, en búkur hennar, höfuð og fætur hafa þegar fundist á hafsbotni í Køgeflóa. Köfun verður haldið áfram, en enn er eftir að finna farsíma þeirra Wall og Madsens. **– aí**

# Fjögur af hverjum fimm jólatrjám koma að utan

**Ísland gæti eftir tvo áratugi framleitt nægilega mörg jólatré til að anna eftirspurn hér á landi að mati skógfræðings. Innlend tré eru umhverfisvænni og stuðla að minnkandi vistspori. Tæplega 30 þúsund tré eru flutt inn til landsins í ár.**

**NÁTTÚRA** Af þeim rúmlega 35 þúsund lifandi jólatrjám sem Íslendingar skreyta í stofum sínum um jólin eru aðeins um sex til átta þúsund ræktuð hér á landi. Hinn hlutinn, eða um 80 prósent lifandi jólatrjáa, er ræktaður erlendis.

Else Möller, skógfræðingur á Austurlandi, segir innlenda framleiðslu jólatrjáa í raun ekki til. Þau innlendu jólatré sem koma á markað séu úr grisjun skóga. Erlendis, líkt og í Danmörku, sé um iðnað að ræða þar sem framleidd eru 10 milljón jólatré árlega. Hún segir mögulegt að Íslendingar geti annað eftirspurn hér á landi án innflutnings.

„Við getum séð fyrir okkur að eftir 15 til 20 ár verði framleiðsla okkar á þeim stað að anna eftirspurn. Það er mögulegt. Hins vegar þarf þá að vinna þessa vinnu markvisst. Íslensk framleiðsla er auðvitað mun vistvænna en að flytja inn jólatré í miklu magni,“ segir Else.

Kristinn Einarsson, framkvæmdastjóri verslanasviðs Húsasmiðjunnar, segir aðeins um 15 prósent jólatrjáa þeirra vera framleidd á Íslandi.

„Það er þá mest stafafura sem við fáum. Það er ekki hægt að komast í aðrar tegundir hér á landi með góðu móti. Hins vegar væri það miklu ákjósanlegra fyrir okkur ef við gætum verið með hærra hlutfall innlendrar framleiðslu hjá okkur,“ segir Kristinn.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur upp á síðkastið selt um fjögur til fimm hundruð jólatré á hverju ári og er það mest stafafura. Jónatan Garðarsson, formaður skógræktarfélagsins, segir ágóða af sölunni fara í áframhaldandi skógrækt. „Við viljum klæða landið skógi. Af hverju tré sem við seljum um jólin plöntum við öðrum fimm trjám. Í því felst virðisaukinn fyrir okkur.“



**Skógræktarfélag Hafnarfjarðar selur um 400 tré á ári, aðallega stafafuru. Hvert selt tré gefur af sér fimm ný til gróðursetningar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Við viljum klæða landið skógi. Af hverju tré sem við seljum um jólin plöntum við öðrum fimm trjám. Í því felst virðisaukinn fyrir okkur.
>
> 
>
> Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar

Else segir verkkunnáttuna hér á landi ekki til staðar eins og staðan er núna. „Í Danmörku til dæmis er starfsfólkið á ökrunum nánast allt frá Austur-Evrópu og þar eru tré klippt til að ná ákjósanlegri lögun. Þessi handavinna er eitthvað sem við þekkjum lítið til og þurfum því að tileinka okkur,“ segir Else.

sveinn@frettabladid.is



PFAFF - GRENSÁSVEGI 13 - SÍMI 414 0400 - PFAFF.IS - Fylgstu með okkur á Facebook

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

# ALLAR VÖRUR*

# TAX FREE

## AÐEINS Í DAG

Allar vörur á Tax Free | Sjá afgreiðslutíma á husa.is



**Tax Free af öllum vörum í Húsasmiðjunni og Blómavali, aðeins í dag**

Gildir einnig í vefverslun husa.is

*Gildir ekki af vörum í timbursölu
*Gildir ekki af tilboðsvörum, WEBER grillum og KitchenAid vörum
*Gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

*Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman*

husa.is



# Íbúar á Björgum á Patreksfirði uggandi yfir slysahættu í hverfinu

**VESTURBYGGÐ** Íbúar í hverfinu Björgum á Patreksfirði hafa skilað inn undirskriftalista og kallað eftir því við bæjarstjórn Vesturbyggðar að gerðar verði úrbætur á umferðaröryggi við götuna.

Í bréfi íbúa til bæjarstjórnar segir að miklar breytingar hafi orðið á íbúasamsetningu í hverfinu, börnum hafi fjölgað mikið og umferðin inn í bæinn á sama tíma aukist. Bent er á að íbúar á Björgum hafi vakið athygli á sömu atriðum á íbúafundi árið 2015.

> **Ég heyrði að það ætti að gera hringtorg hér fyrir ofan, en það er bara ekkert pláss þar fyrir hringtorg að mínu mati.**
>
> Leiknir Fannar Thoroddsen, íbúi á Björgum á Patreksfirði

Leiknir Fannar Thoroddsen, íbúi á Björgum, er óhress með stöðu mála. „Ég heyrði að það ætti að gera hringtorg hér fyrir ofan, en það er bara ekkert pláss þar fyrir hringtorg að mínu mati. Það verður að vera eitthvað róttækt, til dæmis að setja undirgöng undir veginn. Þegar dóttir mín hjólar af stað að heiman, þá stressast maður allur upp.“

Leiknir bendir á breytinguna í íbúasamsetningu hverfisins. „Fyrst varð íbúafækkun hér á Patreksfirði yfir einhvern tíma, en núna er bara allt orðið fullt af börnum. Það eru bílar að koma á 90 kílómetra hraða þarna niður því þetta er þjóðvegur, þótt hámarkshraðinn þarna eigi að vera 50 kílómetrar á klukkustund. Svo er ekki vel lýst þarna. Ég er í rútuakstri og hef séð börn birtast bara allt í einu þarna, það er ekki spurning um hvort það verði slys þarna, heldur hvenær, það er bara staðreynd. Það er myrkrið eina sem tekur við börnunum á þessari leið.“

Bæjarráð Vesturbyggðar hefur ítrekað þann vilja sinn í ályktun að endurbætur verði gerðar á svæðinu. **– aig**

# Hærri desemberuppbót elítu birtingarmynd misskiptingar

**Þeir sem heyra undir kjararáð fá ríflega 95 þúsund krónum hærri desemberuppbót í ár en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði. Formaður VR gagnrýnir misskiptinguna harðlega. Segir að fróðlegt verði að sjá hvort tilraun til sátta á vinnumarkaði verði að finna í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar.**

**KJARAMÁL** „Manni finnst með ólíkindum að einhver elíta skuli lúta öðrum lögmálum þegar kemur að einhverju eins og desemberuppbót,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um þá staðreynd að þeir sem heyra undir úrskurðarvald kjararáðs fái ríflega 95 þúsund krónum hærri desemberuppbót en launþegar á hinum almenna vinnumarkaði. Ragnar segir gjá hafa myndast á vinnumarkaði gagnvart stjórnvöldum sem fróðlegt verður að sjá hvort ný ríkisstjórn muni reyna að brúa.

Algeng desemberuppbót, sem launafólk á rétt á eigi síðar en 15. desember ár hvert á hinum almenna og opinbera vinnumarkaði, er í ár að hámarki 86 þúsund krónur. Til samanburðar var uppbótin 82 þúsund krónur í fyrra og 78 þúsund árið 2015 og hefur því hækkað um 8 þúsund krónur á tímabilinu.

Á sama tíma fá þeir sem heyra undir kjararáð að hámarki 181.868 krónur í ár, líkt og í fyrra. Árið 2015 nam upphæðin rúmlega 148 þúsund krónum og hefur því hækkað um ríflega 33 þúsund á sama tímabili. Hafa ber í huga að samkvæmt reglum kjararáðs er desemberuppbótin greidd þeim sem eru í 100 prósent starfi á almanaksárinu til 31. október, hafi viðkomandi gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári er greitt hlutfallslega.

Launaákvarðanir og hækkanir kjararáðs hafa verið harðlega gagnrýndar en hæst bar umdeilda ákvörðun ráðsins í fyrra um að hækka laun kjörinna fulltrúa um tugi prósenta. Ragnar bendir á að í ákvörðunum ráðsins hafi afturvirkni launahækkana einnig vakið reiði.



Ragnar Þór Ingólfsson segir gjá hafa myndast á vinnumarkaði. Við því þurfi að bregðast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þau heyra undir kjararáð

Kjararáð ákveður laun og starfskjör æðstu embættismanna ríkisins. Undir úrskurðarvald ráðsins heyra alþingismenn, ráðherrar, dómarar, ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands, prestar, prófastar, saksóknarar, sendiherrar og forstöðumenn ríkisstofnana. Kjararáð ákveður einnig launakjör framkvæmdastjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins og félaga sem eru að meirihluta í eigu þeirra.

„Desemberuppbót er greidd óháð tekjum á hinum almenna markaði. Þetta er birtingarmynd misskiptingarinnar í hnotskurn, eins og með launahækkanir kjararáðs, langt umfram það sem eðlilegt getur talist á vinnumarkaði og afturvirkni þeirra ákvarðana. Svo eru þetta sömu embættismenn og ráðamenn og eru að krefja opinbera og almenna markaðinn um hófsemi til að verja stöðugleika en svo fara þeir ekki eftir því sjálfir og sjálftakan virðist vera mest hjá þeim sjálfum.“

Ragnar Þór segir segir þetta eitt margra mála sem séu að eitra ástandið á vinnumarkaði.

„Maður sér ekki fyrir sér hvernig stjórnvöld ætla sér að leysa þennan vanda og þessa gjá sem myndast hefur á bæði opinbera og almenna vinnumarkaðinum gagnvart stjórnvöldum. Það verður áhugavert að sjá hvað kemur út úr stjórnarsáttmálanum og hvort einhverjar tilraunir verði þar gerðar til að ná sáttum á vinnumarkaði.“ **mikael@frettabladid.is**

# NBC rekur einn vinsælasta fréttaþul sinn

**BANDARÍKIN** Matt Lauer, einn vinsælasti fréttaþulur Bandaríkjanna, hefur verið rekinn frá sjónvarpsstöðinni NBC. „Á mánudagskvöld fengum við ítarlega kvörtun frá samstarfsmanni um óviðeigandi kynferðislega hegðun Matts Lauer á vinnustaðnum,“ sagði í tilkynningu frá NBC í gær.



**Matt Lauer.** NORDICPHOTOS/GETTY

Tilkynningin, sem stjórnarformaðurinn Andy Lack sendi frá sér, fjallar meðal annars um að þetta hafi verið fyrsta slíka ásökunin á hendur Lauer í tuttugu ára starfi og um sé að ræða augljóst brot á siðareglum fyrirtækisins. Þá segir enn fremur að stjórn fyrirtækisins telji þetta ekki hafa verið einangrað atvik. **– þea**

# Alvarlegur öryggisgalli í stýrikerfi Apple

**TÆKNI** Nýjasta uppfærsla MacOS-stýrikerfisins fyrir Apple-tölvur, High Sierra, inniheldur meiriháttar öryggisgalla sem opnar læstar dyr kerfisins upp á gátt ef notendanafnið „root“ er slegið inn án lykilorðs.

Apple vinnur nú að uppfærslu til að bæta úr þessu og hefur beint því til viðskiptavina sinna að breyta lykilorðinu fyrir root-aðganginn. Svo virðist sem gallinn nái ekki til eldri útgáfa MacOS, þar á meðal Sierra og El Capitan.

Sérfræðingar hafa bent á að um sé ræða afar óheppileg mistök fyrir tæknirisann Apple og alvarleg í ljósi þess að hver sem er getur opnað tölvur sem keyra High Sierra, jafnvel þó að viðkomandi sé tengdur í gegnum fjaraðgang. **– khn**




2. PRENTUN KOMIN Í VERSLANIR




„... stafar einlægni af ljóðunum og jafnvel örlar á viðkvæmni.“
STEINUNN INGA ÓTTARSDÓTTIR / VÍÐSJÁ

„... vinaleg ljóðabók sem flytur ljóðrænan en eitursvalan söng hins þroskaða Bubba Morthens ...“
HELGA BIRGISDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Þessi bók er grípandi og Bubbi málar veröld þorpsins ...“
SÖLVI SVEINSSON / MORGUNBLAÐIÐ

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15

BOSS HUGO BOSS

SAND

POLO RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI collezione

MANZ GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD




**Treflar**

verð áður kr. 5.980

**Jólatilboð kr. 3.588**

**Leðurhanskar**

verð áður kr. 9.980

**Jólatilboð kr. 5.988**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



**Þeyst á vélsleða.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

## Varnaðarorð til vélsleðamanna

**UMHVERFISMÁL** „Vinsamlegast hlífið þessum svæðum, landið er stórt og ástæðulaust að fara um þennan hluta þess með tilheyrandi áhættu,“ segir í áskorun til vélsleðamanna á vef Grýtubakkahrepps. Um er að ræða brunnsvæði og svokölluð grannsvæði þar sem umferð er bönnuð.

Grenivíkurfjall er vinsælt sleðasvæði. „Ekki þarf að fara mörgum orðum um það tjón sem jafnvel lítið slys getur valdið, en hreint og ómengað vatn er ein af grunnforsendum búsetu. Þá gæti mengun vatnsbóla sett matvælavinnslu hér í algert uppnám,“ segir á grenivik.is. – gar



Gert er ráð fyrir að fölsuð lyf valdi fjölda dauðsfalla, ekki síst í Afríku.

## Fölsuð lyf í þróunarlöndum

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin fullyrðir að um 10 prósent lyfja í þróunarlöndum séu fölsuð eða léleg og geti leitt til fjölda dauðsfalla.

Sérfræðingar fóru í gegnum 100 skoðanir á 48 þúsund lyfjum. Lyf til meðhöndlunar malaríu og sýkinga af völdum baktería voru meirihluti fölsuðu lyfjanna.

Talið er að 72 þúsund til 169 þúsund börn geti látist af völdum lungnabólgu á hverju ári eftir að hafa fengið fölsuð lyf. Mögulega má gera ráð fyrir rúmlega 100 þúsundum dauðsfalla af völdum malaríu vegna slíkra lyfja, einkum í Afríku. – ibs

## Á þriðja tug manna slösuðust



Farþegalest fór út af sporinu þegar hún var á leið milli borganna Malaga og Sevilla á Spáni í gær. Tuttugu og sjö farþegar í lestinni slösuðust og voru tveir þeirra með alvarlega áverka. Spænskir fjölmiðlar segja að um 70 farþegar hafi verið í lestinni þegar slysið varð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fleiri ráðnir vegna álagsins

**SAMFÉLAG** Barnavernd Reykjavíkur fékk um 45 prósent þeirra tilkynninga sem bárust barnaverndarnefndum landsins á fyrri hluta ársins.

Fréttablaðið greindi frá því á mánudaginn að frá upphafi árs til loka september hefði tilkynningum til nefndanna fjölgað verulega miðað við fyrri ár. Þær voru alls 7.292 í byrjun október. Þar af fjölgaði tilkynningum mest á höfuðborgarsvæðinu, eða um 11 prósent.

Til að bregðast við auknu álagi hefur stöðugildum hjá Barnavernd Reykjavíkur verið fjölgað um 2,5.

Þá er fyrirhuguð úttekt á starfsumhverfi starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur en velferðarráð samþykkti fyrr í mánuðinum að gera fjórar slíkar úttektir á næsta ári sem lúta að þjónustu velferðarsviðs við börn og ungmenni. – khn

# Boða þyngri refsistefnu við sölu og innflutningi

**Draga á úr refsingum fyrir vörslu og neyslu en herða refsingar fyrir sölu og innflutning fíkniefna. Tekjuafgangur fjárlagafrumvarps minnkar um tíu milljarða króna. Ítarlegur málefnasamningur nýrrar ríkisstjórnar verður kynntur í dag.**

**STJÓRNMÁL** Tekjuafgangur verður 10 milljörðum lægri en stefnt var að í fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram í október síðastliðnum, samkvæmt málefnasamningi verðandi ríkisstjórnar. Þessir tíu milljarðar verða að langstærstum hluta nýttir til heilbrigðismála.

Meðal þess sem fram kemur í málefnasamningnum sem Vinstri græn, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur samþykktu í gær eru áform um afnám verðtryggingar í áföngum, móttaka fleiri flóttamanna, áhersla á uppbyggingu í samgöngumálum, bæði á suðvesturhorninu og landsbyggðinni. Sporna á gegn launamun kynjanna með nýjum skilyrðum í ársreikningagerð fyrirtækja og kanna kosti þess að beita aðgangsstýringu í ferðaþjónustu. Þá verður ekki af hækkun virðisaukaskatts á greinina sem síðasta ríkisstjórn stefndi á. Hinsegin málefni eru í fyrsta sinn nefnd í stjórnarsáttmála með áherslu á kynrænt sjálfræði.

Ný ríkisstjórn hyggst herða refsingar fyrir sölu og innflutning fíkniefna en draga úr refsingum fyrir vörslu neysluskammta. Löggæsla verður efld, réttarstaða þolenda kynferðisofbeldis bætt og aðstoð til þeirra betur tryggð.

Loftslagsmálin eru fyrirferðarmikil í málefnasamningnum. Þótt Parísarsamkomulagði verði leiðarljós er markmiðið að ganga enn lengra og ná kolefnishlutleysi árið 2040. Meðal aðgerða til að stuðla að þessum markmiðum er að tvöfalda kolefnisgjaldið strax og hækka það svo áfram í samræmi við áætlun í loftslagsmálum.

Ný ríkisstjórn stefnir einnig að því að ná meðaltali OECD í fjármögnun háskóla á árinu 2020. Meðal breytinga á námslánakerfinu verða nýmæli sem stuðla eiga að því að fólk setjist að á landsbyggðinni.

Ríkisfjármálin eru fyrirferðarmikil í sáttmálanum, bæði vegna komandi kjaraviðræðna en einnig vegna áherslu flokkanna á tekjur ríkisins af ríkiseignum og endurskipulagningu fjármálakerfisins.

Aðild að ESB er ekki á dagskrá nýrrar stjórnar og ekki er minnst á aðild að Atlantshafsbandalaginu en Vinstri græn og Sjálfstæðisflokkur hafa ætíð verið á öndverðum meiði í afstöðu sinni til þess. Í samningnum er hins vegar vísað til þjóðaröryggisstefnunnar sem Alþingi hefur samþykkt og þar kemur fram að aðildin að NATO sé hornsteinn varna landsins. adalheidur@frettabladid.is



Málefnasamningur nýrrar ríkisstjórnar var samþykktur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Skipting ráðuneyta

**Sjálfstæðisflokkur:**
- Fjármálaráðuneyti
- Utanríkisráðuneyti
- Dómsmálaráðuneyti
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
- Iðnaðar-, nýsköpunar- og ferðamálaráðuneyti

**Vinstri græn:**
- Forsætisráðuneyti
- Heilbrigðisráðuneyti
- Umhverfisráðuneyti

**Framsóknarflokkur:**
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
- Menntamálaráðuneyti
- Velferðarráðuneyti

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar
LED flóðkastarar



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM

# ÍSLAND Í ALDANNA RÁS




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverðs er til og með 4. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Gögn um Mindenleiðangur hafa ekki borist Umhverfisstofnun

**FJÁRSJÓÐSLEIT** Frá því rannsóknarskipi á vegum breska félagsins Advances Marine Services var snúið af vettvangi yfir flaki flutningaskipsins Minden fyrir níu dögum hafa íslenskum yfirvöldum engar frekari upplýsingar borist um leiðangurinn.

„Við höfum ekkert frétt frá leiðangursmönnum síðan þeir héldu af svæðinu í síðustu viku vegna brælu. Þegar þeir koma aftur verða þeir að tilkynna um komu sína með tólf klukkustunda fyrirvara,“ segir í svari til Fréttablaðsins frá Sveini Guðmarssyni, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar.

Sama gildir um Umhverfisstofnun sem veitti breska félaginu starfsleyfi til að rjúfa gat á Minden. Ætlunin var að ná þar út skáp sem talinn er innihalda gull og lyfta upp á yfirborðið.

> Við höfum óskað eftir gögnum um fyrri leiðangur en þau hafa ekki borist.
>
> Björn Þorláksson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar





SS Porta var systurskip SS Minden sem áhöfnin sökkti sjálf 1939.

„Umhverfisstofnun hafa ekki borist neinar nýjar upplýsingar síðan tilkynnt var að skip Advanced Marine Services Limited hefði yfirgefið framkvæmdasvæðið klukkan 17.00, 21. nóvember síðastliðinn,“ segir í svari frá Birni Þorlákssyni, upplýsingafulltrúa stofnunarinnar. „Við höfum óskað eftir gögnum um fyrri leiðangur en þau hafa ekki borist.“ – **gar**



Kannabis er leyft í lækningaskyni á Grænlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fá kannabis vegna krabba

**GRÆNLAND** Fimm alvarlega veikir krabbameinssjúklingar á Grænlandi hafa fengið lyfseðil upp á kannabis frá því að efnið var leyft í lækningaskyni í mars síðastliðnum. Grænlenska útvarpið hefur það eftir yfirlækninum Assia Brandrup-Lukanow að árangurinn hafi verið jákvæður.

Læknirinn segir kannabismeðferðina vera stuðningsmeðferð. Kannabis lini þjáningar og ógleði sem fylgir til dæmis lyfjameðferð eða morfíngjöf.

Þar sem kannabislyf séu tiltölulega ný á markaðnum og enn ekki komin mikil reynsla af notkun þeirra sé fyrsta val lækna að beita hefðbundnum meðferðum. – **ibs**

## Bretar og ESB haldi áfram góðu sambandi

**BRETLAND** Til þess að lágmarka neikvæð áhrif útgöngunnar úr Evrópusambandinu á hagkerfi sitt ætti breska ríkið að reyna að halda sem nánustum tengslum við sambandið í kjölfar útgöngu. Þessi ráðgjöf Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, til Breta kemur fram í nýrri skýrslu stofnunarinnar.

„Stærsta ógnin sem steðjar að hagkerfinu er sú óvissa sem fylgir útgöngu úr Evrópusambandinu,“ segir í skýrslunni.

Hægst hefur á hagvexti í Bretlandi eftir að Brexit var samþykkt. – **þea**

# Forystuhrúturinn Nikulás vill engan forleik við skyldustörfin

**Tveir forystuhrútar eru notaðir til liðsinnis við varðveislu hins íslenska forystufjár. Þar á meðal er hinn virðulegi Nikulás sem afþakkar klapp og kjass. Hrútaskráin er víðlesin af sauðfjárbændum á þessum árstíma en ráðgert er að úr hrútunum verði teknir 30 þúsund sæðisskammtar á tímabilinu 1. til 21. desember.**

**LANDBÚNAÐUR** Það færist sífellt í vöxt að sauðfjárbændur fái sér forystufé til að hafa í hjörðinni en forystufé hefur verið til á Íslandi frá upphafi byggðar. Það er í eðli forystufjár að fara á undan í fjárhópi og féð er mjög glöggt á veður og veðrabrigði enda vill það helst ekki fara út úr húsi ef von er á vondu veðri.

Það þykir mikilvægt að varðveita íslenskt forystufé enda er það einstakur stofn í heiminum. Til að koma til móts við bændur eru Sauðfjársæðingastöðvarnar á Suðurlandi og Vesturlandi með tvo forystuhrúta á stöðvunum til liðsinnis við varðveislu forystufjár.

Annar þeirra er nýr á stöð en það er Nikulás sem er svartarnhöfðóttur, sokkóttur og hyrndur. Hann er frá Brakanda í Hörgárdal en þar má finna eina stærstu hjörð af hreinræktuðu forystufé á landinu í dag.

„Nikulás er hávaxinn og virðulegur og ber höfuðið hátt og hefur vakandi auga á öllu sem fram fer í kringum hann,“ segir meðal annars í nýrri Hrútaskrá sem var að koma út. Þá kemur fram að hrúturinn hefur sýnt ótvíræða forystueiginleika á heimabúi og er þægur og rólegur í umgengni en þó varkár og ekki mikið fyrir klapp og kjass, nema rétt sé að honum farið og hann þekki sinn „húsbónda“.

Hinn forystuhrúturinn sem bændum gefst líka kostur á að nota heitir Gils og er á Sauðfjársæðingastöð Vesturlands skammt frá Borgarnesi. Gils hefur verið notaður áður en hann er frá bænum Gróustöðum í Gilsfirði.



Nikulás þykir einkar virðulegur. Hann er vakandi fyrir flestu sem fram fer í kringum hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hrútaskráin, sem er víðlesin af sauðfjárbændum á þessum tíma árs, fagnar 20 ára afmæli í ár. Ritstjóri hennar frá upphafi hefur verið Guðmundur Jóhannsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Í nýju skránni eru 45 hrútar víða af landinu sem bændur geta pantað sæði úr.

„Já, þetta er langvinsælasta blaðið fyrir hver jól hjá bændum, enda geta þeir séð ljósmyndir og lýsingar á öllum hrútunum. Það er síðan þeirra að velja sæðið úr hrútunum og láta sæða ærnar sínar. Við gerum ráð fyrir að það verði teknir um þrjátíu þúsund sæðisskammtar úr hrútunum á tímabilinu 1. desember til 21. desember,“ segir Guðmundur aðspurður um vinsældir Hrútaskrárinnar.

> Við gerum ráð fyrir að það verði teknir um þrjátíu þúsund sæðisskammtar úr hrútunum.
>
> Guðmundur Jóhannsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Sæðingar hefjast hjá sauðfjársæðingastöðvunum á Suðurlandi og Vesturlandi föstudaginn 1. desember. Sæðisskammturinn kostar þúsund krónur en eftir því sem fleiri skammtar eru keyptir lækkar verðið smátt og smátt.

**mhh@frettabladid.is**





10 ára ábyrgð á iQdrive mótornum.



A+++ Orkuflokkur · 7 kg Tekur mest

**SIEMENS**
**Þvottavél**
WM 14N2O7DN, iQ300

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð.

Jólaverð:
**69.900 kr.**
Fullt verð: 89.900 kr.



A++ Orkuflokkur · 7 kg Tekur mest

**SIEMENS**
**Þurrkari**
WT 45H2O7DN, iQ300

Gufuþétting, enginn barki. LED-skjár. Krumpuvörn við lok kerfis.

Jólaverð:
**87.900 kr.**
Fullt verð: 109.900 kr.



**BOSCH**
**Gufustraujárn**
TDA 102411C

Öflugt, 2400 W. Góður palladium-glissée sóli. Gufuafköst: 30 g/mín. Gufuskot: 140 g/mín. Öryggi: Slekkur sjálfkrafa á sér.

Jólaverð:
**6.900 kr.**
Fullt verð: 8.900 kr.

Jólabæklingur Smith & Norland er kominn út.

**Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði. Sjá nánar á sminor.is.**

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Einstök kaffiupplifun

VIÐ OPNUM Á ÍSLANDI Í DESEMBER
Á 2. HÆÐ Í KRINGLUNNI



Skráðu þig í **Nespresso** klúbbinn
www.nespresso.is

NESPRESSO®
What else?

# Um 100 börn farið í Kvennaathvarfið

**Á þessu ári hafa rúmlega 140 konur leitað til Kvennaathvarfsins í dvöl. Með þeim hafa komið um það bil 100 börn. Á sama tíma hafa hátt í 300 manns leitað til Bjarkarhlíðar, þar af langstærstur hluti vegna heimilisofbeldis. Hlutfallslega fleiri karlar leita þangað en áður.**



Langstærsti hópurinn sem kemur í Bjarkahlíð er konur en sérfræðingur telur að alltaf sé að fjölga karlmönnunum sem þangað koma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SAMFÉLAG** „Það er búin að vera alveg gríðarlega mikil aðsókn í Kvennaathvarfið allt þetta ár. Það hafa verið hérna það sem af er ári rúmlega 140 konur og sennilega hátt í 100 börn. Sem er talsvert meira en öll árin á undan,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf.

Aðspurð segir Sigþrúður meðaldvöl í ár vera býsna langa. Meðaldvöl árið 2016 var 28 dagar og hafði þá lengst um níu daga frá árinu á undan. Dæmi eru um að konur dvelji í athvarfinu mánuðum saman. Þar geta aðstæður á leigumarkaði skipt máli og aðgengi að viðráðanlegu húsnæði. „Þetta er auðvitað neyðarúrræði, neyðarathvarf, en það er metið hverju sinni hvernig aðstaðan er. Sumar konur eru í hættu marga mánuði eftir að þær koma í húsið, svo eru aðrar sem þurfa bara rétt að láta málin bjargast aðeins. Það er engin ein regla. Það gerist alltaf öðru hvoru að við hættum að vera neyðarúrræði vegna ofbeldis og verðum einhvers konar úrræði vegna heimilisleysis.“

Sigþrúður segir að það séu í raun engin tímamörk á dvölinni en ákveðin pressa sé samt sem áður sett á þær konur sem hafa dvalið þar lengi, um að koma sér í annað húsnæði, sem oft er ekki mjög freistandi. „Herbergi sem eru mjög dýr og ekki fyrirsjáanlegt hvernig þær ná endum saman. Eða þá í mjög lítið húsnæði eða eitt herbergi með fleirum sem er þá vonandi tímabundið.“ Þó að aðsókn hafi verið mikil og margar konur dvalið lengi í athvarfinu segir Sigþrúður þó að aldrei hafi færri konur farið aftur til ofbeldismannsins eftir að hafa dvalið hjá þeim í fyrra og að niðurstaðan verði væntanlega sú sama eftir þetta ár. „Það hefur ef til vill með það að gera að konur dvelja lengur.“

Kvennaathvarfið hefur verið starfandi í 35 ár í desember. Þar geta konur dvalið ef aðstæður í heimahúsum eru óbærilegar vegna ofbeldis. Þar er einnig boðið upp á viðtöl og sjálfshjálparhópa fyrir brotaþola ofbeldis. Bjarkarhlíð er nýtt úrræði fyrir þolendur hvers kyns ofbeldis.



> **Fólk kemur til okkar í fyrsta viðtal, við greinum söguna og svo sendum við fólk áfram í viðeigandi úrræði.**
>
> Hafdís Inga Hinriksdóttir, sérfræðingur hjá Bjarkarhlíð

> **Sumar konur eru í hættu marga mánuði eftir að þær koma í húsið, svo eru aðrar sem þurfa bara rétt að láta málin bjargast aðeins.**
>
> Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf



**28**

**dagar var meðaldvöl í Kvennaathvarfinu árið 2016 og hafði þá lengst um 9 daga frá árinu á undan.**

„Við erum komnar með vel yfir 250 mál, ég hugsa að það sé ekkert mjög langt í að við förum upp í 300 mál. Það er hátt í 60 prósent málanna sem eru vegna heimilisofbeldis. Langstærsti hópurinn er konur en mér finnst alltaf vera að fjölga karlmönnunum sem eru að koma hingað út af heimilisofbeldi líka,“ segir Hafdís Inga Hinriksdóttir, sérfræðingur í Bjarkarhlíð.

Þar er boðið upp á ráðgjöf og upplýsingar fyrir fólk sem hefur verið beitt ofbeldi. Öll þjónusta er undir sama þaki með það að marki að auðvelda þolendum að leita aðstoðar. Einstaklingsviðtöl og ráðgjöf er í boði ásamt tengingu við aðra þjónustu sem er til staðar, þar með talin velferðarþjónusta sveitarfélaganna og heilsugæsla. Þjónustan þar er öllum opin og þangað leita bæði karlar og konur. „Það verða svo miklar hugsanaskekkjur og þú ferð að normalísera hluti sem eru ekki eðlilegir. Okkar hlutverk er svolítið að sjá hlutina eins og þeir eru og veita stuðning. Þetta er öðruvísi nálgun en í Kvennaathvarfinu hvað það varðar. Fólk kemur til okkar í fyrsta viðtal, við greinum söguna og svo sendum við fólk áfram í viðeigandi úrræði,“ segir Hafdís Inga.

„Mín tilfinning er að stór hluti af þeim einstaklingum kemur þegar þeir eru komnir út úr sambandinu, en sumir eru að koma á meðan þeir eru í samböndunum og þá reynum við að styðja fólk í því hvað það vill gera. Hvort það vill reyna að vinna úr eða hvort það vill fara út og það eru mjög margir sem taka það skref að fara úr samböndunum.“

Einn af samstarfsaðilum Bjarkarhlíðar er lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og er Berglind Eyjólfsdóttir lögreglukona með fasta viðveru þar alla daga. „Við tókum saman tölur fyrir fyrsta hálfa árið og þar voru í heildina 193 mál sem komu inn á okkar borð og af þeim voru 106 einstaklingar sem ræddu við lögregluna. Þannig að það er mjög stór prósenta mála sem fer líka til Berglindar,“ segir Hafdís Inga.

Bjarkarhlíð er tilraunaverkefni til þriggja ára á vegum Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Drekaslóðar, Stígamóta, Kvennaathvarfsins, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Kvennaráðgjafarinnar, velferðarráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins.

**lovisaa@frettabladid.is**




## Enn allt á huldu um dularfullan leka geislavirks efnis í Evrópu

**UMHVERFISMÁL** Vísindamönnum í Evrópu hefur ekki enn tekist að rekja uppruna geislavirka efnisins rúþen-106 sem mældist í miklu magni í álfunni fyrr í þessum mánuði. Efnið mældist ekki hér á landi.

„Þetta er mjög óvenjulegt mál,“ segir Sigurður M. Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins. „Ýmsar stofnanir hafa reiknað sig til baka og tekið mið af veðuraðstæðum og dreifilíkönunum og uppruni efnanna er talinn vera við Úralfjöll.“

Rússneska veðurfræðistofnunin staðfesti á dögunum að geislavirka efnið hefði mælst í óvenju miklu magni í Argayash-héraði í suðurhluta Úralfjalla. Þar var magnið 986 sinnum meira en venjulega. Í 20 kílómetra fjarlægð frá Argayash er landsvæðið Mayak en þar stunduðu Rússar umfangsmikla kjarnorkuvinnslu á tímum kalda stríðsins. Rússnesk yfirvöld segja það af og frá að óhapp hafi átt sér stað.

Sigurður hjá Geislavörnum ríkisins bendir á að margs konar efni kastist út í andrúmsloftið við slíka atburði, en aðeins rúþen-106 hafi greinst. Efnið greindist á mælum víðsvegar um Evrópu en undir venjulegum kringumstæðum mælist rúþen ekki í andrúmsloftinu.



> **Það er ekki svo að kjarnorkuslys hafi átt sér stað. Þá hefðu menn verið að greina miklu fleiri efni sem eru lýsandi fyrir kjarnasundrun.**
>
> Sigurður Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins

„Það er ekki svo að kjarnorkuslys hafi átt sér stað. Þá hefðu menn verið að greina miklu fleiri efni sem eru lýsandi fyrir kjarnasundrun.“

Ekki er talið að lekinn geti haft skaðleg áhrif á heilsu manna. Rúþen-106, sem myndast við kjarnahvörf þar sem úraníum eða plútóníum eru upphaflegu eldsneytisgjafarnir, er oftast notað í krabbameinslækningum.

Grænfriðungar hafa farið fram á að lekinn verði rannsakaður hið snarasta og hafa gert því skóna að rússnesk yfirvöld freisti þess nú að hylma yfir kjarnorkuslys. Enn sem komið er er ekkert vitað um uppruna lekans.

„Uppruninn hefur ekki verið staðfestur og það er mjög mikilvægt að komast að því,“ segir Sigurður. – **khn**

30. NÓVEMBER 19:30

UPPSELT

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Uppselt er á tónleikana en hægt er að horfa á þá í beinu streymi á **sinfonia.is**

# VÍKINGUR



## LEIKUR

# MOZART

**Dima Slobodeniouk** hljómsveitarstjóri

**Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari

**Wolfgang Amadeus Mozart**
**Píanókonsert nr. 24 í c-moll**

**Richard Strauss**
**Ein Heldenleben (Hetjulíf)**

**Víkingur Heiðar Ólafsson** nær sífellt nýjum hæðum í listinni. Nú leikur hann píanókonsert Mozarts í c-moll með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu. Víkingur hefur verið íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur síðan hann þreytti frumraun sína með Sinfóníuhljómsveitinni árið 2001. Hann er eftirsóttur einleikari og hefur m.a. leikið með Fílharmóníusveit Lundúna, Elbphilharmonie í Hamborg og Los Angeles Philharmonic.

Einnig verður flutt kraftmikið hljómsveitarverk Richards Strauss, Ein Heldenleben eða Hetjulíf, sem er með því glæsilegasta sem samið hefur verið fyrir sinfóníuhljómsveit. Hljómsveitarstjóri er Dima Slobodeniouk sem sló eftirminnilega í gegn með Sinfóníunni í fyrra og er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti.

## BEIN ÚTSENDING Á SINFONIA.IS

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA



**Skjáskot úr beinni útsendingu stríðsglæpadómstólsins.** NORDICPHOTOS/AFP

# Framdi sjálfsmorð í dómsal

**HOLLAND** Slobodan Praljak, Bosníu-Króati sem dæmdur var í tuttugu ára fangelsi árið 2013 fyrir stríðsglæpi sem hann framdi í borginni Mostar í Bosníustríðinu, framdi í gær sjálfsmorð í dómsal þegar stríðsglæpadómstóllinn í Haag staðfesti dóminn.

Þegar dómsforsetinn Carmel Agius las upp dóminn stóð Praljak á fætur, hallaði höfðinu, drakk úr litlu glasi og sagði: „Ég hef drukkið eitur.“

Agius gerði strax hlé á þinghaldi og var hringt á sjúkrabíl. „Allt í lagi. Við gerum hlé á … við gerum hlé á … vinsamlegast dragið tjöldin fyrir. Ekki taka glasið sem hann notaði þegar hann drakk eitthvað,“ sagði Agius. Var Praljak þá fluttur á sjúkrahús og stuttu síðar greindi AFP frá því að hann væri látinn.

Praljak var einn sexmenninga sem sakfelldir voru fyrir stríðsglæpi í stríðinu.

Hann fór sjálfur fyrir sveitum Bosníu-Króata og á meðal þess sem hann var dæmdur fyrir var að koma ekki í veg fyrir fjöldaaftökur múslima í borginni Prozor árið 1993. – **þea**

# Segjast geta hæft hvern fermetra Bandaríkjanna

**NORÐUR-KÓREA** KCNA, ríkissjónvarp Norður-Kóreu, fullyrti í gær að nýjasta eldflaug landsins, sem prófuð var í fyrrinótt, gæti hæft hvaða fermetra sem er í Bandaríkjunum.

Tilraunaskotið fór hátt, hærra en nokkur önnur norðurkóresk eldflaug hefur flogið. Talið er að hún hafi náð 4.500 kílómetra hæð sem er tífalt hærra en Alþjóðageimstöðin. Eldflaugin lenti í japanskri lögsögu og er tilraunin álitin brot gegn þvingunum sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti gegn ríkinu í haust.

KCNA hafði eftir Kim Jong-un einræðisherra að eldflaugarskotið þýddi að Norður-Kórea væri nú fullgilt kjarnorkuveldi. – **þea**

# Trump forseti dreifði boðskap fasista til tugmilljóna fylgjenda

Donald Trump Bandaríkjaforseti endurtísti þremur myndböndum frá breska stjórnmálaflokknum Britain First. Um er að ræða stjórnmálaflokk sem hefur ítrekað falsað myndir og birt myndbönd undir falskri yfirskrift til að koma höggi á múslima. Flokkurinn hefur verið tengdur við fasisma og öfgaþjóðernishyggju.

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, endurtísti í gær þremur myndböndum sem Jayda Fransen, varaformaður breska þjóðernisöfgaflokksins Britain First, deildi á Twitter. Deildi Trump þannig myndböndunum, sem Fransen sagði sýna múslima eyðileggja styttu af Maríu mey, berja ungling til dauða og ganga í skrokk á ungmenni á hækjum, áfram til rúmlega 43 milljóna fylgjenda sinna.

Britain First gladdist mikið yfir deilingunni á Twitter-reikningi flokksins. „DONALD TRUMP SJÁLFUR HEFUR ENDURTÍST MYNDBÖNDUNUM OG ER MEÐ NÆRRI 44 MILLJÓNIR FYLGJENDA! GUÐ BLESSI ÞIG TRUMP! GUÐ BLESSI BANDARÍKIN!“

Ástæða þess að endurtíst Trumps vakti jafnmikla athygli og það gerði er ímynd og boðskapur Britain First. Flokkurinn var stofnaður árið 2011 sem klofningsframboð frá Breska þjóðarflokknum og hefur ítrekað verið bendlaður við þjóðernisöfgar, andúð á múslimum og fasisma. Britain First á enga kjörna fulltrúa á Bretlandi.

Fransen var fyrr í mánuðinum ákærð fyrir hatursorðræðu. Hún er sökuð um að hafa notað ógnandi, ofbeldisfullt og móðgandi orðalag í ræðu sem hún flutti í Belfast í ágúst.

Árið 2014 birti Channel 4 umfjöllun um Britain First. Þar kom fram að hópurinn væri undir forystu Pauls Golding og Jims Dowson, fyrrverandi lykilmanna úr Breska þjóðarflokknum. „Þeir keyra herjeppa, klæðast einkennisbúningum, fá til liðs við sig fyrrverandi hermenn og þjálfa sig fyrir komandi orrustur. Þetta er öfgaflokkur með hættulega stefnu,“ sagði í umfjölluninni þar sem jafnframt kom fram að flokksmenn ryddust inn í moskur og dreifðu bæklingum með áróðri um skaðsemi íslamstrúar.

Formaðurinn Golding hefur ítrekað vitnað til kristinnar trúar í ræðum sínum til þess að réttlæta málstaðinn. „Fólk heldur að Jesús hafi verið einhver frjálslyndishippi, það er ekki rétt. Biblían segir frá því að hann hafi beitt líkamlegu ofbeldi, líkt og í musterinu í Jerúsalem þar sem hann réðst á fólk,“ sagði Golding árið 2014.

Í fyrra greindi Huffington Post hins vegar frá því að öll stærstu kristnu trúfélög Bretlands hefðu fordæmt störf flokksins. Lýstu trúfélögin fylgjendum Britain First sem öfgafullum guðlösturum sem stælu nafni Jesú Krists til að réttlæta dreifingu haturs og ótta.

Þá hefur flokkurinn oftar en einu sinni verið sakaður um að dreifa fölsuðum myndum og myndböndum undir fölskum yfirskriftum. Árið 2015 birti Britain First mynd á Facebook þar sem sjá mátti bandarískan múslima og uppgjafahermann halda á skilti sem á stóð: „Sniðgangið fordóma og drepið alla sem ekki eru múslimar.“

Um var að ræða mann að nafni Dawud Walid. „Britain First birti falsaða mynd af mér frá mótmælum sem voru, merkilegt nokk, gegn kynþáttafordómum. Ég tilkynnti þetta til yfirvalda á Bretlandi,“ sagði Walid. Á ófölsuðu myndinni sést að á skiltinu stóð einungis: „Sniðgangið fordóma.“

Golding sjálfur birti í apríl myndband af fagnandi múslimum á Twitter undir yfirskriftinni: „Nei, sjáiði bara. Hópur „hófsamra“ múslima í London að fagna hryðjuverkaárásunum á París.“ Í ljós kom hins vegar að myndbandið var frá árinu 2009 af Pakistönum að fagna sigri liðs síns í krikketleik.

Á heimasíðu Britain First kemur fram að flokkurinn hafni hvers kyns kynþáttahatri og að fólk úr minnihlutahópum taki virkan þátt í starfi flokksins. „Britain First er hins vegar á móti öfgaíslam og fjöldainnflutningi af því að Bretum stafar ógn af þessum atriðum.“

Í stefnuskrá flokksins kemur fram að hann vilji flytja alla ólöglega innflytjendur og alla erlenda glæpamenn úr landi, neita flóttamönnum um hæli og senda alla hælisleitendur úr landi, banna fóstureyðingar og banna íslam á Bretlandi.

**thorgnyr@frettabladid.is**



**Meðlimir Britain First brenna fána Sádi-Arabíu í kröfugöngu gegn íslam.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Banna á íslamstrú í Bretlandi. Undir banninu munu falla halal slátrun, sjaríadómstólar, trúarrit múslima, starfsemi moska og menningarmiðstöðva múslima sem og öll predikun og kennsla íslamskrar trúar.**
>
> Úr stefnuskrá Britain First



**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.**

> **Formaður Britain First birti myndband sem hann sagði vera af múslimum í Lundúnum að fagna hryðjuverkum en voru í raun af Pakistönum að fagna krikketsigri.**


GERÐU JÓLAHREINT MEÐ EVANS




EVANS hreinsiefnin eru heil lína af gæða hreingerningavörum, fyrir gólf og veggi, eldhús og bað og allt þar á milli.

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | rekstrarland.is

**MISTUR EFTIR RAGNAR JÓNASSON**

# „LESIÐ ÞESSA BÓK UM JÓLIN!“

**KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI**



★★★★

**ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON, DV**




*„Mistur er ekki aðeins góð glæpasaga heldur er skyggnst inn í hugarheim helstu persóna og þá baráttu sem þær standa í.“*
Steinþór Guðbjartsson, Morgunblaðinu

*„Frábærlega vel uppbyggð bók. ... Við unnendur spennusagna segi ég: Lesið þessa bók um jólin. ... **Þrælspennandi**. Þarna er spenna svo manni **er stundum ekki rótt**. ... Ég fullyrði að þetta er langbesta bók Ragnars. Mikil spenna út í gegn.“*
Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni

*„Spennandi og vel fléttuð saga, tvímælalaust **besta bók höfundar**.“*
Brynhildur Björnsdóttir, Fréttablaðið

**3.**
**Metsölulisti Eymundsson**

**3. sæti**
**Bóksölulistinn Skáldverk**

**VERÖLD**

# SEGÐU
# VIÐ BA

# BLESS
# NKANN

Sækja í App Store    Sækja í Play Store

AUR

# Ástand heimsins







1. Reyksprengjur og blys einkenndu mótmæli hefðbundinna leigubílstjóra gegn samkeppnisaðilum á borð við Uber og Cabify í Madríd, höfuðborg Spánar, í gær. NORDICPHOTOS/AFP

2. Þetta Róhingjabarn grét í Thyangkhali-flóttamannabúðunum í Bangladess í gær. Enn flýja Róhingjar þangað frá Mjanmar þótt ríkin hafi komist að samkomulagi um að senda hundruð þúsunda Róhingja aftur til Mjanmar. NORDICPHOTOS/AFP

3. Frans páfi messaði yfir mjanmörskum kaþólikkum í Kyaikkasan í Mjanmar í gær. Líkt og á þriðjudag nefndi hann ekki hinn ofsótta þjóðflokk Róhingja á nafn en sagði þó að koma þyrfti á friði í ríkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

4. Þorpsbúar í Klungkung á indónesísku eynni Balí voru saman komnir í neyðarskýli í gær. Eldfjallið Agung er á barmi stórgoss og hefur gosið öskugosum undanfarna daga. NORDICPHOTOS/AFP

5. Alexander Lúkasjenkó, forseti Hvíta-Rússlands (til vinstri), fékk Núrsúltan Nasarbajev, forseta Kasakstans, í heimsókn í gær. Hermenn stóðu heiðursvörð um forsetana tvo fyrir fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA














Veldu
aðeins
það
besta
HEAD
FISCHER
Útivist í jólapakkann
Princeton Tec höfuðljós
verð frá 4.995,-
Mikið úrval af húfum
frá Mammut og Ziener
verð frá 3.995,-
Mammut dúnúlpur
verð frá 24.995,-
Nortec hálkubroddar
verð frá 2.995,-
Broddar á mynd kr. 7.995,-
Göngustafir
verð frá 7.995,-
Alpina Sólgleraugu
verð frá 5.495,-
Mammut flíspeysur
verð frá 23.995,-
Primus hitabrúsar
verð frá 5.495,-
Göngubuxur
verð frá 18.995,-
Gönguskíðabakpokar
verð frá 11.995,-
Mikið úrval af list og hokkískautum
verð frá 10.995,-
20% afsláttur af öllum skóm
fram að jolum
MAMMUT
OUTDOOR RESEARCH
ziener
made by pros
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

## Skynsamlegt val



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Ein af stærstu áskorunum samfélagsins á 21. öldinni verður að takast á við umhverfisvandamál eins og hækkandi hitastig jarðarinnar og súrnun sjávar og heilbrigðisvandamál sem rekja má til lífsstílstengdra sjúkdóma. Hér má nefna ofþyngd, offitu, áunna sykursýki og hjartasjúkdóma.

Umræða um lausnir á þessum vandamálum mun lita pólitíska orðræðu næstu ára. Boð og bönn stuða þá sem aðhyllast frjálslynd lífsviðhorf og leysa auk þess ekki öll vandamál. Til að sætta andstæð sjónarmið er mikilvægt að stjórnmálamenn sameinist um lausnir sem stuðla að skynsamlegu vali hjá einstaklingnum. Bæði þessi vandamál, hlýnun jarðar og heilbrigðisvandi vegna lífsstílstengdra sjúkdóma, eru afleiðingar af ákvörðunum einstaklingsins. Þau eiga það jafnframt sameiginlegt að draga má úr þeim með breyttum neysluvenjum.

Ríkisvaldið getur með margvíslegum hætti ýtt undir skynsamlegt val. Mörg dæmi eru um slíkt nú þegar í íslenskri löggjöf. Hér má nefna ákvæði laga um tóbaksvarnir sem skylda verslanir til að koma tóbaki fyrir úr augsýn neytenda. Annað dæmi eru áfengislögin sem kveða á um að ÁTVR hafi einkaleyfi til smásölu áfengis hér á landi. Þá takmarka reglur sem settar voru með stoð í lögunum útsölutíma áfengis. Þegar umhverfisvernd er annars vegar má nefna skilagjald fyrir umbúðir og afslætti af opinberum gjöldum vegna innflutnings á rafmagnsbílum.

Draga má úr sykurneyslu án skattahækkana með því að takmarka heimild verslana til að selja sælgæti við afgreiðslukassa eða umbúna verslunum fyrir að ýta undir skynsamlegt val með því að vera ekki með nammibar. Þetta má líka gera með því að setja stórar varúðarmerkingar á mjög sykraða vöru eins og gosdrykki, líkt og gert er með sígarettur og annað tóbak, og með því að takmarka sölu sykraðra gosdrykkja í ákveðinni stærð.

Vandséð er hvernig margþættur umhverfisvandi eins og hlýnun jarðar verði leystur með skynsamlegu vali eingöngu. Ef við föllumst hins vegar á þá röksemd að neytendur geti haft áhrif með vali sínu þarf að innleiða hvata fyrir þá. Í mörgum tilvikum er það nú þegar gert í löggjöf vestrænna ríkja í gegnum skattlagningu. Rafmagnsbílar eru gott dæmi. Í fyllingu tímans þarf að stilla opinberum gjöldum af bensínknúnum bifreiðum upp þannig að það verði beinlínis órökrétt að kaupa slíka bíla í stað rafmagnsbíla. Bretar og Frakkar hafa þegar sett sér metnaðarfull markmið í þessa veru til að uppfylla skilyrði Parísarsáttmálans. Þessi ríki ætla að banna innflutning á bensín- og dísilbílum fyrir árið 2040.

Ríki og sveitarfélög á Íslandi þurfa að innleiða hvata fyrir skynsamlegt val á enn víðtækari grunni en nú er gert. Setja þarf upp stóra gjaldfrjálsa hjólreiðastanda í sveitarfélögum til að auðvelda fólki að geyma reiðhjól sín á öruggan hátt. Þá þarf að fjölga gjaldfrjálsum bílastæðum fyrir rafmagnsbíla á sama tíma og hækka þarf stöðumælagjald fyrir bíla sem eru knúnir áfram af jarðefnaeldsneyti. Aðgerðir sem þessar munu í fyllingu tímans skipta sköpum.

**Ríkisvaldið getur með margvíslegum hætti ýtt undir skynsamlegt val.**

Halldór







## Frá degi til dags

**Metfjöldi kvenna í stjórninni**
**Líkur eru á að sjö konur verði í nýrri ríkisstjórn, en aðeins fjórir karlar. Þegar er ljóst að í stjórninni verða tvær konur frá Sjálfstæðisflokki, þær Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir og Sigríður Á. Andersen. Katrín Jakobsdóttir og Svandís Svavarsdóttir verða ráðherrar Vinstri grænna. Ekki hefur komið fram hvert þriðja ráðherraefni flokksins er þótt sterkur grunur hafi leikið á um Lilju Rafneyju Magnúsdóttur. Hún er oddviti í landsbyggðarkjördæmi og hefur mesta þingreynslu þingmanna flokksins fyrir utan Svandísi, Katrínu og Steingrím sem verður þingforseti. Sterkar líkur eru á því að allir þrír ráðherrar VG verði konur.**

**Þórunn líkleg sem ráðherra**
**Ekki liggur heldur fyrir hvert þriðja ráðherraefni Framsóknarflokksins er, auk Lilju Alfreðsdóttur og Sigurðar Inga Jóhannssonar. Þau Willum Þór Þórsson, Ásmundur Einar Daðason og Þórunn Egilsdóttir keppa um stólinn. Þórunn hefur oftast verið nefnd en hún þykir hafa styrkt stöðu sína verulega í flokknum með því að fara gegn Sigmundi Davíð í baráttu um oddvitasætið í Norðausturkjördæmi áður en flokkurinn klofnaði. Verði Þórunn fyrir valinu verða tvær konur í ráðherraliði Framsóknarflokksins.**
**adalheidur@frettabladid.is**

## Opið bréf til samgönguráðherra



Ásgeir Magnússon
sveitarstjóri Mýrdalshrepps

Grein þessi er reyndar líka til samgönguráðs, Vegagerðarinnar og allra þingmanna sem í nýliðnum kosningum lofuðu að leggja áherslu á uppbygginu innviða og þar með samgöngumál.

Fyrir skemmstu varð enn einu sinni stórslys við brúna yfir Jökulsá á Sólheimasandi og segja má að lukkan ein hafi ráðið því að þarna varð ekki banaslys. Tveir fólksbílar með erlendum ferðamönnum lentu saman rétt vestan brúarinnar með þeim afleiðingum að báðir bílarnir lentu stórskemmdir utan vegar og að beita þurfti klippum til að ná slösuðu fólki úr bílflökunum. Þrír farþegar voru fluttir með sjúkrabílum af slysstað og einn með þyrlu. Slysið sem þarna varð er rannsakað af lögreglunni sem slys við einbreiða brú. Kannski er erfitt að segja nákvæmlega hvað olli þessu slysi og e.t.v. ráða þarna margir samverkandi þættir, en sá eini þeirra sem við getum ráðið við eru aðstæður á þjóðveginum. Þarna er blindhæð og beygja á veginum rétt áður en komið er að einbreiðri brúnni og miklar þrengingar vegarins að brúarsporðinum. Erfiðara er að ráða við aðra þætti sem gætu haft áhrif, svo sem færð og veður og hæfni ökumanna sem e.t.v. hafa sjaldan eða aldrei ekið um svona mjóa vegi og aldrei áður séð einbreiða brú á aðalþjóðvegi.

Því miður endar þarna enn einu sinni heimsókn erlendra ferðamanna sem við núorðið byggjum að verulegu leyti afkomu okkar á, með sjúkraflutningum og sjúkrahúsvist okkar gesta. Þessu verður að linna.

Öruggt má telja að umferðin um þessa einbreiðu brú sé margföld á við flestar eða allar aðrar slíkar brýr í landinu og því verður brúin á Jökulsá á Sólheimasandi að hafa algeran forgang í því verkefni að fækka einbreiðum brúm á þjóðvegi 1. Þegar umferðarþunginn er hvað mestur fara um brúna hátt í 4.000 bílar á dag og það segir sig sjálft að þetta mannvirki þolir ekki slíka umferð. Þetta er líka fyrsta einbreiða brúin sem ferðamenn koma að á ferð sinni um landið og margir átta sig ekki á því hvernig beri að fara um slíkt mannvirki.

Kæru þingmenn, ráðherrar og stjórnendur samgöngumála í landinu, látum það verkefni að tvöfalda þessa brú ekki bíða eftir næsta banaslysi.

**Kæru þingmenn, ráðherrar og stjórnendur samgöngumála í landinu, látum það verkefni að tvöfalda þessa brú ekki bíða eftir næsta banaslysi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálssson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Samstæð sakamál II

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Á fimmtudaginn var lýsti ég því hér á þessum stað hvernig helmingaskipti gátu af sér hermangið og meðfylgjandi lögbrot án þess að stjórnvöld reyndu að skakka leikinn ef olíumálið eitt er undan skilið eins og Kristján Pétursson löggæzlumaður lýsir í sjálfsævisögu sinni Margir vildu hann feigan 1990. Siðaveiklun stjórnmálanna gat síðan af sér kvótakerfið 1985-1990 og misheppnaða einkavæðingu bankanna 1998-2003 í óþökk almennings. Alþingi ákvað að afhenda útvegsmönnum auðlindina í sjónum á silfurfati líkt og gert var nokkru síðar við olíulindir Rússlands frekar en að fylgja nærtækri fyrirmynd frá Noregi þar sem olíulindir hafa verið í óhagganlegri þjóðareigu frá öndverðu. Þegar stjórnmálamennirnir sáu að þeir höfðu komizt upp með þetta ákváðu þeir að hafa svipaðan hátt á einkavæðingu bankanna með afleiðingum sem allir þekkja. Kapallinn rakti sig sjálfur.

## Horfin tíð?

Ég vitnaði m.a. í grein Sigurðar Nordal prófessors frá 1925 þar sem hann sagði m.a.: „Eg las nýlega í erlendu riti um Íslendinga, að engin þjóð í heimi mundi vera svo grandvör og löghlýðin. Fangelsin stæði tóm og hegningardómarnir væri óvenjulega fáir í hlutfalli við mannfjölda. Þá datt mér í hug samtal, sem ég átti í fyrra við einn af helztu lögfræðingum vorum. Hann var að segja mér frá meðferð einnar íslenzkrar peningastofnunar, sem nýlega var komin í fjárþröng. Sögurnar voru svo hroðalegar, að hárin risu á höfði mér. „En er þetta ekki hegningarvert?“ spurði eg. „Það mundi það vera alls staðar nema á Íslandi,“ svaraði hann rólega. En er það ekki svo, að hér sé framinn grúi lagabrota, sem eru á almanna vitorði, en enginn hróflar við? Er ekki spillingin í þjóðfélagi voru orðin almennt umtalsefni, án þess að rönd verði við henni reist?“

Bjarni Benediktsson, síðar forsætisráðherra, tók í sama streng. Hann skrifaði Pétri bróður sínum í bréfi 1934: „Bersýnilegt er, að þjóðlífið er sjúkt. Kemur það ekki einungis fram í svikunum sjálfum, heldur einnig því, að raunverulega „indignation“ er hvergi að finna hjá ráðandi mönnum, persónuleg vild eða óvild og stjórnmálahagsmunir ráða öllu, á báða bóga, um hver afstaða er tekin. Slíkt fær ekki staðizt til lengdar. Dagar linkindarinnar og svika samábyrgðarinnar hljóta að fara að styttast.“

Nýir vitnisburðir bætast við. Guðni Th. Jóhannesson, nú forseti Íslands, segir t.d. frá ólöglegum atkvæðakaupum í ævisögu sinni um Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra. Margir kaupsýslumenn, nú síðast Sveinn R. Eyjólfsson blaðaútgefandi, hafa sagt í bókum sínum frá yfirgangi og meintum lögleysum stjórnmálamanna og embættismanna fram á síðustu ár. Hrunið 2008 opnaði augu margra þeirra sem áður höfðu kosið að hafa þau lokuð. Panama-skjölin 2016 opnuðu enn fleiri augu upp á gátt. Það sem ætti að vera horfin tíð er ennþá rammíslenzkur raunveruleiki.

Enn hallar undan fæti í dómsmálum og má um það hafa margt til marks. Hæstaréttardómarar búast nú jafnvel til að bítast fyrir rétti þar eð sitjandi dómari í réttinum hefur stefnt fv. dómara fyrir meiðyrði. Síðar nefndi dómarinn veitir fv. meðdómurum sínum ákúrur og sakar þá um ýmis brot í starfi. Enn annar dómari telur á hinn bóginn hugsanlegt að dómarinn fv. hafi gert sig sekan um hegningarlagabrot. Ekki er vitað hvort hugsanlegt hegningarlagabrot dómarans fv. er í rannsókn. Hvað á venjulegu fólki að finnast sem þarf að sækja rétt sinn til Hæstaréttar þegar svona er ástatt?

## Jafnræði fyrir lögum

Ástandið í Hæstarétti speglar ástand Alþingis. Mál eru látin fyrnast líkt og gerðist í olíumálinu fyrir meira en hálfri öld eða rannsókn þeirra er klúðrað eins og t.d. í málverkafölsunarmálinu. Frekar en að reyna að berja í brestina er Alþingi sjálft hluti vandans. Það kom berlega í ljós þegar þingið samþykkti í desember 2012 að láta fara fram rannsókn á einkavæðingu bankanna en lét síðan ekki af slíkri rannsókn verða. Vanræksla Alþingis er bagaleg vegna gruns um lögbrot við einkavæðinguna og einnig vegna gruns um að bankarnir hafi stundað fjárböðun fyrir Rússa.

> **Efni símtalsins á brýnt erindi við almenning því þar kemur fram að Seðlabankinn ákvað að lána Kaupþingi 500 milljónir evra og bankastjórinn segir í símann: „Ég býst við því að við fáum ekki þessa peninga til baka.“ Dómstólar þurfa að fjalla um hvort háskalánveiting af þessu tagi feli í sér umboðssvik eða önnur brot.**

Alþingi bað um aðgang að símtali seðlabankastjóra og forsætisráðherra 6. september 2008. Seðlabankinn færðist undan en afhenti gögnin sérstökum saksóknara og þaðan virtust þau leka í Kastljós RÚV í fyrra. Ekki er vitað hvort sá gagnaleki var rannsakaður. Kjarninn höfðaði nýlega mál gegn Seðlabankanum og krafðist aðgangs að gögnunum og þá birtir Morgunblaðið skyndilega gögnin, bersýnilega stolin, eins og ekkert sé sjálfsagðara. Vænta má að yfirvöldin séu að rannsaka gagnastuldinn úr Seðlabankanum nema þau séu þeim mun uppteknari við að taka skýrslur af blaðamönnum Stundarinnar sem birtu upplýsingar um verðbréfaviðskipti formanns Sjálfstæðisflokksins úr gögnum sem var lekið úr Glitni og máttu una lögbanni sem bíður úrskurðar dómstóla.

Skyldu yfirvöldin hafa áhyggjur af því að fólkið í landinu kunni að efast um jafnræði þegnanna fyrir lögum?

Gagnastuldurinn úr Seðlabankanum er samt aukaatriði. Efni símtalsins á brýnt erindi við almenning því þar kemur fram að Seðlabankinn ákvað að lána Kaupþingi 500 milljónir evra og bankastjórinn segir í símann: „Ég býst við því að við fáum ekki þessa peninga til baka.“ Dómstólar þurfa að fjalla um hvort háskalánveiting af þessu tagi feli í sér umboðssvik eða önnur brot. Til að svo megi verða þarf að hefja rannsókn málsins í tæka tíð því annars fyrnist málið með gamla laginu 6. september 2018.



# Tækifærin liggja í heimaþjónustu



Margrét Guðnadóttir
hjúkrunarfræðingur

Umræða um yfirflæði á sjúklingum á Landspítala er hávær. Lausnin er sögð aukið fráflæði spítalans sem vísar til hraðari útskrifta. En takmarkast þó af skorti á úrræðum eins og hjúkrunarrýmum og heimaþjónustu. Útskrift skjólstæðinga aftur til síns heima er markmiðið og flestir vilja komast aftur heim, að því gefnu að þeir fái þá aðstoð og þjónustu sem þörf er á. Aukin heimaþjónusta er vannýtt auðlind og í henni liggja tækifærin.

Heimaþjónusta er hugsuð til að koma til móts við grunnþarfir einstaklinga sem misst hafa færni í sjálfsumönnun og gera fólki kleift að búa lengur heima með reisn. Þróunin hefur verið sú að með auknum lífaldri þjóðfélagsþegna og hraðara gegnumstreymi á sjúkrahúsum, útskrifast einstaklingar veikari heim, með fjölþætta sjúkdóma og flóknari þarfir. Það kallar á breyttan fókus í heimaþjónustu og aukna þekkingu starfsfólks og færni til að takast á við flókin heilsufarsvandamál.

Meginmunur á umönnun fólks í heimahúsi og á sjúkrastofnunum er að einstaklingnum er mætt í hans eigin umhverfi. Í því felst mikil fegurð. Reynslan sýnir að inni á heimilinu er skjólstæðingurinn öruggari með sig, með sterkara sjálf, sjálfstæðari í hugsun og sýnir aukna sjálfsbjargarviðleitni í athöfnum daglegs lífs. Starfsmenn sem koma til aðstoðar á heimili veita ráðgjöf, styrkingu og aðstoð við daglegar athafnir en eru alltaf háðir vilja og samvinnu þeirra sem þjónustuna þiggja.

Þjónusta sem veitt er í heimahúsum byggir á víðtækri þekkingu og sjálfstæðum vinnubrögðum starfsfólks. Starfsmenn koma yfirleitt einir í vitjun til skjólstæðinga sinna. Samstarfsmenn eru ekki í kallfæri líkt og á sjúkrastofnunum. Ábyrgð hvers starfsmanns til mats og meðferðar er því meiri en ella. Að meta ástand, einkenni, framför eða afturför á líðan og heilsu einstaklinganna og hvenær sé tímabært að leita frekari ráðgjafar eða meðferðar byggir á klínískri færni og öryggi í vinnubrögðum starfsmanna. Fyrir hjúkrunarfræðing í heimahjúkrun er þetta mikil fagleg áskorun en jafnframt það sem gerir starfið heillandi.

**Mikil áskorun**

Árlega fá um 2.300 einstaklingar aðstoð heimahjúkrunar í Reykjavík. Hver teymisstjóri hjúkrunar ber ábyrgð á um 50-80 skjólstæðingum hverju sinni, misjafnt eftir hverfum borgarinnar. Staða hjúkrunarfræðings er krefjandi og að halda utan um alla þræði umönnunar hvers einstaklings er mikil áskorun. Meta þarf og leggja upp meðferð á hverjum tímapunkti, bregðast við breytingum á þörfum og vita hvert á að leita eftir sérfræðiráðgjöf. Hjúkrunarfræðingar í heimahjúkrun eru í náinni samvinnu við aðra heilbrigðisstarfsmenn á spítala, göngudeildum, heilsugæslu eða sérfræðistofum. Þeir veita sérhæfða hjúkrunarmeðferð í heimahúsum ásamt því að stýra og leiðbeina öðru starfsfólki með umönnunarverkefni.

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar bera uppi þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er í heimahúsum í náinni samvinnu við félagslega heimaþjónustu. Verkefni flæða á milli þjónustustiga hjúkrunar og félagsþjónustu eftir því hver þörfin er á hverjum tíma. Útskriftir á veikari einstaklingum af spítala og seinkun á flutningi yfir á hjúkrunarheimili hefur aukið hjúkrunarþyngd í heimaþjónustu til mikilla muna. Einstaklingar þurfa umfangsmeiri umönnun og flóknari meðferðir á heimilum sínum. Illviðráðanlegir verkir, sýkingar, flókin hjálpartæki, næringarvandamál og skert hreyfigeta eru dagleg verkefni á herðum starfsmanna heimaþjónustu. Flóknir sjúkdómar á borð við hjartabilun, taugahrörnun, sykursýki og heilabilun eru algengir og mikilvægt að starfsfólk hafi víðtæka þekkingu á þeim og kunni að bregðast við breytingum á ástandi.

Flóknari aðstæður krefjast meiri kunnáttu og meiri tíma til að sinna verkefnum. Aukinn fjöldi hrumra aldraðra í heimahúsum felur í sér þörf á enn fleira sérhæfðu starfsfólki heimahjúkrunar. Fráflæði Landspítala er vandamál í dag en með aukningu á mannafla til heimahjúkrunar yrði dregið úr þeim vanda strax á morgun.

Umönnun í heimahúsi er heillandi umhverfi með krefjandi áskorunum fyrir metnaðarfullt starfsfólk. Í heimahjúkrun liggja tækifærin í faglegri þróun hjúkrunarfræðinga landsins og möguleikar fólks með heilsubrest til að búa lengur heima með reisn.

Jólagjafahandbókin er komin út




lyfja.is
LYFJA – Lifið heil

# Mikilvægi menntunar í verðmætasköpun við framleiðslu matvæla



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands



Sveinn Margeirsson
forstjóri Matís

Á milli Matís og Háskóla Íslands ríkir gott og farsælt samstarf. Samningur er í gildi um kennslu og rannsóknir og gengur hann m.a. út á samnýtingu aðfanga og innviða, samstarf um rannsóknir og uppbyggingu mannauðs með það að markmiði að vera í fararbroddi á lykilfræðasviðum fyrir íslenskt samfélag. Hagsæld og velferð á Íslandi byggist að miklu leyti á sjálfbærri auðlindanýtingu til lands og sjávar og er í því sambandi mikilvægt að mennta og þjálfa hæfileikaríkt fólk á sviði matvælafræði, verkfræði, lífefnafræði og fleiri greina til að byggja undir verðmætasköpun til framtíðar.

Samningurinn á milli Háskóla Íslands og Matís lagði grunninn að eflingu fræðilegrar og verklegrar menntunar á sviði matvælarannsókna og matvælaöryggis auk samstarfs á öðrum sviðum kennslu og rannsókna. Alls hafa 64 meistaraverkefni og 23 doktorsverkefni verið unnin á vettvangi Matís frá 2007, langflest með Háskóla Íslands.

> Með dýrmæta reynslu í farteskinu og óbilandi trú á gildi vísinda til framþróunar stefna Matís og Háskóli Íslands á áframhaldandi öflugt samstarf á næstu árum.

**Aukin fjölbreytni**

Sem dæmi um verðmæti sem skapast hafa í tengslum við samstarfið má nefna margt í starfi matvæla- og næringarfræðideildar Háskóla Íslands. Fólk sem starfar bæði hjá Matís og háskólanum, og sinnir sameiginlegum verkefnum beggja stofnana og samnýtir tæki og aðstöðu, hefur lagt grunninn að margvíslegri nýsköpun í íslenskum matvælaiðnaði. Alls hafa níu doktorsverkefni og 30 meistaraverkefni í matvæla- og næringarfræði við Háskóla Íslands verið unnin hjá Matís frá árinu 2007. Þessi verkefni leiða til öflugri mannauðs í íslenskum matvælaiðnaði, nýrra ferla, vöruþróunar og aukinnar fjölbreytni fyrir íslenska neytendur.

Samstarf um kennslu og rannsóknir í matvælafræði á sér langa sögu sem er samofin framfarasögu íslensks matvælaiðnaðar frá stofnun matvælafræðiskorar Háskóla Íslands árið 1978. Í kjölfar endurskipulagningar námsins árið 2011 hefur nemendum fjölgað verulega og eru þeir um 70 talsins í dag. Lögð er áhersla á hagnýtt nám sem er í góðum tengslum við atvinnulífið. Rannsóknaverkefni miðast að þörfum fyrirtækja og er lögð áhersla á miðlun niðurstaðna í formi nýrrar þekkingar eða þróunar á vörum og ferlum.

Atvinnulíf og samfélag hafa mikla þörf fyrir fólk með góða menntun. Skýr vitnisburður um það er að útskrifaðir nemendur úr matvælafræði fá nær undantekningarlaust vinnu að loknu námi sem tengist lífhagkerfinu, hjá matvælafyrirtækjum eða við rannsóknir og eftirlit. Í sumum tilfellum hafa nemendur stofnað sín eigin fyrirtæki enda er hvatt til þess í náminu með þjálfun í nýsköpun, gerð viðskiptaáætlana og þátttöku í nýsköpunarkeppninni Ecotrophelia Europe, m.a. í samstarfi við Samtök iðnaðarins.

**Sjálfbær nýting lífauðlinda**

Sjálfbær matvælaframleiðsla er lykill að því að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Inn í samstarf Matís og Háskóla Íslands fléttast einnig samstarf við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfræktur er hér á landi og hefur m.a. stutt fimm doktorsnema til að ljúka námi við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands í samstarfi við Matís. Ísland er meðal fremstu sjávarútvegsþjóða í heimi og hefur svo sannarlega margt fram að færa til aukins fæðuöryggis og velferðar í þróunarlöndum.

Með dýrmæta reynslu í farteskinu og óbilandi trú á gildi vísinda til framþróunar stefna Matís og Háskóli Íslands á áframhaldandi öflugt samstarf á næstu árum. Meðal áhersluatriða þess samstarfs verður nauðsynleg innviðauppbygging á sviði matvæla og rannsóknir sem miða að sjálfbærri nýtingu lífauðlinda til lands og sjávar.

# Áreitni og launamunur kynjanna eru nátengd fyrirbæri



Drífa Snædal
framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands

> Við þurfum að hugsa upp á nýtt. Öryggismál snúa líka að því að starfsumhverfið sé laust við áreitni og ofbeldi af hendi viðskiptavina, vinnufélaga, birgja og yfirmanna. Það er það svo sannarlega ekki í dag.

Við höfum lengi talið öryggismál á vinnustöðum fjalla um að vera í öryggisbelti, hafa hjálm á höfði, fara í slysavarnaskóla og girða fyrir fallhættu. Við þurfum að hugsa upp á nýtt. Öryggismál snúa líka að því að starfsumhverfið sé laust við áreitni og ofbeldi af hendi viðskiptavina, vinnufélaga, birgja og yfirmanna. Það er það svo sannarlega ekki í dag.

Um helmingur kvenna í þjónustustörfum verður fyrir kynferðislegri áreitni í störfum sínum og um fjórðungur karla. Hvaða afleiðingar hefur það fyrir ungar stúlkur sem eru að stíga sín fyrstu spor á vinnumarkaðnum? Um þriðjungur kvenna, sem hafa orðið fyrir áreitni, segir það hafa áhrif á öryggistilfinningu sína en karlar upplifa þetta ekki sem skert öryggi.

Hvað gera konur þegar þær upplifa sig ekki öruggar á vinnustað? Þær hætta í vinnunni, reyna að forðast óöryggi, hafa sig hægar til að draga úr líkunum á áreitni, skrá sig veikar o.s.frv. Allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á framgang í starfi, sjálfsöryggi og stöðu á vinnumarkaði. Kona sem verður fyrir áreitni af hendi yfirmanns er ekkert sérstaklega líkleg til að standa uppi í hárinu á honum og krefjast launahækkunar. Karl í yfirmannsstöðu sem áreitir undirmenn sína er ekkert sérstaklega líklegur til að virða jafnrétti í stöðuveitingum og launaákvörðunum.

**Ábyrgð vinnustaða**

Það hversu áreitni er útbreidd hér á landi og annars staðar segir okkur að það sé hluti af menningunni og er leyft að viðgangast. #metoo byltingin hefur opnað augu okkar og gert það að verkum að það er ekki lengur hægt að stinga höfðinu í sandinn. Afleiðingarnar eru líka hluti af menningunni. Konur eru frekar líklegar til að verða öryrkjar, síður líklegar til að ná framgangi á vinnumarkaði og launamunur kynjanna hér á landi er 16%. Allt er þetta hluti af menningu okkar og allt er þetta nátengt. Baráttan fyrir öryggi á vinnustöðum er því baráttan fyrir bættri stöðu kvenna á vinnumarkaði og útrýmingu launamunar kynjanna.

Það er langt í land en við getum gert ýmislegt til að ná landi. Við getum tekið mark á því þegar þolendur segja frá. Við getum gert athugasemdir þegar við verðum vitni að áreitni. Við getum krafist þess að vinnustaðir setji sér áætlanir um forvarnir og aðgerðir (sem þeir eiga reyndar að gera lögum samkvæmt) og við getum menntað og frætt fólk um hvernig eigi að bregðast við, hvað er í lagi og hvað er ekki í lagi. Það er á ábyrgð vinnustaða að tryggja öryggi starfsfólks hvort sem það lýtur að umgengni við hættuleg efni, fallhættu, slysahættu eða ofbeldi í hvaða mynd sem það birtist. Svo einfalt er það!



Hver er þér svo kær?
NÓA Konfekt
GOTT AÐ GEFA – HIMNESKT AÐ ÞIGGJA

# Sóknin er besta vörnin



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Það var sérlega ánægjulegt að lesa fréttina af sauðfjárbændunum í Árdal í Kelduhverfi á dögunum sem ákváðu að vinna allt sitt kjöt sjálf í haust og taka sölumálin í sínar eigin hendur. Þannig tókst þeim að selja alla sína lambakjötsframleiðslu á aðeins tveim dögum, alls 130 skrokka, og að sögn bændanna fengu þau meira en 100% hærra verð fyrir hvert kíló af dilkakjötinu miðað við verðskrá sinnar afurðastöðvar, að frádregnum öllum tilkostnaði. Þó að þessi leið sé eflaust ekki öllum bændum fær í núverandi árferði þá er þetta lítið dæmi um hvað er hægt að gera ef viljinn er fyrir hendi og stjórnmálamenn eru ekki að þvælast fyrir að óþörfu. Það sama mætti segja um afurðastöðvarnar en umhverfi þeirra þarfnast endurskoðunar þannig að þær styðji betur við bæði bændur og neytendur.

Fleiri dæmi væri hægt að nefna um ýmis úrræði sauðfjárbænda síðustu vikur eftir að bændaforystan hafnaði aðstoð stjórnvalda vegna alvarlegrar stöðu greinarinnar. Umræðan, sem upphaflega snerist að mestu um mögulegt inngrip hins opinbera og harða gagnrýni á undirritaða, færðist á endanum yfir í afar uppbyggilega umræðu um hvað greinin gæti gert sjálf til að bæta meðal annars vöruþróun og markaðssetningu. Vonandi tekst komandi ríkisstjórn að byggja á því samtali og bæta þannig starfsumhverfi greinarinnar til framtíðar þannig að nauðsynlegur stuðningur við greinina nýtist bændum og neytendum sem best. Tækifærin eru sannarlega til staðar en á þessu sviði eins og fleirum þarf að ráðast að rót vandans og hætta að setja kíkinn fyrir blinda augað.

Hið sama gildir um mjólkuriðnaðinn á Íslandi sem stendur traustum fótum og er í miklum sóknarhug samanber viðtal við forstjóra MS og formann atvinnuveganefndar hins markaðssinnaða Sjálfstæðisflokks þar sem hann lýsir metnaðarfullum útrásardraumum fyrirtækisins. Fyrirtæki, sem nýtur einokunaraðstöðu innanlands og hefur burði í slíkar fyrirætlanir hlýtur að teljast tilbúið til að losa sig við hjálpardekkin sem reyndust nauðsynleg fyrir greinina til að hagræða sem skyldi á sínum tíma. Með því á ég auðvitað við að rétt sé að færa greinina undir almenn samkeppnislög og tryggja þannig að allir sitji við sama borð. Það er ekki þar með sagt að greinin geti ekki nýtt sér undanþáguákvæði, líkt og gert er á fjarskiptamarkaði og víðar en í þeim efnum þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig í samstarfi við Samkeppniseftirlitið og í samræmi við almenn samkeppnislög. Viðhald sérreglna til nánast eins fyrirtækis á ekki lengur við í íslensku samfélagi. Þetta eiga allir að sjá sem hafa fylkt sér utan um hugsjónir um frjálst og opið markaðssamfélag.

Það hefur verið sannkallaður heiður að vera landbúnaðarráðherra það sem af er ári. Það er auðvitað ekkert launungarmál að ég hef nálgast starfið með öðrum hætti en forverar mínir og eflaust hefði ég mátt vanda mig betur í ýmsum samskiptum. Eftir stendur sú staðreynd að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands starfa í þágu allra landsmanna en ekki einungis ákveðinna hópa eftir því hvaða ráðuneyti á í hlut. Þetta er sérlega mikilvægt þegar kemur að ráðuneytum sem útdeila háum fjárhæðum úr okkar sameiginlegu sjóðum eða fara með stjórn á auðlindum þjóðarinnar. Með þessa sýn að leiðarljósi hafði ég lagt drög að því að breyta sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu í matvælaráðuneytið. Var það liður í að klippa enn frekar á strengi hagsmunaafla sem of lengi hafa haft of greiðan aðgang að pólitískum ákvörðunartökum ráðuneytisins en ekki síður var það liður til að undirbúa þessar mikilvægu atvinnugreinar til frekari sóknar inn í framtíðina. Því tækifærin eru sannarlega gríðarleg.

**Vonandi tekst komandi ríkisstjórn að byggja á því samtali og bæta þannig starfsumhverfi greinarinnar til framtíðar þannig að nauðsynlegur stuðningur við greinina nýtist bændum og neytendum sem best.**

# Eftirlit á brauðfótum



**Þröstur Ólafsson**
hagfræðingur

Á upphafsárum nýfrjálshyggjunnar reið alda fordæmingar á opinberu eftirliti yfir land og lýð. Í stað eftirlitsstofnunar var starfsemin uppnefnd eftirlitsiðnaður, sem átti að gefa í skyn að það sem þarna færi fram, væri atvinnustarfsemi, en ekki opinber þjónusta. Starfsemin var talin allt of dýr, fánýt og væri verkefni einkaaðila. Þjónustan sögð þvælast fyrir skjóthyggjumönnum sem þurftu að hafa hraðan á.

Stofnanir sem höfðu það hlutverk að verja borgarana og veita aðhald voru gerðar að óvinum atvinnulífsins, sem sóuðu skattpeningum almennings. Um þær lék neikvætt umtal; þær áttu í vök að verjast. Þeir sem voru á öndverðum meiði og töldu eftirlit nauðsynlegt til að styrkja heilbrigða viðskiptahætti og vernda almenning gegn misgjörðum, urðu úti í því gjörningaveðri sem svokölluð stuttbuxnadeild Sjálfstæðisflokksins stóð fyrir.

Tíminn leið. Að stjórnartaumum komu ríkisstjórnir sem voru brennimerktar nýfrjálshyggju, sem gefa vildu flest viðskiptasvið og margar mannlegar athafnir markaðinum á vald. Aðeins alfrjáls og óheftur markaður væri hin sanna árangursviðmiðun samfélagsins. Hann myndi leiða frelsi og farsæld yfir mannfólkið. Við tók hömlulaus markaðsátrúnaður, altekinn skjótgróðahyggju. Þetta urðu grunngildi íslensks samfélags. Án þeirra ekkert algert hrun. Síðan hafa fyrrnefnd gildi að vísu bliknað, en eru þó enn fyrirferðarmikil.

### Löggildingarstofan aflögð

Ekki skorti að okkur hafði verið talin trú um að eftirlit væri haft með umsvifum fjármálastofnana áratuginn fyrir hrun. Fylgst væri glöggt með framferði þeirra. Við þyrftum ekkert að óttast. Fjármálaeftirlitið væri á verði. Þegar við kaupum eldsneyti á bílana okkar eða matvæli eftir vog, þá treystum við því að mælar bensínstöðvanna séu réttir svo og vogir verslananna. Til að fylgjast með að svo væri var Löggildingarstofan sett á stofn. Það fyrirkomulag var síðar ekki talið henta vinnubrögðum frjáls markaðar. Verkefnum stofnunar gætu einkaaðilar sinnt. Þeir sem selja vöru skyldu sjálfir sjá til þess að mælarnir væru í lagi. Löggildingarstofan var því lögð niður.

Nú eru „mælaeftirlitsmenn“ trúnaðar- og starfsmenn olíufélaganna! Ekki alls fyrir löngu vöktu fjölmiðlar athygli okkar á meðferð fiðurfugla og svína. Sýndar voru heldur óskemmtilegar myndir af vannærðum, grindhoruðum og illa útlítandi dýrum sem virtust pínd áfram til að „framleiða“ matvæli ofan í okkur. Þegar matvælaeftirlitsstofnunin (Matís) var spurð álits virtist hún koma af fjöllum. Stofnunin hafði, því miður, ekki fylgst með þessu. Þar á bæ hörmuðu menn atvikið og lofuðu bót og betrun.

Þessi stofnun var og er undirstofnun landbúnaðarráðuneytisins, sem er hagsmunagæslustofnun framleiðenda landbúnaðarvara. Það gefur augaleið að slík stofnun er ekki að hnýsast ofan í „innri mál“ framleiðenda.

Þegar verið var að festa núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi í sessi var það talið eitt af úrslitaatriðum að landaður afli yrði alls staðar viktaður með sama hætti, væri það ekki gert yrðu aflatölur óvissar og ekki samanburðarhæfar. Fiskistofu var falið að sjá til þess að svo yrði. Nú kemur í ljós að ekkert eftirlit er með því hvernig útgerðarmenn haga viktun. Stofnunin virðist hafa fengið á sig brotsjó og glatað starfshæfni sinni, þökk sé fruntalegri aðför ráðherra að henni. Útgerðarmönnum virðist í sjálfsvald sett, hvaða aflatölur þeir gefa upp. Eftirlitið er ónýtt.

### Mældu rétt, strákur!

Mýmörgum dæmum mætti bæta hér við, sem sýna hryggðarmynd opinberrar eftirlitsstarfsemi hérlendis. Því miður hefur þetta ekki gerst óvart, heldur er þetta hluti af þeirri pólitísku hugmyndafræði, sem telur eftirlit skaðlegt. Í löndum með þroskað viðskiptasiðferði skiptir viðurkennt eftirlit miklu máli, því mikið er í húfi fyrir atvinnulífið. Ef ekkert er að marka hve mikill afli kemur upp úr sjónum, þá er sjálft fiskveiðistjórnkerfið í hættu. Ef við glötum yfirsýn yfir aflamagnið þá vitum við ekkert um sjálfbærni kerfisins. Sjálftaka gæti orðið ríkjandi. Af fenginni reynslu er ekki líklegt að mikið traust ríki í garð slíks fyrirkomulags.

Sömu sögu má segja um önnur þau svið sem skipta almenning máli að aðhald sé virkt. Við viljum að lög og reglur séu virtar. Höfum komið á fót margs konar stofnunum til að fylgjast með að farið sé eftir þeim. Þegar þessar stofnanir bregðast í ríkum mæli þá er voðinn vís. Gagnvart slíkum kerfisbresti er almenningur varnarlítill.

**Nú kemur í ljós að ekkert eftirlit er með því hvernig útgerðarmenn haga viktun. Stofnunin virðist hafa fengið á sig brotsjó og glatað starfshæfni sinni, þökk sé fruntalegri aðför ráðherra að henni. Útgerðarmönnum virðist í sjálfsvald sett, hvaða aflatölur þeir gefa upp. Eftirlitið er ónýtt.**

# Stytta nýir vegir ferðatíma?



**Óli Örn Eiríksson**
sérfræðingur í atvinnuþróun hjá Reykjavíkurborg

Undanfarna mánuði hefur verið frjó umræða um nýtt hraðvagnakerfi á höfuðborgarsvæðinu, Borgarlínu, þar sem eitt sjónarmiðið hefur verið að núverandi hugmyndir séu of dýrar og þess í stað ætti að leggja aukið fjármagn í að greiða frekar fyrir för bifreiða til dæmis með fleiri mislægum gatnamótum.

Gæti verið að við værum miklu fljótari í og úr vinnu ef við byggjum „bara“ nokkrar aukaakreinar og mislæg gatnamót við stofnbrautir eins og Miklubraut og Kringlumýrarbraut?

Fyrir meira en hálfri öld vakti þýski stærðfræðingurinn Dietrich Braess athygli fyrir rannsóknir sínar á umferðarflæði í Þýskalandi. Braess safnaði gögnum um umferðartíma og fjölda bíla á vegum og skoðaði í kjölfarið áhrif nýrra vegaframkvæmda á þessar stærðir. Þegar hann fór að greina gögnin kom í ljós undarlegt ósamræmi. Þegar nýr vegur var opnaður, sem hefði átt að stytta umferðartíma og bæta umferðarflæði, þá gerðist einmitt hið gagnstæða. Ferðatími jókst og það voru fleiri bílar í umferð. Nýju vegirnir virtust búa til umferð.

Þetta samhengi hefur síðar verið ítrekað staðfest. Í einni þekktustu greiningunni (Turner og Duranton, 2009) skoðuðu höfundar akstur (fjölda ekinna vegmílna) í nokkrum borgum í Bandaríkjunum og báru saman borgir sem höfðu fjárfest mikið í vegakerfi sínu við borgir sem gerðu það ekki.

### Draga ekki úr umferð

Niðurstöður þeirra voru að fylgni á milli nýrra vega og aukins aksturs var næstum 100%. Það þýðir að ef borg fjölgaði kílómetrum af vegum um 10% á rannsóknartímabilinu þá jukust eknir kílómetrar á sama tíma um 10%. Akvegir skapa umferð í borgarsamfélögum, þeir draga ekki úr henni.

Aukið framboð af ódýrum akvegum (í tíma og kostnaði) hvetur til aksturs. Eftirspurn eftir akstri er gríðarleg. Fólk hefur mikinn áhuga á því að fara milli staða; sýna sig og sjá aðra, versla, hreyfa sig og stunda tómstundir. Fjölmörg fyrirtæki vilja koma vörum og þjónustu á áfangastað. Ef það eru ódýrir vegir í boði þá mun eftirspurn finna þá og fylla.

Fólk þekkir þetta betur sem geymslu-þversögnina. Sama hversu stór geymslan þín er, hún er alltaf full. Þó geymslan sé stækkuð eykst magn mikilvægra dýrgripa alltaf um jafn mikið rúmmál og er skapað. Eina leiðin út úr vandanum er að minnka geymsluplássið, þá er forgangsraðað upp á nýtt og heimilið lifir einhvern veginn af þrátt fyrir að hafa losað sig við fjölda ómissandi hluta.

Þetta vekur aðra spurningu: getum við minnkað umferð með því að fækka vegum? Það þekkjast nokkur dæmi um neikvæð Braess-áhrif þar sem lokun vega bætir umferðarflæði. Þá verður lokunin til þess að væntur ferðakostnaður hækkar, fólk á von á því að það verði tímafrekara og dýrara að keyra milli staða, og hættir því við að fara einhverjar ferðir á bíl. Umferðin gufar upp.

Eitt þekktasta dæmið er Times Square. Á torginu mættust áður tvær stórar götur, 90% landrýmis fóru undir bíla sem keyrðu hratt og slys voru tíð þar sem fjöldi fólks freistaðist út á götu vegna mannþröngar á gangstéttum. Árið 2009 var lokað fyrir bílaumferð og svæðinu breytt í torg. Þetta mætti mikilli andstöðu og talið að breytingin myndi valda töfum á umferð og minnkandi veltu í verslunum og veitingastöðum.

Umferð var mæld vandlega fyrir og eftir breytingarnar. Niðurstöðurnar voru nokkuð afgerandi. Ferðahraði jókst á flestum leiðum, umferðaróhöppum fækkaði um 63% og slysum á gangandi vegfarendum fækkaði um 35%. Ári eftir lokunina var hún fest í sessi.

**Ef markmiðið er að stytta ferðatíma milli úthverfa og miðborgar þá sýna fyrirliggjandi gögn að nýir og stærri vegir skila ekki því markmiði. Þvert á móti þá munu þeir auka umferð og lengja ferðatíma.**

Það er lykilatriði í allri umræðu um innviðafjárfestingar að skýrt sé í upphafi að hvaða árangri sé stefnt. Ef markmiðið er að stytta ferðatíma milli úthverfa og miðborgar þá sýna fyrirliggjandi gögn að nýir og stærri vegir skila ekki því markmiði.

Þvert á móti þá munu þeir auka umferð og lengja ferðatíma.

**visir.is** Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.

# AFMÆLISDAGAR

FIMMTUDAGINN 30.NÓV TIL
SUNNUDAGSINS 3.DES

Tékk KRISTALL







## 20%
## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

GLÆSILEG GJÖF
FYLGIR KAUPUM EF VERSLAÐ
ER FYRIR KR.10.000 +

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST





**OPNUNARTÍMI:**

| | |
|---|---|
| MÁN-FÖS | FRÁ KL.11:00 – 18:00 |
| LAUGARDAGA | FRÁ KL.11:00 – 17:00 |
| SUNNUDAGA | FRÁ KL.13:00 – 17:00 |

**ATHUGIÐ! Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum**

Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími 568 9955

# KRÓNAN

LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic




**399** kr. pk.

Grön Balance klementínur 750 g, Spánn

KRÓNAN
GJAFAKORTIÐ ÞITT



Klementínur 950 g, Spánn

**399** kr. pk.




Ódýrt

Klementínur 2,3 kg, Spánn

**679** kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 4. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN



Ódýrt

Lindor kúlur, 200 g

**649** kr. pk.





Ódýrt

931 kr. kg

**2699** kr. pk.

Quality Street, 2,9 kg



Celebrations 380 g

**699** kr. pk.

# KRÓNAN



-20%

## 3999 kr. kg
**Lambafile með fituröndd**

**Verð áður ~~4999~~ kr. kg**



-30%

## 1189 kr. kg
**Stjörnugrís Bayonneskinka**

**Verð áður ~~1698~~ kr. kg**

Gott verð!




## 999 kr. stk.
**Franskar Berberie andarbringur, 300 g**

**Verð áður ~~1199~~ kr. stk.**

Nýtt!




## 3499 kr. kg
**SS Taðreykt læri úrbeinað**

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 4. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN




Gerðu þitt eigið

## Jóla HLAÐ BORÐ

## Fyrir 8 manns

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Silfur hafsins, rauðvíns- og appelsínusíld 240g<br>BB rúgbrauð, 270g | 799 kr. stk.<br>238 kr. pk. |
| 2 | Tilbúin heit purusteik<br>Kjötkompaní rauðvínssósa, 700 ml | 1999 kr. kg<br>1490 kr. stk. |
| 3 | Eðalf. Graflax í sneiðum, 200 g<br>Eðalf. Graflaxsósa , 150ml | 869 kr. pk.<br>239 kr. stk. |
| 4 | Kaldur hamborgarhryggur í sneiðum<br>Gestus kartöflusalat , 400g | 2699 kr. kg<br>499 kr. stk. |
| 5 | Kræsingar hreindýrapate<br>Kræsingar Cumberland sósa, 100g | 1299 kr.kg<br>599 kr. stk. |
| 6 | Esju reyktar andabringur<br>Kokkarnir rauðlaukssulta, 180g | 5599 kr. kg<br>699 kr. stk. |
| 7 | VSOC Gouda ostur 12 mán.<br>DGF rifsberjasulta, 650g | 999 kr. stk.<br>360 kr. stk. |
| 8 | Hangikjöt soðið, í sneiðum<br>Rauðkál | 3299 kr. kg<br>299 kr. stk. |
| 9 | Snittubrauð<br>Lúxus laufabrauð, 130g | 189 kr. stk.<br>879 kr. pk. |

=

**Allt þetta undir**

# 2000*

**kr. á mann**

*miðað við 150 g af andabringu, 600 af hangikjöti og hamborgarhrygg og 200 g af hreindýrapaté

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 4. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Nánar á kronan.is













# Þétting byggðar ekki að ná fram að ganga



**Sölvi Sturluson**
viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka

## Skráðar fullgerðar íbúðir og íbúðir í byggingu í Reykjavík




Byggð hefur þynnst verulega undanfarna þrjá áratugi eða svo og fer nú meira landrými undir hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins en nokkru sinni fyrr. Um þessar mundir eru um 35 íbúar á hverjum hektara en til samanburðar voru um 54 íbúar á hvern hektara á árinu 1985.

Nýjar tölur Samtaka iðnaðarins (SI) sýna fjölgun íbúða í byggingu frá fyrri talningu í febrúar á þessu ári og er mesta aukningin í Reykjavík. Þetta eru jákvæðar fréttir en þar með er ekki öll sagan sögð því áætlaður fjöldi fullkláraðra eigna inn á markaðinn til loka árs 2020 er um 800 færri m.v. fyrri spá SI frá því í febrúar. Ástæðan er sögð lengri byggingartími vegna áherslu á þéttingu byggðar sem eykur flækjustig í framkvæmd. Þetta er áhyggjuefni enda verða miklar íbúðaverðshækkanir að undanförnu að mestu skýrðar með ónógu framboði nýs íbúðarhúsnæðis.

Þau sveitarfélög sem eru að stækka hraðast þessi misserin eru Mosfellsbær, Garðabær og Kópavogur. Þá hefur mikil uppbygging átt sér stað í Hafnarfirði undanfarin ár þó svo að nýjustu tölur SI bendi til þess að hægja muni á fjölgun íbúða þar á næstu árum. Mun þetta að öðru óbreyttu leiða til þess að hærra hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu mun búa í áðurgreindum sveitarfélögum á næstu árum. Íbúar höfuðborgarsvæðisins munu eftir sem áður eiga erindi við miðbæinn enda er þar mestur þéttleiki atvinnu-, skólabygginga, íþróttahúsa og verslunar- og skrifstofuhúsnæðis auk annarra innviða. Þetta mun þá að öðru óbreyttu auka álagið á gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins sem er nú þegar undir töluverðu álagi, sér í lagi á helstu álagstímum.

**Aldrei áður hefur verið eins mikið ósamræmi á milli íbúða í byggingu og fullkláraðra íbúða.**

Reykjavík er stærsta sveitarfélag landsins og gegnir þar af leiðandi mikilvægu hlutverki varðandi heilbrigði íbúðamarkaðarins. Þar hefur ekki tekist nægilega vel að auka framboð af einhverjum ástæðum. Ef síðastliðin ár eru skoðuð hjá Reykjavík þá hafa komið inn á markaðinn um 270 íbúðir á ári að meðaltali frá og með árinu 2008 samkvæmt skýrslu frá byggingafulltrúa sem er aðgengileg á vef borgarinnar. Meðalfjölgun íbúða fyrir þann tíma og aftur til 1972 er um 660 íbúðir árlega, eða tvisvar og hálfu sinni fleiri íbúðir.

Annað sem vekur athygli er að aldrei áður hefur verið eins mikið ósamræmi á milli íbúða í byggingu og fullkláraðra íbúða eins og á undanförnum árum. Á átta ára tímabili frá 2008-2016 hefur fullkláruðum eignum sem hlutfall af þeim sem hafin hefur verið bygging á fækkað umtalsvert miðað við árin þar á undan. Aukið flækjustig í skipulagsmálum og lengri byggingatími sökum þéttingar byggðar skýra þetta að hluta, en það er í það minnsta áhyggjuefni að íbúðir á byggingarstigi séu ekki að skila sér í skráða fullkláraða eign í Reykjavík því það eru þær tölur sem á endanum skipta öllu máli ef takast á að þétta byggð og draga úr hækkunarþrýstingi á íbúðamarkaði.

# Samfélagsleg ábyrgð gagnvart fötluðum börnum



**Sigrún Birgisdóttir**
framkvæmdastjóri Einhverfusamtakanna



**Árni Múli Jónasson**
framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar

Dagur mannréttinda barna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var haldinn hátíðlegur um allan heim 20. nóvember sl. og 3. desember nk. er alþjóðadagur fatlaðs fólks og af því tilefni verður hér á landi eins og hvarvetna í heiminum minnt á mannréttindi fatlaðs fólks sem eru sérstaklega áréttuð í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Í báðum þessum mikilvægu mannréttindasamningum sem Ísland hefur undirgengist, eins og langflest ríki í heiminum, er mjög mikil áhersla lögð á skyldu samfélaga til að veita fötluðum börnum tækifæri til virkrar þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við önnur börn og með öðrum börnum. Þetta eru ekki að ástæðulausu sérstök áhersluatriði í samningunum. Fötluð börn hafa þurft og þurfa enn alls staðar að þola margvíslega og mikla mismunun og aðgreiningu á nánast öllum sviðum samfélagsins.

Stundum er sagt að það þurfi heilt þorp til að ala upp eitt barn. Það er mjög mikið til í því. Í þeim samfélögum þar sem þannig er búið að börnum að þau njóta þroskavænlegra aðstæðna, lífsgæða og tækifæra forgangsraða stjórnvöld í þágu barna og hagsmuna þeirra. Fólkið og fyrirtækin líta þar svo á að þau beri einnig mikla ábyrgð á því að öll börn og þar með talið fötluð börn fái þessi tækifæri til að þroskast og njóta lífsins, samfélags við aðra og hæfileika sinna.

### Mikil vonbrigði

Hér á landi er ýmislegt vel gert í þessum efnum og sumt mjög vel þó að margt megi þar betur fara og sumt miklu betur. Mörg fyrirtæki sýna t.a.m. samfélagslega ábyrgð gagnvart börnum með því að leggja með ýmsum hætti áherslu á jákvætt viðmót gagnvart þeim og ekki aðeins í orði, heldur í verki og ekki bara til að græða meiri peninga. IKEA er þannig fyrirtæki og hefur og ekki að ástæðulausu jákvæða ímynd að þessu leyti. Það kom því á óvart og urðu okkur mikil vonbrigði að þetta öfluga og heimsþekkta fyrirtæki skuli ekki sjá sér fært að gera viðeigandi ráðstafanir til að fötluð börn geti notið leikaðstöðunnar í „Smálandi“ í IKEA-versluninni hér á landi eins og önnur börn, þrátt fyrir óskir samtaka okkar um það og skýr tilmæli umboðsmanns barna til fyrirtækisins um að gera það. En eins og flestir vita hefur umboðsmaður barna það hlutverk lögum samkvæmt að standa vörð um réttindi og hagsmuni barna.

Þegar fötluð börn fá ekki tækifæri til að leika sér eins og önnur börn og með öðrum börnum verða þau ekki aðeins fyrir mismunun vegna fötlunar sinnar til afþreyingar og félagslegrar þátttöku og þess þroska sem hún veitir. Slík mismunun er einnig afar sár fyrir börnin, dregur úr sjálfstrausti þeirra og vekur tilfinningar um höfnun og útilokun.

Við viljum því enn beina þeirri eindregnu ósk til forsvarsfólks IKEA á Íslandi að gera það sem gera þarf til að fötluð börn geti notið leikaðstöðunnar í verslun fyrirtækisins eins og önnur börn og án aðgreiningar frá öðrum börnum. Þannig getur fyrirtækið sýnt vilja sinn til samfélagslegrar ábyrgðar í verki og lagt sitt lóð á vogarskál til að stuðla að því að mannréttindasamningarnir um réttindi barna og réttindi fatlaðs fólks nái þeim tilgangi sínum að auka tækifæri og bæta lífsgæði fatlaðra barna.



30% AFSLÁTTUR • 30% AFSLÁTTUR • 30%

## HAAG hornsófi
Verð áður 169.900,-
**Verð nú 118.930,-**

# 20-30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM

**Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu ef verslað er fyrir meira en 50.000 kr.**



## Jólakúlur 2 fyrir 1



## PAPASAN
Stóll og pulla á tilboðsverði,
tvö verð, 19.990,- og 18.990,-







## Búsáhöld
30-50% afsláttur



Gildir 30. nóvember – 6. desember.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890

# Þorlákshöfn – áföll og endurreisn



Birgir Þórarinsson
þingmaður Miðflokksins

**Endurbótum á höfninni er hins vegar ekki lokið og er brýnt að tryggja fjármagn til að ljúka þeim, svo stærri skip geti athafnað sig.**

Sveitarfélagið Ölfus hefur á undanförnum árum orðið fyrir áföllum í atvinnumálum. Öll tengjast þessi áföll sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti. Umtalsverður fiskveiðikvóti hefur verið seldur burt og nú síðast tilkynnti fiskvinnslufyrirtækið Frostfiskur að það hygðist flytja starfsemi sína til Hafnarfjarðar og þar með fara nærri 60 störf burt af svæðinu. Afleiðingar þess að hægt sé að selja kvóta burt frá sjávarbyggðum eru sláandi; atvinnumissir, fólksfækkun, verðfall á eignum fólks og þjónustuaðila svo fátt eitt sé nefnt. Þrátt fyrir þessa augljósu galla á fiskveiðistjórnunarkerfinu virðist það vera stjórnvöldum erfitt að taka af skarið og koma í veg fyrir að slíkt geti átt sér stað. Miðflokkurinn leggur áherslu á að settar verði girðingar í lögum, ef svo má að orði komast, til þess að koma í veg fyrir að kvóti verði seldur burt úr byggðarlögum sem byggja afkomu sína að stórum hluta á fiskveiðum og vinnslu. Málefni Frostfisks eru frábrugðin að því leyti til að þar er ákvörðunin viðskiptalegs eðlis en hefur ekki beint með kvóta að gera.

Sveitarfélagið Ölfus hefur staðið sig vel í því að bregðast við þessum áföllum. Gott dæmi í þeim efnum er tiltrú þess á rekstri hafnarinnar og sú ákvörðun að ráðast í viðamiklar endurbætur á höfninni til þess að geta aukið tekjur frá nýjum verkefnum. Endurbæturnar hófust fyrir rúmum tveimur árum og hafa komið því til leiðar að í byrjun árs hófust reglubundnar millilandasiglingar til og frá Þorlákshöfn. Umsvif hafa stóraukist og er Þorlákshöfn nú komin á kortið sem inn- og útflutningshöfn, með stysta flutningstímann í sjóflutningum til og frá landinu. Ástæða er til að hrósa bæjarfélaginu fyrir þetta verkefni og þá framsýni sem það hefur sýnt með þessu. Endurbótum á höfninni er hins vegar ekki lokið og er brýnt að tryggja fjármagn til að ljúka þeim, svo stærri skip geti athafnað sig. Framhald verkefnisins er á samgönguáætlun en fjármagn ekki tryggt. Sveitarfélagið áætlar að það sem út af stendur kosti á bilinu 800-900 milljónir, sem er töluvert lægra heldur en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi. Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs er á bilinu 60-70%. Brýnt er að í fjárlögum 2018 verði tryggt fjármagn af hálfu ríkisins, svo hefja megi framkvæmdir næsta sumar við síðari áfangann. Hér er á ferðinni arðbært og samfélagslega mikilvægt verkefni – lífæð bæjarfélagsins, sem stuðlar að vexti þess og viðgangi.

# Dumbungsleg staða í öldrunarmálum á Akureyri



Gunnar Kr. Jónasson
myndlistarmaður

Í viðtali í Fréttablaðinu 24. október sl. viðhafði Halldór S. Guðmundsson, forstöðumaður Öldrunarheimila Akureyrar, þau ummæli að ekki væri skortur á dvalarrýmum á Akureyri og „í raun gæti verið að það séu of mörg hjúkrunarrými“.

Þessi orð urðu mér sem og fjölmörgum öðrum umhugsunarefni. Það virðist því vera yfirlýst stefna Akureyrarbæjar að halda þjónustu og framþróun við málaflokk eldri borgara botnfrosinni eins og hún hefur verið um langt skeið.

Þessi ummæli eru eins og blaut tuska í andlit aldraðra og aðstandenda þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda, og mannlegri reisn gefið hornauga.

Forstöðumaður Öldrunarheimila Akureyrar virðist vera einn á báti með þessa skoðun sína á ástandi dvalarheimilismála á Akureyri. Ekki virðist starfsfólk sem vinnur í þessu kerfi eða aðrir sem eiga hagsmuna að gæta geta hugsað sér að taka undir þessa skoðun forstöðumannsins, þvert á móti. Það verður að segjast eins og er að þessi yfirlýsing gengur algjörlega á svig við mannlegar þarfir þeirra sem honum ber að þjóna, öldruðu fólki sem litla björg sér getur veitt og er beinlínis nauðbeygt til að einangrast inni á sínum heimilum vegna ýmissa krankleika sem gera því miserfitt fyrir um að sinna sínum daglegu þörfum og er orðið fangar ellinnar, vegna vöntunar á hjúkrunarrýmum.

Eins og umgjörð um öldrunarmál virðist byggð upp hér á Akureyri treystir kerfið á að aðstandendur sinni sínu fólki, það hefur vísanir áratugi aftur í tímann þar sem yngri kynslóðirnar hjúkruðu þeim eldri, konan sá um heimilið og kallinn að fóðra og fita skepnurnar þannig að eitthvað væri til að éta.

### Að bugast undan álagi

Lausnarorð kerfisins er heimahjúkrun, þar sem útkeyrðir einstaklingar hendast milli íbúða skjólstæðinga sinna, að bugast undan álagi með takmarkaðan tíma á hverjum stað.

Það má leiða líkur að því að þær aðstæður sem hafa skapast í öldrunarmálum á Akureyri séu vegna skoðunar forstöðumannsins á því að öll öldrunarheimili verði orðin tóm á árunum 2040-2050 (úr hádegisfréttatíma RÚV 25. okt.) og þess vegna borgi sig ekki að byggja upp og fjölga hjúkrunarrýmum en það er dágóður tími þangað til eða 23-33 ár, hvers eiga eldri borgarar að gjalda þangað til?

Líklegasta svarið frá kerfinu er „æi, það borgar sig eiginlega alltaf að gera sem minnst en helst ekki neitt“.

Nú erum við ekki í stöðu til að meta hvort öldrunarheimili verði óþörf á tímabilinu 2040-50, verða sjúkrahúsin kannski óþörf líka, og hestaheilsan orðin landlæg og ellin á braut?

Eins og er liggur fjöldi eldri borgara á sjúkrahúsum og teppa sjúkrarými, vegna skorts á hjúkrunarrýmum þar sem þeir geta ekki verið heima vegna heilsubrests.

Að byggja hús er ekki flókin aðgerð. Hús eru stöðugt að breyta um hlutverk, refabú verða að geymslum, gömul fjós breytast í gistiheimili, iðnaðarhús breytast í íbúðir eða hótel og þannig mætti lengi telja. Að því sögðu ætti það ekki að vera stór áhætta að byggja og fjölga hjúkrunar- og dvalarrýmum á Akureyri til hagsbóta fyrir þá sem minna mega sín.

Að bera það á borð fyrir okkar samfélag að ekki borgi sig að hlúa vel að þeim sem eldri eru og veikburða vegna spár um að þeir einstaklingar verði horfnir úr mannlífsflórunni 2040-2050 eru afar dapurleg fræði og ómanneskjuleg.

Okkur sem berum uppi samfélagið í dag ber skilyrðislaus skylda til að sjá þessu fólki fyrir viðunandi aðstöðu, hjúkrun og hjálp, á forsendum einstaklingsins en ekki Excel-skjalsins. Tilfinningar og vellíðan fólks verða aldrei reiknaðar út í Excel-skjali.

Eitt það brýnasta sem okkur varðar sem getum staðið í fæturna er að standa með þeim sem ekki geta staðið í fæturna og barist fyrir sínu, á þann hátt verðum við betri manneskjur.

Góðir Akureyringar, stöndum saman, stöndum upp fyrir eldri borgurum bæjarins og veitum þeim áhyggjulaust ævikvöld. „Akureyri öll lífsins gæði“ líka fyrir eldri borgara.

Með baráttukveðju til allra aldinna höfðingja og aðstandenda þeirra.



# BÓNUS®

Takið blaðið með!

ÍSLENSK framleiðsla

**1.000.000**
Í desember seljum við milljónustu dósina af Pepsi Max - fylgist með ;)

**69** kr. 330 ml
**Pepsi Max**
330 ml

**898** kr. 4x2 L
**Egils Appelsín**
Kippa, 4x2 lítrar

**179** kr. 270 g
**Stellu Rúgbrauð**
270 g, 6 sneiðar

**259** kr. 240 g
**Sælkerafiskur Síld**
3 tegundir, 240 g

KJARNAFÆÐI

Norðlenskt **KOFAREYKT** hangikjöt

**298** kr. 200 g
**Toblerone**
200 g

**198** kr. 100 g
**Toblerone Hvítt**
100 g

**1.898** kr. kg
**KF Hangiframpartur**
Kofareyktur, úrbeinaður

**2.798** kr. kg
**Kjarnafæði Hangikjöt**
Kofareykt, úrbeinað

**1.798** kr. kg
**Kjarnafæði Hangilæri**
Kofareykt, með beini

Verð gildir til og með **3. desember** eða meðan birgðir endast




Verð gildir til og með **3. desember** eða meðan birgðir endast

# Fólk

FIMMTUDAGUR 30. NÓVEMBER 2017

## Tíska



Tryggvi Gunnarsson og Hilmir Jensson eru nánir vinir, vinna saman á fleiri en einum vettvangi. Það kom á óvart þegar þeir fengu ábendingu um að þeir væru farnir að klæða sig eins. →4



# Ólíkur stíll eftir dögum

Rapparinn Birnir er úr Kópavogi. Hann eyðir miklum tíma á Instagram til að fylgjast með nýjustu tískunni. →2

Hér klæðist Birnir Vintage bomber jakka úr Spúútnik, svartri peysu, buxum frá WoodWood, belti frá 66°Norður og Nike blazer skóm. MYND/ERNIR



Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Rapparinn Birnir er einn þeirra sem koma fram á KBE stórtónleikunum í Gamla bíói þann 16. desemer. Þar koma fram nokkrir tónlistarmenn, auk Birnis, sem tilheyra KÓPBOIS hópnum úr Kópavogi auk góðra gesta. „Þessir tónleikar verða heljarinnar veisla. Herra Hnetusmjör er að gefa út plötuna KÓPBOI á næstu dögum sem er „bangin“ plata. Sjálfur er ég að leggja lokahönd á fyrstu plötuna mína þannig að tónleikagestir mega búast við fullt af nýju efni, geggjuðu sjóvi, frábærum gestum og frábærri stemningu.“

Sjálfur er Birnir 21 árs gamall og hefur gefið út þrjú lög hingað til; Sama tíma, Ekki switcha og Já ég veit. „Einnig hef ég komið fram í lögum eins og Túristi og Joey Cypher með Joey Christ. Fram undan í vetur er bara að halda áfram að búa til fullt af efni; ný lög og myndbönd eru á leiðinni.“

*Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?* Það fer eiginlega bara eftir dögum hvernig ég klæði mig. Stundum er djúsinn ekkert sérstaklega hátt á lofti en ég er samt yfirleitt „drippin“.

> **Herra Hnetusmjör er að gefa út plötuna KÓPBOI á næstu dögum sem er bangin plata. Sjálfur er ég að leggja lokahönd á fyrstu plötuna mína þannig að tónleikagestir mega búast við fullt af nýju efni, geggjuðu sjóvi, frábærum gestum og frábærri stemningu.**
>
> Birnir

*Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast undanfarin ár?* Ég byrjaði að fylgjast meira með fólki á netinu sem eru listamenn og hönnuðir. Áhuginn hefur bara þróast hægt og rólega út frá því.



Hér er Birnir í uppáhaldspeysunni sinni sem er frá Child, buxum frá Carhartt og Nike Air Force Mid skóm. MYNDIR/ERNIR



Hér klæðist Birnir hvítri og fallegri úlpu frá Stone Island en buxurnar eru frá Carhartt.

*Hvernig fylgist þú helst með tískunni?* Ég get hangið á Instagram frekar lengi og nota eiginlega bara þann samfélagsmiðil til að fylgjast með tískunni.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?* Það er enginn einn sérstakur staður. Ég kaupi notuð föt af fólki á netinu og svo í búðum eins og Húrra Reykjavík og Smash.

*Áttu þér uppáhaldsflík?* Það er alltaf að breytist en núna er Child peysan sem ég var að fá mér í miklu uppáhaldi.

*Áttu þér tískufyrirmynd?* Það eru þeir Joey Christ og Gummi Street Classic.

*Hvað finnst þér helst einkenna klæðnað ungra karla í dag?* Mér finnst ekkert eitt einkenna klæðnað unga fólksins. Ég held að það vilji bara vera „fresh“ og það eru margir með mismunandi „swag“ í gangi.

*Notar þú einhverja fylgihluti?* Ég hef aldrei verið mikið fyrir fylgihluti en upp á síðkastið hef borið hring sem mamma mín bjó til og einnig gamla keðju sem pabbi minn á.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433





20.980 kr.

29.980 kr.

29.980 kr.


hjá Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

22.980 kr.

24.980 kr.

33.980 kr.









Hilmir Jensson (t.v.) og Tryggvi Gunnarsson, leikarar, leikstjórar og leiðsögumenn, eru svo nánir að þeir eru farnir að klæða sig eins án þess að taka eftir því. MYND/EYÞÓR

# Við vöknum bara svona töff!

Tryggvi Gunnarsson og Hilmir Jensson eru mjög nánir vinir og vinna saman á fleiri en einum vettvangi. Það kom þeim þó nokkuð á óvart þegar þeir fengu ábendingu um að þeir væru farnir að klæða sig eins.

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is

„Við höfum þekkst í einhver tíu ár,“ segir Tryggvi og bætir við að þeir hafi kynnst í Stúdentaleikhúsinu. „Við fórum svo hvor í sinn leiklistarskólann og þegar við vorum báðir búnir í námi stofnuðum við saman leikhópinn Sóma þjóðar sem hefur sett upp töluvert margar leiksýningar sem við höfum báðir tekið þátt í og höfum bara síðan við hittumst verið dáldið samferða í lífinu.“ Sómi þjóðar setur nú upp sína langstærstu sýningu. „Þetta er sönn saga af félaga okkar sem gekk í gegnum mjög fallega lífsreynslu á erfiðum tíma í sínu lífi,“ segir Hilmir og Tryggvi bætir við: „Við erum að koma þessu á svið í verkinu SOL sem er gullfalleg ástarsaga sem gerist að hálfu leyti í bláköldum íslenskum raunveruleika og að hálfu leyti í heimi tölvuleikjanna sem við elskum og óttumst í senn.“

Um daginn benti samstarfskona þeirra þeim svo á að þeir væru farnir að klæða sig alveg eins. „Algjörlega óafvitandi vorum við farnir að mæta dag eftir dag í mjög

> Algjörlega óafvitandi vorum við farnir að mæta dag eftir dag í mjög svipuðum fötum.

svipuðum fötum,“ segir Hilmir. „Við fórum að kafa ofan í þetta og þetta er kannski ekkert skrýtið. Við vinnum sömu vinnuna, bæði í leikhúsinu og erum leiðsögumenn hjá sama fyrirtæki og höngum með sama fólkinu. Og auðvitað tekur maður tískustraumana frá fólkinu í kringum sig og því sem manni finnst flott.“ Þeir segjast samt ekkert endilega hafa sama smekk. „Nei, alls ekki,“ segir Tryggvi, „en það er eins og skordýraheilinn í okkur hafi tekið tískuvitund okkar yfir og byrjað að samrýma okkur, setja okkur algerlega í sama lið.“ Og þetta vakti upp fleiri pælingar hjá þeim félögunum. „Við fórum í framhaldinu að skoða hvernig tískan er almennt hjá starfsbræðrum okkar í leiklistargeiranum. Erum við að fylla upp í einhverjar stereótýpur?“ segir Hilmir og bætir við: „Við erum útivistarmenn og við viljum frekar tvíd og vax en goretex sem gengur ekkert endilega uppi á fjöllum en getur verið viðeigandi og komið vel út. En svo er þetta allt líka pínu snjáð og notað sem gefur okkur útgeislunina: Mér er sama hvernig ég er klæddur en svo vill samt til að það passar allt mjög vel saman.“ Tryggvi hlær og viðurkennir að þeir eigi til að vera hégómlegir. „Við erum í geira þar sem fólk er extróvert og maður kannski sleppur ekkert alveg undan því.“ Hann bendir líka á að mögulega ráði efnahagur einhverju varðandi klæðaburð. „Þessi stíll er kannski það sem hentar best fátækum sviðslistamönnum sem hafa ekki efni á að kaupa sér geggjað fín föt.“ Hilmir tekur undir. „Þetta er ákveðin svona nauðsynjatíska, við gerum það besta úr því sem við höfum möguleika á.“ Þeir þvertaka báðir fyrir að eyða miklum tíma í að taka sig til á morgnana, hvað þá að þeir hringist á til að bera saman bækur sínar. „Við vöknum bara svona töff!“

Sýningin SOL er frumsýnd á morgun 1. desember í Tjarnarbíói og verður sýnd allan desember og janúar.


Smart Boutique
Fjörður • www.smartboutique.is
SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND
www.smartboutique.is
Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður, sími 551 1040
Opið mán.–fös. kl. 10–18
Laugardaga kl. 10–17
Sunnudaga kl. 12–17
SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND
www.smartboutique.is
Það er aðeins ein alvöru hanskabúð
og hún er í Firðinum Hafnarfirði.
OPIÐ 1.DES
10-22
Tundra eða Tundra long gervifeldshúfa og hanskar
Jólatilboð 7.500 kr.
Margir litir í boði.
Herratrefill og hanskar Jólatilboð 5.490.kr
Refaskott og hanskar Jólatilboð 12.490.kr
Stutt skott 9.900.kr
Margir litir í boði.
Gervifeldskragar í úrvali verð frá 4.200.kr
Margir liti í boði.
Kanínuhúfa og hanskar
Jólatilboð 15.900.kr
Margir litir í boði.
Pasmina og hanskar Jólatilboð 4.950.kr
Margir litir í boði
Leðurhanskar
yfir 120 litir
og gerðir í boði
Frá 3.450 kr.
parið
Dúskhúfa og skinnlúffur Jólatilboð 6.950.kr
Margir litir í boði


20-50% afsláttur
af völdum vörum!
Kaupauki í dag!
Veglegur kaupauki fylgir fyrstu 30 kaupum dagsins:
- Gjöf frá Laugum Spa
- Náttföt frá Zik Zak
- Fallegt armband
- Ískalt kók
LITLU JÓLIN Í ZIK ZAK!
FRÁBÆR jólatilboð dagana 30.nóv-4.des í Zik Zak í Kringlunni og á Glerártorgi
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
NÁTTKJÓLL ÁÐUR 3.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
NÁTT-FATASETT ÁÐUR 4.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
NÁTTKJÓLL ÁÐUR 3.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
NÁTT-FATASETT ÁÐUR 4.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL

# Jólagjöf fagmannsins

FIMMTUDAGUR 30. NÓVEMBER 2017




**Kristinn Jónsson segir að hver sem er geti komið og fengið verkfærin sem vantar hjá BYKO.** MYND/EYÞÓR

# Allir geta fundið það sem vantar í BYKO

Í BYKO er mikið úrval verkfæra í boði fyrir öll verkefni, hvort sem það eru litlar viðgerðir heima við eða stórtæk iðnaðarverkefni. Nýlega hafa þeir lagt mikla áherslu á að bæta þjónustuna við fagmenn. →2

Framhald af forsíðu ➜

BYKO í Breiddinni býður upp á fjölbreytt úrval verkfæra fyrir öll möguleg verkefni. Hvort sem það eru fagmenn, föndrarar eða dútlarar og hvert sem verkefnið er, ættu allir að geta fundið verkfæri við sitt hæfi. Nýlega voru líka gerðar miklar breytingar á verkfæradeildinni til þess að bjóða fagmönnum betri þjónustu en áður.

## Aukin þjónusta við fagmenn

„Við erum búnir að umturna verkfæradeildinni hjá okkur,“ segir Kristinn Jónsson svæðisstjóri. „Við opnuðum sér inngang fyrir fagmenn, sem liggur beint inn í verkfæradeildina, þannig að þeir geta labbað beint inn að græjunum sem þeir sækja í og verslað.

Við erum með umboð fyrir vörur frá Bosch, en það er þýskt fyrirtæki sem hefur starfað síðan 1886 og verið leiðandi í rafmagnsverkfærum áratugum saman,“ segir Kristinn. „Við höfum selt þetta í áratugi og þetta merki hefur sannað sig sem gríðarlega vandað og endingargott.

Við jukum úrvalið af fagmannaverkfærum frá Bosch, en það er svokölluð blá lína, sem eru öflugri verkfæri, gerð fyrir mikla og krefjandi notkun,“ segir Kristinn. „Við erum líka búnir að aðgreina betur á milli bláu línunnar og grænu línunnar frá Bosch, sem er svona meira fyrir þá sem eru að sinna verkefnum heima við. Nú er græna línan þeim megin sem almenningur kemur frekar inn í deildina, en bláa línan blasir við ef maður tekur fagmannainnganginn.“

## Þróun í rafhlöðum

„Við erum með miklu fleiri og fjölbreyttari verkfæri en áður, aðallega verkfæri sem nota rafhlöður,“ segir Kristinn. „Þar er þróunin í dag. Allar græjur eru komnar í rafhlöðuknúna útgáfu því rafhlöðurnar eru orðnar nógu öflugar og endingargóðar til að þessi verkfæri skili sömu afköstum eins og gömlu snúrutengdu verkfærin gera. Þótt rafhlöðurnar séu ekki stærri eða þyngri en áður endast þær út daginn.

Bosch einbeitir sér núna helst að verkfærum með tveimur gerðum af rafhlöðum,“ segir Kristinn. „Annars vegar 18 volta, sem eru öflug iðnaðarmannaverkfæri, og svo 12 volta, sem eru svona léttari og ódýrari útgáfur, en samt líka fyrir fagmenn. Þau eru helmingi léttari en 18 volta græjur og gefa kannski ekki sama kraft, en henta mun betur í léttari verkum, því þau eru nettari og þægilegri í notkun. Svo er hægt að nota sömu rafhlöðurnar fyrir öll tæki sem hafa sama kraft.“

## Miklar framfarir í leysigeislum

„Í gegnum tíðina hafa leysigeislatæki verið spariggræjur sem hafa ekki verið auðfáanlegar fyrir almenning,“ segir Kristinn. „En verðið lækkar sífellt og þetta eru að verða tæki sem allir kaupa sér. Þessir leysigeislar koma í staðinn fyrir hallamál, ná yfir mun stærri flöt og eru mun nákvæmari. Nýjustu leysigeislatækin er til dæmis hægt að setja á mitt gólf og láta þau gefa lárétta línu meðfram öllum fjórum veggjum í herberginu í einu.

Svo eru líka komin leysigeislatæki sem mæla fjarlægðir og eru í rauninni bara stafrænt málband,“ segir Kristinn. „Þau geta mælt allt frá nokkrum sentimetrum upp í nokkur hundruð metra og allt með millimetranákvæmni. Þetta verður sífellt flottara, aðgengilegra og áreiðanlegra.“



BYKO selur allar gerðir verkfæra. MYNDIR/EYÞÓR




Verkfæri með 18 volta rafhlöðu frá Bosch.




BYKO jók úrvalið af fagmannaverkfærum frá Bosch.




Verkfæradeildinni hjá BYKO hefur verið breytt mikið.

## Verkfæri fyrir allar þarfir

„Við erum líka með föndurfræsara frá Dremel, sem er mjög þekkt merki meðal föndrara,“ segir Kristinn. „Þetta er toppurinn í föndurverkfærum og hentar mjög vel til að gera ýmsa smáhluti. Það er líka gríðarlegt úrval af aukahlutum í boði fyrir þá, svo það er hægt að nýta þá í ýmiss konar vinnu.

Auk þess seljum við margar gerðir af hágæða handverkfærum,“ segir Kristinn. „Þannig að við seljum allt frá ódýrum og einföldum verkfærum yfir í vönduð, flókin og dýr verkfæri, það fer bara eftir því hvað menn eru að gera hvað hentar.

Við viljum að hver sem er geti komið og fengið það sem vantar hjá okkur,“ segir Kristinn. „Fagmenn vilja vönduð og dýr verkfæri en fólk sem ætlar í minni verkefni nýtir sér oft ódýrari verkfærin.“

## Sívaxandi fatadeild

BYKO býður líka mikið úrval af alls kyns öryggisbúnaði og hlífðarfatnaði. „Til dæmis fallvarnir, hlífðargrímur, heyrnarhlífar, öryggisskó, hanska og alls konar öryggistengdar vörur,“ segir Kristinn. „Við erum líka með mjög flotta fatadeild og seljum föt sem ég hef heyrt iðnaðarmenn kalla Rollsinn í vinnufatnaði. Þau eru frá framleiðanda sem heitir Snickers og eru flott, vönduð og töff vinnuföt sem margir iðnaðarmenn eru hrifnir af. Þessi deild hefur vaxið gríðarlega, enda er alltaf eftirspurn eftir vinnufatnaði og við erum með allar gerðir af vinnufötum sem fólk gæti vantað.“

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is

# HÖRÐU PAKKARNIR FÁST Í SINDRA

# SINDRI

**TILBOÐ**

## VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

**19.900** m/vsk
Fullt verð 28.337



**TILBOÐ**

## VERKFÆRASETT 80 STK.

Toppar 1/4" og 1/2" 4 - 32mm
Fastir lyklar 8 - 19mm
Djúpir toppar, bitar, tangir
og skrúfjárn.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI8002

**18.277** m/vsk
Fullt verð 27.205



**TILBOÐ**

## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**19.196** m/vsk
Fullt verð 27.423



**TILBOÐ**

## SKRÚFJÁRNASETT 21 STK

Handfang + járn
Bitahaldari
Sterk plasttaska

vnr IBTGAAI2101

**2.579** m/vsk
Fullt verð 4.299



**TILBOÐ**

## SKRALLLYKLASETT 12 STK

Sterkur taupoki
72 tanna Pro lyklar
Stærðir 8 - 19mm

vnr IBTGPAQ1202

**11.167** m/vsk
Fullt verð 17.180




**TILBOÐ**

## ÁTAKSMÆLIR FYRIR SKRALL

1/2"
Mælir: 40-200Nm
Lengd: 75 mm
Digital

vnr IBTDTA-200N

**4.450** m/vsk
Fullt verð 6.356



**TILBOÐ**

## FASTLYKLASETT 12 STK

Sterkur taupoki
Stærðir 6 - 22mm

vnr IBTGPAW1202

**3.366** m/vsk
Fullt verð 4.808




**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 28 STK

Toppar 1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2802

**6.634** m/vsk
Fullt verð 10.365



www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður
SINDRI

# Handbandsög nýtist í margt

**Sigurður Ingvar Hannesson pípulagningameistari sinnir fjölbreyttum verkum um víðan völl og óskar sér þess að fá bandsög, kuldagalla og kjarnabor í jólagjöf.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is






Sigurður Ingvar Hannesson pípulagningameistari vill helst af öllu fá kuldagalla og kjarnabor í jólagjöf. MYNDIR/STEFÁN

Sigurður Ingvar viðurkennir að leiða ekki oft hugann að því hvað iðnaðarmaðurinn í honum vill fá í jólagjöf. „Ég velti þessu aðeins fyrir mér, hvað mig vantaði og hvað mig langaði í og niðurstaðan er sú að mig langar helst í handbandsög,“ segir hann. „Það þýðir samt ekkert fyrir mig að setja það á óskalistann,“ bætir hann við og hlær.

Þegar hann er spurður um tegund stendur ekki á svarinu. „Makita eru góð verkfæri,“ segir hann og upplýsir að sumir fagmenn umgangist vörumerki í vinnuvélum eins og helga dóma eða uppáhaldsknattspyrnulið. „Það eru til Milwakeemenn og Makitamenn og svo vilja sumir ekkert nema DeWalt,“ segir hann. „Menn festast svolítið í sínum merkjum og vilja ekki sjá neitt annað.“ Hann segist ekki vera svo fastheldinn sjálfur. „Það eru allar tegundir í gangi hjá mér en fyrir sumum eru þetta algjör trúarbrögð.“

Aðspurður af hverju handbandsög er ofarlega á lista hjá honum segir hann slíkt verkfæri nýtast í mjög margt. „Það er gott að eiga þetta því svona verkfæri er hægt að nota við ýmislegt, til dæmis að saga sundur rör án þess að hafa mikið fyrir því. Ég veit ekki hver ætti að gefa mér þetta í jólagjöf, kannski þetta verði bara jólagjöfin frá fyrirtækinu. Gefa fyrirtæki ekki starfsmönnum oft jólagjafir?“ segir Sigurður Ingvar sem rekur fyrirtækið SIH pípulagnir. „Ef fyrirtækið ætti hins vegar að gefa sjálfu sér jólagjöf myndi kjarnabor sennilega vera efstur á lista. Og hann mætti alveg vera Makita.“

En eru einhver vinnuföt eða hlífðarbúnaður sem iðnaðarmaður óskar sér svo hann fari nú ekki í jólaköttinn? „Það væri þá helst góður kuldagalli,“ svarar Sigurður Ingvar og bætir við: „Þegar mönnum dettur allt í einu í hug að fara að byggja hús á haustin og það þarf að leggja í grunn og annað í skítakulda þá er nú betra að vera vel gallaður, getur orðið ansi kalt.“

Sigurður Ingvar byrjar að skreyta um aðventuna, byrjar á útiskreytingum og dundar sér við það fram eftir aðventu en stefnir samt alltaf að því vera búinn svona tveimur vikum fyrir jól.

„Ég er ekkert sérstaklega mikið jólabarn en hef gaman af þessu samt,“ segir Sigurður sem byrjar á útiskreytingunum í byrjun desember og dundar sér við þær fram eftir aðventu. „Ég held jól með fjölskyldunni heima, við erum fimm manna fjölskylda, fáum gesti til okkar en förum líka í jólaboð. Og svo stefni ég á að taka frí milli jóla og nýárs og hafa það hrikalega notalegt. Jafnvel fara út í snjóinn í nýja kuldagallanum með kjarnaborinn að leika,“ segir Sigurður Ingvar að lokum og brosir breitt.

> **„Menn festast svolítið í sínum merkjum og vilja ekki sjá neitt annað. Það eru allar tegundir í gangi hjá mér en fyrir sumum eru þetta algjör trúarbrögð.**



**Sigurður Ingvar stefnir á að taka frí á milli jóla og nýárs og hafa það hrikalega notalegt.**

## Gæðaverkfæri í pakkann!

Bjóðum fjölbreytt úrval af verkfærum frá þýska framleiðandanum **Haupa**.
Allt fyrir rafvirkjann.

Úrval af **Haupa**-töskum með og án verkfæra.
Töskur með sérstöku hólfi fyrir fartölvu og með verkfærahólfum sem hægt er að renna af.



haupa®

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Jólagjöf fagmannsins 2017

**VERKFÆRA SALAN**

## TOPPLYKLASETT
**3/8" 12stk**




Toppar: 10, 12, 13, 14, 15, 17, 18 og 19mm
Framlenging, minnkun, bitatoppur.

MW 48229001 **7.990 kr.**

## BORVÉL M12
**BPD-202c 2x2Ah**




Nett borvél tveggja hraða með höggi, vélinni fylgja 2×2,0 Ah rafhlöður og hleðslutæki.

MW 4933441940 **25.900 kr.**

## BORVÉL M18
**BPD-202C 60Nm 2x2Ah**



Nett og létt hleðsluborvél aðeins 198 mm á lengd sem er pakkað afli.

MW 4933443515 **37.900 kr.**

## SKRÚFJÁRNSSETT
**XXL**



12stk skrúfjárnasett frá WERA með skrúfjárn fyrir allar aðstæður.

WERA 051010 **6.990 kr.**

## SKRÚFJÁRNASETT
**Einangrað Kraftform Kompakt VDE 60 i/16**



Einangrað skrúfjárnasett frá WERA með skiptanlegum járnum.

WERA 003484 **8.990 kr.**

## TOPPLYKLASETT
**Check Plus**




Allir helstu toppar og bitar á samt skralli og bitaskrúfjárni.

WERA 056490 **11.990 kr.**

## TOPPLYKLASETT
**1/4" 23stk Bato**



Topplyklasett 1/4". Toppar frá 4-13mm, framlenging, bitar, skrall 48 tanna.

BT 1301 **3.390 kr.**

## TOPPLYKLASETT
**Carolus 172stk**



Skröll í stærðum 1/2", 3/8" og 1/4" og allir helstu toppar og bitar.

GD 58602172 **15.990 kr.**

## VERKFÆRASKÁPUR
**7 skúffu**



Sterkur verkfæraskápur með góðum brautum.

TJ TBR3007B-X **39.900 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og áskilinn er réttur til breytinga. Tilboð gilda frá 30. nóv - 24 desember.




Verkfærasalan • Síðumúli 11 - 108 Reykjavík | Dalshraun 13 - 220 Hafnarfjörður • 560-8888 • www.vfs.is

# Dásamlegt að hafa nóg fyrir stafni




„Það er dásamlegt að hafa eitthvað fyrir stafni. Svo hafa líka börnin og barnabörnin ógurlega gaman af þessu,“ segir Úlfar Sveinbjörnsson trételgja frá Selfossi. MYND/STEFÁN

**Íslenskar fuglategundir eru helsta viðfangsefni Úlfars Sveinbjörnssonar sem tálgar fallega tréfugla í bílskúrnum heima á Selfossi. Keldusvínið er sá fugl sem er í mestu uppáhaldi hjá honum.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Úlfar Sveinbjörnsson er titlaður sem trételgja í símaskránni en hann hefur eytt miklum tíma undanfarin ár í bílskúrnum heima á Selfossi þar sem hann tálgar m.a. fallega tréfugla. Rúm ellefu ár eru síðan hann hætti störfum en síðasta aldarfjórðung starfsævi sinnar starfaði hann hjá Alþingi við að hljóðrita ræður þingmanna.

Samhliða því starfi var hann þó alltaf að sinna ýmsu handverki og stærri verkefnum. „Ég smíðaði m.a. tvo sumarbústaði og tvær íbúðir og um tíma saumaði ég líka úr leðri, t.d. buddur utan um veiðihjól og margt fleira. Einnig hef ég innréttað fjölda lítilla húsbíla þannig að ég hef alltaf verið í ýmiss konar handverki samhliða fyrri störfum mínum.“

## Fuglarnir hentuðu betur

Árið 2000 eignaðist Úlfar rennibekk og næstu árin renndi hann úr tré ýmsa muni á borð við lampa og skálar. „Árinu áður sótti ég líka tálgunarnámskeið hjá Guðmundi Magnússyni á Flúðum, Ólafi Oddssyni og Óla Sæm sem kenndu mér m.a. að beita hnífnum rétt. Eftir það byrjaði ég að tálga ýmsar fígúrur úr tré, t.d. karla og kerlingar, en svo prófaði ég að tálga fugla og það hentaði mér miklu betur. Næstu árin þróuðust þessir fuglar mínir smátt og smátt. Það tók mig heilan vetur að tálga fyrsta fuglinn sem var himbrimi en hann var svolítið stór. Núna tálga ég einn fugl á 15-20 mínútum. Eftirvinnan er þó talsverð, t.d. við að mála þá og búa til lappir.“











Til vinstri er haförn. Á efri myndum sjást lóan og spóinn saman á mynd og svo fálkinn. Í neðri röð eru rjúpur í vetrar- og sumarbúningi og loks þrír himbrimar.

## Lítið fyrir endur

Úlfar fór á eftirlaun árið 2006 og nokkru síðar urðu fuglarnir hans helsta iðja heima í bílskúrnum. „Ég hef á síðustu árum tálgað nær allar íslensku fuglategundirnar, sjálfsagt um 60-70 tegundir. Þar má m.a. nefna lóuna, spóann, svartbakinn, hettumáfinn, rjúpuna, helsingjann, gæsina, svartþröstinn, hrafninn og súluna auk fleiri tegunda. Þessir fuglar eru tálgaðir út í svipaðri stærð þannig að enginn er beint erfiðari í vinnslu. Þó hef ég lítið spreytt mig á öndum enda eru þær svo skrautlegar og tímafrekari í vinnslu.“

## Skemmtileg iðja

Keldusvínið er þó í mestu uppáhaldi hjá honum. „Keldusvínið er svo skemmtilegur fugl sem verpti hér áður fyrr en hvarf svo að mestu leyti enda aðstæður ekki góðar fyrir hann hér á landi um þessar mundir. Hann er þó eitthvað að koma til og mér skilst að hann sé aftur farinn að verpa hér á landi.“

Fyrir honum eru tréfuglarnir fyrst og fremst tómstundaiðja. „Hér í skúrnum eyði ég tíma mínum að miklu leyti enda ekkjumaður. Því mun ég halda áfram að dunda mér við þetta í bílskúrnum í vetur í stað þess að sitja í sófanum heima. Það er dásamlegt að hafa eitthvað fyrir stafni. Svo hafa líka börnin og barnabörnin ógurlega gaman af þessu.“



# Jólagjöf fagmannsins er hágæða vinnuföt frá Snickers Workwear




## Öryggisvörur

uvex · MILLER · OTTER · TOE GUARD · Honeywell · SOLID GEAR

Vinnuskór • Heyrnahlífar • Öndunargrímur
Vinnuvettlingar • Eyrnatappar • Gleraugu
Hjálmar • Fallvarnarbúnaður

## Tæki og múrfestingar

HILTI

Lasermælar • Höggborvélar • Skurðar-/Slípivélar
Demantsbor-/skurðarvélar • Batterísvélar
Skot-/Gasbyssur • Brunaþéttiefni
Skrúfvélar • Múrfestingar • Byggingafrauð

**HAGI ehf** • Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S: 414-3700 • hagi@hagi.is



Halldór Heimisson útskrifast úr rafvirkjun um jólin. Hann segir gefandi að sjá verk sín tala og eiga þátt í skapandi heildarmynd og hönnun húsa og fyrirtækja. MYND/EYÞÓR

# Dreymir um verkfærakistu

Halldór Heimisson útskrifast sem rafvirki um jólin. Hann segir rafvirkjun heillandi fag með mikla atvinnu- og tekjumöguleika, og dreymir um verkfæratösku, rafmagnspenna og borvél í jólagjöf.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Pabbi minn og afi eru báðir rafvirkjameistarar svo þetta lá alltaf fyrir," segir Halldór Heimisson sem um jólin útskrifast sem rafvirki úr Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

„Ætli handlagni liggi ekki í erfðum?" veltir Halldór fyrir sér. „Við erum allavega allir handlagnir og ég var ungur farinn að dútla með köllunum á verkstæðinu og fylgjast með þeim teikna og vinna í rafmagninu. Maður þarf að vera handlaginn í rafvirkjun því hún útheimtir bæði grófa og fína vinnu."

Halldór er einnig útlærður í tölvuviðgerðum og með atvinnuleyfi sem leigubílstjóri.

„En það á ekki við mig að sitja fastur inni á skrifstofu fyrir framan tölvu dagana langa. Ég vil hafa líf í tuskunum og nóg fyrir stafni í fjölbreyttum verkefnum á mismunandi stöðum í stað þess að vera fastur yfir sama starfanum á sama stað," segir Halldór, sem sá marga kosti við það að læra rafvirkjun.

„Rafvirkjun er stórskemmtilegt og fjölbreytt fag. Hún kallar meðal annars á verksvit, spennandi teikningu og skapandi hönnun raflagna og lýsingu sem við lærum í þrívíddarforriti í tölvum skólans," segir Halldór sem tilheyrir glæsilegum hópi 23 verðandi rafvirkja sem útskrifast nú um jólin.

„Á liðnum árum hefur verið vöntun á íslenskum fagmönnum og vonandi að menn séu að sinna kallinu og drífa sig meira til náms, enda er nóg að gera og finn pening í faginu. Starfið er fjölbreyttara en margur gerir sér grein fyrir og atvinnumöguleikarnir miklir. Námið veitir alþjóðleg starfsréttindi og hægt að vinna hvar sem er í heiminum eftir að hafa menntað sig til rafvirkja hér. Sú menning að Íslendingar þurfi allir að sækja sér háskólamenntun hefur verið ríkjandi of lengi og er ekki endilega það besta fyrir íslenskt þjóðfélag," segir Halldór og vill gera iðnaðarmönnum hærra undir höfði.

„Iðnaðarmenn eru oft hálaunaðir, eins og komið hefur fram í kjarakönnunum, og oft með mun hærri laun en margir með háskólamenntun."

### Hefur áhrif og ábyrgð

Faðir Halldórs er Heimir Jón Guðjónsson. Hann stofnaði fyrirtækið Rafvirkni en seldi það fyrir nokkrum árum og starfar nú sem kennari við rafvirkjadeild Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

„Ég vinn hjá gamla fyrirtækinu hans pabba, ásamt því að taka að mér sjálfstæð verkefni fyrir annað fyrirtæki, keyra leigubíl aðra hverja helgi og vera einstæður faðir. Það er því nóg að gera," segir Halldór kátur og fyrir nokkru kominn út á vinnumarkaðinn sem rafvirki þar sem rafvirkjanemar fara á starfssamning meðfram námi í skólanum.

„Við erum því færir í flestan sjó þegar að útskrift kemur. Skemmtilegast við starfið finnst mér að koma í tóma íbúð, draga í hana alla víra sem þarf, setja upp tengla og rofa, búa til rafmagnstöflu og koma upp ljósum. Það er skapandi verkefni og gefandi að sjá eitthvað verða úr hlutunum. Árangur erfiðisins stendur svo áfram sem sjálfstætt verk manns í húsinu," segir Halldór sem lagt hefur rafmagn í heilu blokkirnar og er stoltur af því.

> **Starf rafvirkja er fjölbreytt, skemmtilegt og skapandi. Atvinnumöguleikar eru miklir og námið veitir alþjóðleg starfsréttindi. Því er hægt að vinna hvar sem er í heiminum eftir að hafa menntað sig til rafvirkja hér.**
>
> Halldór Heimisson

„Það fylgir því alveg sérstök tilfinning að setja brag sinn á heildarverkið, í stað þess að vera hluti af tannhjóli sem hægt er að skipta út með litlli fyrirhöfn. Sem rafvirki hefur maður bæði áhrif og ábyrgð."

Halldór segir rafvirkja þurfa að vera vel búnir verkfærum.

„Góð verkfærakista er mikilvæg og þær fást víða, en mig dreymir um Klauke-tösku frá Reykjafelli. Þær innihalda allt sem rafvirki þarfnast. Ég bý reyndar vel að því að geta stolist í verkfærin hans pabba en vildi gjarnan fá góða borvél í jólagjöf, sem og rafmagnspenna til að mæla straum. Líka skrúfvél til að festa ljós, tengla og rofa þar sem ekki þarf mikið afl, og ýmsa mikilvæga rafmagnsmæla," segir hann fullur tilhlökkunar fyrir jólunum, útskriftinni og framtíðinni.

*En skyldi eitthvað einkenna rafvirkja?* „Auðvitað er erfitt að setja þá alla undir sama hatt því við strákarnir erum allir mismunandi. Þó er óhætt að segja þá vera góða og trausta gæja með fagmennsku að leiðarljósi og ljúfa og góða samskiptahæfni," segir Halldór.

FOSSBERG EHF VÉLAVERSLUN
FOSSBERG
IÐNAÐARVÖRUR OG VERKFÆRI
Vetrarhanskar í úrvali

Vatnsheldir vinnuhanskar
Verð: 1.395 kr.
Sýndu fjölskyldunni hvað þú vilt fá í jólagjöf
Ljós í úrvali

I-VIEW höfuðljós
Verð: 8.995 kr.
Dugguvogur 6 • 104 Reykjavík • Sími 5757 600 • www.fossberg.is

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar
Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur

# Hágæða bakpokar frá Osprey
## Eitt mesta úrval landsins

Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega.
Á stærri pokunum sérmótum við mjaðmabeltin.

### Kestrel 38L




**Kestrel 38L göngupoki**
**26.990 kr.**



Ariel 65L Burðarbakpoki
**41.990 kr.**



Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
**26.990 kr.**



Momentum 26L
Hjólabakpoki m/fartölvuhólfi
**19.990 kr.**



Talon 33L
Léttur göngubakpoki
**20.990 kr.**



Duro
Hlaupavesti
**16.990 kr.**



Daylite Alhliða bakpoki
**8.990 kr.**

OSPREY

GG•sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi
sími: 571 1020 • www.ggsport.is

„Finndu okkur á Facebook"




Sigríður Óladóttir húsgagnasmíðameistari hefur nokkur verkfæri á óskalistanum fyrir jólin en vantar reyndar bílskúrinn undir þau. MYNDIR/STEFÁN

# Rennibekkur á óskalistanum

**Sigríður Óladóttir, húsgagnasmíðameistari og kennari við Byggingaskóla Tækniskólans, hefur aldrei fengið verkfæri í jólagjöf. Ef hún hefði pláss væru þó nokkur tæki á óskalistanum.**

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



Ég fór í húsgagnasmíði í Iðnskóla Reykjavíkur eftir stúdentspróf og eftir það á smá flæking til Frakklands. Ég brautskráðist frá Háskóla Íslands árið 1997 og fór þá í Iðnskóla Hafnarfjarðar á hönnunarbraut. Ég var aðeins að velta því fyrir mér hvora leiðina ég ætti að velja og ákvað að halda áfram í húsgagnasmíðinni. Ég komst á samning hjá TM-húsgögnum en þeir hættu framleiðslu sumarið sem ég fór í sveinspróf. Haustið eftir fór ég að kenna við Iðnskóla Hafnarfjarðar, mest í véltrésmíði og trésmíði en einnig tréhönnun,“ segir Sigríður Óladóttir húsgagnasmíðameistari.

> **Ef ég ætti bílskúr þá væri draumajólagjöfin rennibekkur og járn. Í bílskúrnum væri auðvitað einnig hefilbekkur og helstu handverkfæri, bútsög og sambyggður afréttari og þykktarhefill.**

Sigríður ílengdist við smíðakennslu og eftir að hafa kennt sitt hvorn veturinn í grunnskóla lærði hún kennslufræði. Í dag kennir hún við Byggingaskóla Tækniskólans, skóla atvinnulífsins.

„Hér er ég mest að kenna í sameiginlegum grunni fyrir húsgagna- og húsasmíði, verklegt, bóklegt og teikningar. Þá kenni ég einnig á kvöldnámskeiði sem heitir Trésmíði fyrir konur, því ófemíníska nafni! Þar koma konur og njóta þess að hafa karlinn ekki að hnýsast yfir öxlina á þeim og bjóðast til að hjálpa,“ segir hún sposk. Á árum áður hafi smíða- og handavinnukennsla í skólum verið kynjaskipt og margar konur hafi aldrei lært neitt í smíði en langað til þess.

„Margar þeirra kvenna sem koma á námskeiðið eru að láta drauminn loksins rætast um að komast í smíði því þær fengu ekki smíðakennslu í grunnskóla,“ segir Sigríður. „Aðrar prófa þetta til að athuga hvort þær ættu að skella sér í smíðanám og sumar mæta á námskeiðið bara til að gera eitthvað allt annað en venjulega. Inn á milli eru konur í listgreinakennslu grunnskólanna sem vilja fá grunn í vélanotkun. Það er alltaf mjög góð aðsókn á þessu námskeiði.“




Draumajólagjöfin er rennibekkur og járn.

## Bútsög og þykktarhefill

Ekki ætti að vera erfitt að finna nytsama jólagjöf handa iðnaðarmanni en Sigríður segist þó aldrei hafa fengið verkfæri í jólagjöf. Bílskúrsleysi standi helst í veginum fyrir því að hún komi sér upp góðu safni en hvaða verkfæri væri helst á óskalistanum?

„Ef ég ætti bílskúr þá væri draumajólagjöfin rennibekkur og járn. Í bílskúrnum væri auðvitað einnig hefilbekkur og helstu handverkfæri, bútsög og sambyggður afréttari og þykktarhefill,“ segir Sigríður. Hún eigi þó mörg áhugamál svo lítið mál sé að gefa henni góðar jólagjafir. Það sé helst hún sjálf sem velji verkfæri þegar hún gefur öðrum.

„Ég hef oft gefið mági mínum verkfæri og hann er á góðri leið með að innrétta bílskúrinn sinn sem draumaverkstæðið.“

# JÓLAGJAFIR HANDVERKSFÓLKSINS FINNUR ÞÚ HJÁ IÐNVÉLUM



**Bandsög HBS230HQ**
63.763 kr.



**Holzmann handfræsitannasett 12 hlutir**
5.920 kr.



**Rafmagnskefli EKR15M með veggfestingu**
14.872 kr.



**Slönguhjól LSR10M - þrýstiloft með veggsveiflu**
11.100 kr.



**Slönguhjól WSR20M - vatn með veggsveiflu**
14.723 kr.



**Slönguhjól WSR40M - vatn**
- sjálfvirk innhölun með pedala
- stýring fyrir upprúllun
- 40+2 m gúmmí slanga, Ø 12 mm

19.900 kr.






**Verkfæraskápur með 127 Beta verkfærum**
- Verkfæraskápur C24S
- 127 vönduð verkfæri
- 7 skúffur með mottum og samlæsingum
- Burðarþol 800 kg.

159.800 kr.



**Rennibekkur D460**
55.841 kr.



**Rennijárn H6TLG**
25.196 kr.



**Beta Grip Skrúfjárnasett**
8 stk. (+ -) 6.980 kr.



**Verkfæra- og topplyklasett 108 hlutir**
39.000 kr.



**Holzmann AKS45 hleðsluborvél 18V - 2 rafhlöður**
27.268 kr.

**Brýnsluvél f. hnífa, skæri og bora 3-15 mm**
15.279 kr.



**Hjólsög HKS210L**
25.383 kr.



**Holzmann handfræsari**
15.872 kr.



**Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is**

*IÐNVÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is*

IÐNVÉLAR



## Dýrari jólagjafir

Jólagjafir breytast ár frá ári. Dönsk rannsókn sem gerð var í fyrra sýndi talsverðar breytingar á jólagjöfum fólks. Svo vill til að einhver hlutur verður vinsælli en annar fyrir hver jól og margir landsmenn fá því svipaðar gjafir. Í fyrsta sæti vinsældalistans í fyrra voru leikföng og spil. Um 18 prósent gjafanna tilheyrðu flokki raftækja eða eldhúsáhalda. Gjafakort voru í fjórða sæti vinsældalistans.

Gjafakort þykja mjög þægileg gjöf. Þá getur þiggjandinn valið sér sjálfur hvað hann langar mest í. Fyrir jólin 2015 voru bækur ofarlega á lista yfir þær jólagjafir sem voru vinsælar en þær vinsældir hafa minnkað. Fatnaður, gjafakort og rafvörur hafa tekið forystuna. Ástæða þess að bækur eru ekki lengur vinsæl jólagjöf er aukið framboð af rafbókum, segja sérfræðingar. Einnig kemur á óvart hversu raftæki eru vinsæl til gjafa en þau eru yfirleitt dýr. Það þykir benda til þess að Danir séu farnir að eyða meiru í gjafir en áður.

Rannsóknin sýndi einnig að Danir eyða að meðaltali um 21 prósenti af ráðstöfunartekjum heimilisins í jólagjafir. Árið 2014 var sú tala 13 prósent.


Heimilistæki eru vinsæl til jólagjafa í Danmörku.

## Pakkað inn



Verkfæri og smíðatól eru nytsamar jólagjafir. Að pakka þeim inn í gjafapappír getur þó verið talsverð áskorun ef þau koma ekki í kassa eða tösku úr harðplasti úr búðinni.

**Karamelluaðferð**

Á löng og mjó verkfæri eins og skiptilykla, skrúfjárn, þjalir og fleira mætti nota „karamellu aðferðina“. Þá er verkfærinu einfaldlega rúllað inn í pappírinn, snúið upp á hvorn enda eins og á karamellu og bundið um með slaufu. Það gæti verið ráð að vefja verkfærið fyrst inn í þykkari pappír eða pappa áður en jólapappírinn fer utan um, svo lagið á verkfærinu komi ekki í gegn.



**Poki með slaufu**

Stærri hlutum mætti pakka inn með „poka aðferðinni“. Þá er gott að sníða stóran ferning af gjafapappír og leggja á borð þannig hann liggi eins og tígull fyrir framan þig. Setjið gjöfina á miðjan ferninginn og grípið svo í efra og neðra horn tígulsins og haldið þeim uppi, grípið svo í hornin til hliðanna og togið einnig upp svo gjöfin liggi í „botni“ pokans. Lokið svo pokanum með slaufu.

**Auðvelda leiðin**

Ef innpökkunin gengur engan veginn má auðvitað alltaf kaupa stóra slaufu og líma á verkfærið sjálft. Það kemur fallega út en gjöfin kemur þá kannski ekki eins mikið á óvart.






www.Facebook.com/zikzakkringlan Tískuhús Zik Zak Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

Með betri buxum í bænum.




Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*

Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Maraþon Now.

Nánari upplýsingar um tilboðið á **365.is** eða í síma **1817**.

*á mánuði

MARAÞON NOW + 11GB 365.is 365

# Mittistaskan er komin aftur

**Mittistöskur hafa birst í ýmsum útgáfum í gegnum árþúsundin. Þær eru að mörgu leyti þægilegar en hafa ekki talist sérlega smekklegar síðan einhvern tímann fyrir aldamót. Þetta hefur breyst hratt síðustu ár.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is

Gamla góða mittistaskan hefur vakið athygli undanfarið. Þessi fylgihlutur, sem hefur flakkað milli þess að vera í tísku og vera álitinn hámark smekkleysu, hefur látið á sér kræla í nýrri mynd, oft stærri og fínni en áður og líka sem nokkurs konar axlartaska. Slíkar töskur hafa sést bæði á fyrirsætum og gestum á stórum, alþjóðlegum tískuviðburðum. Mittistöskur eiga sér mjög langa og fjölbreytta sögu, svo það kemur ef til vill ekki á óvart hvað þær eru þrautseigar.

## Ýmsar útgáfur í gegnum árin

Töskur sem hanga í belti eða utan um hálsinn hafa verið notaðar síðan í fornöld í mörgum ólíkum samfélögum.

Frumbyggjar Ameríku notuðu til dæmis beltistöskur úr vísundaskinni í staðinn fyrir að sauma vasa á föt sín. Á miðöldum í Evrópu voru litlar töskur líka oft festar við belti, en þær hurfu svo að mestu þegar föt fengu vasa. Í Skotlandi héldu þær þó áfram að vera til, enda henta vasar illa á skotapils og þar þjónuðu þær stundum sem stöðutákn.

Töskur sem héngu frá mitti nutu líka vinsælda hjá fínum frúm í kringum aldamótin nítján hundruð í Englandi og þá voru þær oft fagurlega skreyttar og mjög verðmætar.

En elsta þekkta dæmið er líklega frá hinum fræga „ísmanni“ sem hefur verið nefndur Ötzi. Hann lést fyrir um 5300 árum en lík hans fannst í merkilega góðu ásigkomulagi í Ölpunum snemma á 10. áratug síðustu aldar. Ísinn hafði verndað líkið fyrir veðri og vindum, svo það gaf vísindamönnum ómetanlega innsýn í lifnaðarhætti fornmanna.

Ötzi var með leðurtösku sem var fest um mittið og innihélt bor úr tinnusteini, hnífsblað og tálgað bein sem var líklega notað til að gera göt í leður fyrir saumaskap.

Nútímaútgáfa mittistöskunnar, sú sem var oftast úr gerviefnum og við þekkjum flest, var sérlega móðins á 10. áratug. Hún naut mikilla vinsælda, kannski ekki síst hjá ferðamönnum, en telst í dag í besta falli „retro“. Hún hefur þó verið til síðan í ýmsum myndum.

## Endurkoman

Árið 2012 komu mittistöskurnar svo fram í núverandi mynd og voru markaðssettar sem „töskur á belti“ eða „handfrjálsar töskur“. Nokkur tískumerki buðu þá upp á dýrar og fínar töskur úr gæðaefnum frá nafntoguðum hönnuðum. Þessi hönnun hefur síðan notið vaxandi vinsælda og mittistaskan er nú aftur orðin vinsæl tískuvara.

Tískan fer víst alltaf í hringi og það sem virkar er oft sígilt. Það á greinilega við um blessaðar mittistöskurnar, sem eru líklega ekki að fara neitt, hvað sem fólki kann að finnast um þær.



Kendall Jenner sást nýlega með þessa mittistösku.




Þessi mittistaska frá Gucci sást á tískusýningu merkisins í Flórens.



Mittistaskan virðist komin til að vera. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Mittistöskur hafa sést í ýmsum útgáfum í gegnum tíðina.

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

- NÁTTÚRULEGT COLLAGEN gel -

COLWAY




- Hægir á öldrun húðarinnar
- Vinnur gegn myndun fínna lína og hrukka
- Stuðlar að endurnýjun húðfruma
- Gerir húðina stinnari og fallegri
- Gefur húðinni meiri ljóma
- Eykur rakastig húðarinnar



Sölustaðir: Lyf og heilsa, Heilsuhúsið, Apótekarinn, Lyfja, Lyfsalinn Glæsibæ, Apótek Garðabæjar, Urðarapótek og www.collagenvorur.is.



SKEMMTIPAKKINN
Tryggðu þér áskrift í síma 1817
Þú átt skilið skemmtilegra sjónvarp
Gerðu vel við þig í vetur og fáðu áskrift að öllu því helsta í innlendri og erlendri dagskrárgerð. Komdu þér vel fyrir og njóttu þess að horfa á allt það frábæra efni sem Skemmtipakkinn hefur upp á að bjóða. Með skemmtipakkanum færðu fjölbreytt afþreyingarefni fyrir alla fjölskylduna á Stöð 2, Stöð 3, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Krakkar og Stöð 2 Maraþon Now.
MARAÞON NOW
HEIMILI HBO
Krakkar
BÍÓ
365 SJÓNVARP
MARGFALT SKEMMTILEGRI
365.is | 1817

## Bílar & Farartæki

Bílalíf



**3.980.000 KR.**
LEXUS IS 300H EXE PLUS HYBRID. Árg.2014,ek.62.þús km,bensín og rafmagn,sjálfskiptur.Rnr.247428. Er á staðnum- S:5621717



**5.980.000 KR.**
VOLVO V60 D6 AWD PLUG-IN HYBRID SUMMUM.Árg.2017,ek. aðeins 21.þús km, dísel og rafmagn,sjálfskiptur,19" felgur,eyðsla aðeins 1.8 l/100km, Rnr.247397.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**






SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



Lítið keyrður Kia Sportage árg. 2011, ekinn 88 þ.km. Vel með farinn, í reglul. viðhaldi hjá Öskju og ennþá í ábyrgð. Sjálfskiptur, diesel vél og á nýjum vetrardekkjum. Verð: 2.490 þús. Uppl. í s. 896-0747.

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 og 663 5315

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Viðhald Getum bætt við okkur verkum í múrverk-flísalögnum-flotun og rennum og niðurföllum. Vönduð vinnubrögð og áralöng reynsla. Uppl. í s:6185286 Þórður

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Múrarar

**MÚRARAR**
Getum bætt við okkur stórum og smáum verkefnum strax. Allt almennt múrverk.

Flotun, flísalagnir, steypuvinna og.fl. Fagmenntaðir Íslenskir fagmenn
**ÞG-JG Verktakar Jón Gunnar 867-6698 Þorvarður 892-6101**

### Önnur þjónusta



Parketslípun og Málun www. parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parket og málarameistari að störfum. Hausttilboð 2900 kr Fm. 7728100



**Borgarafl ehf - Kranaleiga**
**Gott verð**
**Sími 660 1701 eða 660 1704**











# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**



HÚS Í HÚS
BYGGINGAVERKTAKAR
Getum bætt við okkur verkefnum
NÝSMÍÐI — 859 5900
VIÐHALD — www.husihus.is
BREYTINGAR — daniel@husihus.is




Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is




Fleiri myndir má finna á www.husanes.is




Húsanes kynnir:

# STÓRGLÆSILEG TVÍBÝLISHÚS

## að Leirdal 29-37 í hjarta Dalshverfis í Reykjanesbæ

Fullbúnar lúxuseignir með öllum gólfefnum – hægt að fá heitan pott með öllum eignum:

- Sérsmíðaðar innréttingar og granít á borðum
- Stórar 60x60 flísar á öllum gólfum ásamt gólfhita
- AEG heimilistæki og LED lýsing innan- og utandyra í öllum eignum
- Jarðhæðinni fylgir 58 m2 sólpallur og efri hæðinni fylgir fullbúinn bílskúr og 67,5 m2 þaksvalir
- Garður fullfrágenginn og hægt að fá heitan pott með öllum eignum
- Bílastæði hellulögð með hitalögn í gönguleið ásamt upplýstum blómakerjum og náttúrustein
- Jarðhæðin er 120 m2 og efri hæðin 133,8 m2 með bílskúr - allar eignir eru 4ra herbergja

Verð eigna er 47 m.kr. Möguleiki á viðbótarfjármögnun frá seljanda.
Afhending frá desember 2017 og nánari upplýsingar má finna á www.husanes.is eða hjá Eignasala.is í síma 420-6070 (eignasala@eignasala.is) og Sigrúnu Sigurðardóttur hjá Þingholti í síma 773-7617 (sigrun@tingholt.is)

**Húsanes Verktakar ehf.**

**Mannvirkjagerð er okkar fag**

# Keypt & Selt

## Til sölu



Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VÉLVÍK EHF**

óskar eftir starfsmanni í fjölbreytt störf á verkstæði. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf. Fyrri umsóknir óskast endurnýjaðar. Upplýsingar gefur Þórður Elefsen í síma 587 9960.

## Atvinna óskast

Áreiðanlegur 36 ára Lithái óskar eftir veggjavinnu, sem fastráðinn launamaður. Reynslumikill og duglegur við múrun/ pússun/ málun (steypa/gips). Tala mjög góða ensku. S: 762 4535

## Húsnæði óskast

**Hús/ hæð / raðhús í 110 RVK eða nágrenni óskast!**

Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð á sv. 110 eða nágrenni. Skoðum allt. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísar greiðslur.

**Nánari upplýsingar sendist á: sendtohelgi@gmail.com**

## Tilkynningar

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Breyting á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040**
**Samgöngu- og þróunarásar fyrir hágæðakerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu - Borgarlína**

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins auglýsir tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040, sbr. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Breytingartillagan er tilkomin vegna undirbúnings Borgarlínu - hágæða almenningssamgöngukerfis sem tengja á öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Með breytingunni eru markaðir samgöngu- og þróunarásar en Borgarlína mun liggja innan þeirra. Einnig eru sett fram leiðbeinandi áherslur sem lúta að uppbyggingu innan samgöngu- og þróunarása.

Breytingartillagan, ásamt umhverfisskýrslu, ábendingum Skipulagsstofnunar og þeim athugasemdum sem bárust við tillögudrögin, liggur nú frammi til sýnis á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi, hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b í Reykjavík og á skrifstofum allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til og með fimmtudagsins 18. janúar 2018. Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu SSH, www.ssh.is/svaedisskipulag

Þeir sem vilja kynna sér tillöguna frekar eru hvattir til að mæta á opið hús á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi á eftirtöldum dögum:

miðvikudaginn 13. desember kl. 11:30 - 13:30 og 15:30 - 17:30
fimmtudaginn 11. janúar kl. 11:30 - 13:30 og 15:30 - 17:30

Hver sá sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er hvattur til að kynna sér tillöguna.

**Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skrifstofu SSH, Hamraborg 9, 200 Kópavogi eða á netfangið ssh@ssh.is, eigi síðar en kl. 16:00 miðvikudaginn 17. janúar 2018.**

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

## Tilkynningar

Stjörnuegg hf. undirbúa nú, í samvinnu við EFLU verkfræðistofu, mat á umhverfisáhrifum fyrir aukna framleiðslugetu eggjabús að Vallá á Kjalarnesi Matið er unnið samkvæmt lögum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 660/2015. Drög að tillögu að matsáætlun hafa verið lögð fram til kynningar á heimasíðu EFLU, www.efla.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér drögin að tillögu að matsáætlun og leggja fram athugasemdir. Að auglýsingatíma loknum verða drögin, ásamt þeim athugasemdum sem berast, send Skipulagsstofnun til umfjöllunar.

Hægt er að koma ábendingum eða athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun til Friðriks K. Gunnarssonar hjá EFLU verkfræðistofu með tölvupósti á netfangið fridrik.gunnarsson@efla.is.

**Frestur til athugasemda er til 14. desember 2017**

**Umhverfissjóður sjókvíaeldis auglýsir**

Lög nr. 71/ 2008 um fiskeldi, með síðari breytingum kveða á um að starfræktur skuli Umhverfissjóður sjókvíaelds.

Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis. Sjóðurinn greiðir kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður. Jafnframt er heimilt að veita veiðiréttarhöfum styrki til að mæta kostnaði eða tekjumissi sem ekki er hægt að rekja til ákveðinnar eldisstöðvar.

Megin tekjur sjóðsins er árgjald sem innheimt er af rekstrarleyfishöfum sjókvíaeldis.

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Á vefslóð sjóðsins (www.umsj.is) má finna umsóknareyðublöð ásamt leiðbeiningum til umsækjenda.

Umsóknum skal skilað til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis, Skúlagötu 4, 5. hæð, 101 Reykjavík, fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 17. janúar 2018.

Frekari upplýsingar veitir Annas Jón Sigmundsson í síma 545-9700 eða í tölvupósti annas@anr.is.

Umhverfissjóður sjókvíaeldis

**Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi**

**www.hagvangur.is**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Grísakjöt af **NÝSLÁTRUÐU**



**798** kr. kg

**Bónus Grísahakk**
Ferskt

**TILBÚIÐ** á pönnuna

**ÚRBEINAÐAR**



**2.598** kr. kg

**Íslandslamb Miðlærissneiðar**
Í raspi, beinlausar, ferskar

**KAUPAUKI**



500g

**Kauptu tvo Merrild 103 og fáðu Mackintosh 265 g í kaupbæti**

Matarmiklar súpur **FULLELDAÐAR** Aðeins að hita



**1.598** kr. 1 kg

**Ungversk Gúllassúpa**, 1 kg
**Mexíkósk Kjúklingasúpa**, 1 kg

Tilvalið í **JÓLAKRANSINN**



**998** kr. 1 kg

**Walkers Karamellur**
1 kg

**BÓNUS ALLRA LANDSMANNA**



**898** kr. 400 g

**Te & Kaffi Jólakaffi**
Malað eða baunir, 400 g



**598** kr. 1 l

**Milt Sturtusápa**
1 lítri



**198** kr. 500 ml

**Gunry Jólahandsápa**
500 ml, 3 teg.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Vinsælar bækur í BÓNUS




4.495 kr. stk.

**Skuggarnir**
Stefán Máni




4.495 kr. stk.

**Myrkrið veit**
Arnaldur Indriðason



4.495 kr. stk.

**Gatið**
Yrsa Sigurðardóttir




4.595 kr. stk.

**Heima**
Sólrún Diego




3.998 kr. stk.

**Sönglögin okkar**
Jón Ólafsson - Úlfur Logason




3.998 kr. stk.

**Vögguvísurnar okkar**
Jón Ólafsson - Úlfur Logason




3.298 kr. stk.

**Amma best**
Gunnar Helgason




3.298 kr. stk.

**Henrí hittir í mark**
Þorgrímur Þráinsson




798 kr. 1 l

**Sám 2000 Túrbó**
Tjöru- og olíuhreinsir, 1 lítri




598 kr. 4 l

**Rúðuvökvi**
-18°C, 4 lítrar




598 kr. 2 l

**Sonax Bílaþvottasápa**
2 lítrar



# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Fókusa þarf á forvarnir í stað meðferða




**Guðmundur G. Hauksson**
framkvæmdastjóri Gordon Training Iceland

**Ingólfur Þór Tómasson**
samskiptaráðgjafi hjá Gordon Training Iceland

Öll samfélög á Vesturlöndum eru að takast á við vandamál sem skapast vegna andlegs ofbeldis í fyrirtækjum og stofnunum. Rannsóknir sýna að hér á Íslandi viðgengst andlegt ofbeldi eða einelti á vinnustöðum hjá um 11-12% fyrirtækja og stofnana. 71.000 fyrirtæki voru með starfsemi á Íslandi á árinu 2016 og 11% af þeim fjölda væri um 7.800 fyrirtæki. Ef við gerum ráð fyrir að það sé einn aðili í hverju þessara fyrirtækja sem hafi orðið fyrir andlegu ofbeldi, væru það um 7.800 manns á árinu 2016.

Samkvæmt rannsóknum frá Bandaríkjunum telja meira en 60% af þeim sem verða fyrir andlegu ofbeldi að eina leiðin sé að hætta störfum, sem væru þá, til samanburðar, um 4.600 manns á ári hér á Íslandi. Andlegt ofbeldi er þannig að hafa veruleg áhrif á starfsemi fyrirtækja, sem missa út reynslu og þekkingu þeirra starfsmanna sem fara og þurfa í framhaldinu að kosta til við þjálfun á nýju starfsfólki.

Andlegum öryrkjum fjölgar hvergi meira í Evrópu en á Íslandi, en hugsanlega má rekja það til fleiri þátta en andlegs ofbeldis á vinnustöðum. Á Geðræktardaginn 10. október 2017 var haldin ráðstefna á Grand Hóteli um kulnun í starfi og vanlíðan á vinnustað þar sem um 300 manns mættu, að stærstum hluta konur. Er þessi mikli fjöldi kvenna að endurspegla vanlíðan þeirra á vinnustöðum.

Boðið er upp á mikið af virkum úrræðum fyrir þá sem verða fyrir heilsutapi vegna andlegs ofbeldis og Virk og fleiri aðilar hafa náð miklum árangri í að endurhæfa fólk og koma því aftur inn á vinnumarkaðinn. Mikill fjöldi annarra aðila s.s. sálfræðinga og geðlækna býður upp á meðferðir og aðstoð við fólk í þessu umhverfi.

Spurning er hvort verið sé að einblína um of á viðbrögð við vandamálinu, en verið sé að leggja minni áherslu á forvarnir til að minnka eða kom í veg fyrir afleiðingar af andlegu ofbeldi. Það væri áhugavert að vita hversu mikinn kostnað fyrirtæki, stéttarfélög og stofnanir bera af þessu meðferðar- og umönnunarumhverfi og bera það saman við hversu mikið fjármagn hefur verið notað í forvarnir og hvort það hafi skilað mælanlegum árangri. Allavega virðist andlegum öryrkjum vera að fjölga og vandamálið því að stækka. Við þurfum líka að spyrja okkur hvort þessi fókus á viðbrögð við vandamálinu og sá mikli fjöldi aðila sem starfar á þessum vettvangi sé hugsanlega að hamla eða standa í vegi fyrir virku forvarnarstarfi.

Stjórnunarhættir hafa undanfarinn áratug verið að breytast og áhersla að aukast á samráðsstjórnun, samvinnu og aukna þátttöku starfsfólks í umræðu og ákvörðunartöku í starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana. Áratuga rannsóknir hafa sýnt að það er bein tenging við samráð og samskiptafærni starfsmanna við afkomu í rekstri fyrirtækja og stofnana. Áherslur í þessu voru þegar komnar fram fyrir síðustu aldamót og vaxandi fjöldi rannsókna sýnir að fyrirtæki með samstarfsstjórnun standa fjárhagslega betur en þau sem byggja á miðstýringu í stjórnun. Fleiri og betri hugmyndir, frjálst flæði upplýsinga, betri ákvarðanir, meiri framleiðni, betri starfsandi og minni fjarvistir hafa haft verulega jákvæð áhrif á þessa niðurstöðu.

Fyrirtæki og stofnanir sem stuðla að þátttöku starfsmanna og frjálsu flæði upplýsinga standa marktækt betur en fyrirtæki sem aðhyllast miðstýringu. (Lewin, 1988)

Tíu ára rannsókn á 30 fyrirtækjum sem birt var á árinu 1996 sýndi að „fyrirtæki og stofnanir sem ástunda góða samstarfsstjórnun skapa umhverfi sem dregur úr og jafnvel útilokar marktækt vinnustaðastreitu. Þau hafa líka hærri veltu, meiri hagnað, hraðari vöxt og meiri framlegð.“ (Dennis Kravetz, 1996)

Að gefa starfsfólki tækifæri til að taka fullan þátt í sínu starfsumhverfi, skilar minni starfsmannaveltu, auknum framleiðni og betri afkomu. (Huselid og Becker, 1995)

Góðu fréttirnar eru að það er hægt að breyta þessum gömlu miðstýringarstjórnunaraðferðum og innleiða í fyrirtæki umhverfi sem byggir á samstarfsstjórnun, lausnamiðuðum samskiptum og átakafærni sem byggir á markmiðum um hagkvæma niðurstöðu fyrir starfsfólk, stjórnendur, fyrirtæki og stofnanir.






# Ísland lukkuþjóð Brassa á HM

**Brasilía er ein af þjóðunum sem geta endað í riðli með Íslandi á HM í Rússlandi 2018 en dregið verður í riðla í Kreml á morgun. Brassarnir ættu að vonast eftir því að mæta íslenska landsliðinu næsta sumar.**

**FÓTBOLTI** Brasilía er eina knattspyrnuþjóð heimsins með fimm stjörnur á búningnum sínum en Brassarnir hafa nú beðið í sextán ár eftir að bæta þeirri sjöttu við. Hver stjarna táknar heimsmeistaratitil og þar hefur engin þjóð ógnað setu Brasilíu á toppnum síðan Pelé varð heimsmeistari í þriðja sinn sinn fyrir tæpum fimm áratugum.

Síðan Brasilía varð heimsmeistari síðast, á Yokohama leikvanginum 30. júní 2002, hafa Ítalir, Spánverjar og Þjóðverjar unnið heimsmeistaratitilinn en Brasilíumenn hafa tvisvar verið slegnir út í átta liða úrslitunum og töpuðu síðan 7-1 á móti verðandi heimsmeisturum, Þjóðverjum, í undanúrslitum á HM á heimavelli sumarið 2014.

**Pelé eða Ísland**

Frá því að Pelé lagði skóna á hilluna með brasilíska landsliðinu eftir HM í Mexíkó 1970 hafa Brasilíumenn aðeins tvisvar unnið heimsmeistaratitilinn. Þegar betur er að gáð þá komum við Íslendingar við sögu á þessum síðustu heimsmeistaraárum hjá Brössum.

Keppnirnar 1994 og 2002 eiga nefnilega eitt sameiginlegt. Brasilíska liðið spilaði vináttulandsleik við Ísland í aðdraganda mótanna. Tvær af stærstu stjörnum Brasilíumanna á síðustu árum, Ronaldo og Kaká, skoruðu til dæmis báðir fyrstu landsliðsmörkin sín í þessum leikjum við íslenska landsliðið. Hvort sem öruggir og sannfærandi sigrar Brasilíumanna á Íslendingum færðu liðinu aukið sjálfstraust eða gæfu þá varð niðurstaðan seinna um sumarið sú sama.

**Fyrir 24 árum**

Hinn 4. maí 1994 mættust Brasilía og Ísland í vináttulandsleik í Florianopolis. Brasilíumenn unnu leikinn 3-0.

Þetta var sögulegur dagur fyrir leikmann númer sjö í brasilíska liðinu en það var hinn sautján ára gamli Ronaldo. Ronaldo byrjaði leikinn og kom Brasilíumönnum yfir á 30. mínútu. Þetta var hans fyrsta landsliðsmark en þau áttu eftir að verða 62 í 98 leikjum, þar af fimmtán þeirra í úrslitakeppni HM.



**Grétar Rafn Steinsson byrjaði landsliðsferilinn á því að skora gegn Brasilíu.**

Ronaldo átti flottan leik en hann fiskaði einnig vítaspyrnuna rétt fyrir hálfleik þar sem Zinho kom Brasilíu í 2-0. Viola skoraði síðasta markið þremur mínútum fyrir leikslok.

Svo 74 dögum síðar tryggðu Brasilíumenn sér sinn fyrsta heimsmeistaratitil í 24 ár eftir sigur á Ítölum í vítakeppni í Rose Bowl í Los Angeles. Roberto Baggio klikkaði á lokaspyrnunni og Brasilía varð heimsmeistari í fyrsta sinn síðan að Pelé hætti.

**Fyrir 16 árum**

Þann 7. mars 2002 mættust Brasilía og Ísland í vináttulandsleik í Cuiabá. Brasilíumenn unnu leikinn 6-1. Brasilíuferðin kom mjög skyndilega upp og Íslendingar gátu ekki stillt upp sínu besta liði. Grétar Hjartarson, Grétar Rafn Steinsson, Þorvaldur Makan Sigbjörnsson, Guðmundur Steinarsson og Ólafur Þór Gunnarsson spiluðu til dæmis allir sinn fyrsta landsleik þetta kvöld.

Þetta var sögulegur dagur fyrir leikmann númer átta í brasilíska liðinu en það var hinn nítján ára gamli Kaká. Kaká byrjaði leikinn og kom Brasilíumönnum í 3-0 í upphafi seinni hálfleiks. Þetta var hans fyrsta landsliðsmark en þau áttu eftir að verða 29 í 92 leikjum. Anderson Polga og Kléberson höfðu komið brasilíska liðinu í 2-0 á fyrstu tuttugu mínútunum.

Í seinni hálfleik bættu þeir Kaká, Gilberto Silva og Edílson við mörkum áður en Anderson Polga skoraði sitt annað mark.

Nýliðinn Grétar Rafn Steinsson kom inn á sem varamaður á 58. mínútu og minnkaði muninn í 6-1 fimmtán mínútum síðar. Næsti landsleikur Grétars Rafns kom ekki fyrr en þremur árum síðar en hann hóf landsleikjaferil sinn á leikjum á móti Brasilíu, Króatíu og Ítalíu.

Það var svo 115 dögum síðar sem Brasilíumenn tryggðu sér sinn fimmta heimsmeistaratitil frá upphafi eftir 2-0 sigur á Þjóðverjum í úrslitaleik í Japan. Ronaldo, sá hinn sami og opnaði markareikning sinn með landsliðinu á móti Íslandi átta árum fyrr, skoraði bæði mörkin í úrslitaleiknum og varð markakóngur HM 2002 með átta mörk.

**Hvað kemur upp úr pottinum?**

Á morgun verða Brasilíumenn í fyrsta styrkleikaflokki að venju og verða komnir upp úr pottinum þegar kemur að þriðja styrkleikaflokknum sem geymir íslenska landsliðið. Brasilíska landsliðið fór sannfærandi í gegnum undankeppnina og er eins og er í öðru sæti á styrkleikalista FIFA. Eins og áður er liðið eitt af þeim sigurstranglegustu á stærsta sviðinu.

Hvort sem Brasilíumenn eru tilbúnir að gefa lukkuþjóð sinni norður í Atlantshafi eitthvert kredit eða ekki þá geta þeir ekki neitað að þarna eru tengsl. Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari Íslands, vill ekki mæta HM-þjóðum í aðdraganda keppninnar og því er eina leiðin fyrir Brassana til að grípa Íslandsgæsina að lenda í riðli með Íslandi á morgun. **ooj@frettabladid.is**



**1994**

**Hinn 17 ára gamli Ronaldo sést hér fyrir ofan með Heimsmeistarabikarinn en aðeins 74 dögum áður hafði hann skorað sitt fyrsta landsliðsmark í 3-0 sigri Brasilíu í vináttulandsleik á móti Íslandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTY



**2002**

**Hinn 25 ára gamli Ronaldo með heimsbikarinn eftir sigur á Þýskalandi í úrslitaleik HM 2002. Við hliðina á honum er hinn tvítugi Kaka sem hafði 115 dögum fyrr skorað sitt fyrsta landsliðsmark í 6-1 sigri í vináttulandsleik á móti Íslandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTY

Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 14. umferðar 2017-18**

**Arsenal - Huddersfield 5-0**
1-0 Alexandre Lacazette (3.), 2-0 Olivier Giroud (68.), 3-0 Alexis Sánchez (69.), 4-0 Mesut Özil (72.), 5-0 Giroud (87.).

**Chelsea - Swansea 1-0**
1-0 Antonio Rüdiger (55.).

**Bournemouth - Burnley 1-2**
0-1 Chris Wood (37.), 0-2 Robbie Brady (65.), 1-2 Joshua King (79.).

**Stoke - Liverpool 0-3**
0-1 Sadio Mané (17.), 0-2 Mohamed Salah (77.), 0-3 Salah (83.).

**Everton - West Ham 4-0**
1-0 Wayne Rooney (18.), 2-0 Rooney (28.), 3-0 Rooney (66.), 4-0 Ashley Williams (78.).

**Man. City - Southampt. 2-1**
1-0 Kevin De Bruyne (47.), 1-1 Oriol Romeu (75.), 2-1 Raheem Sterling (90+6.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 40 | Stoke | 13 |
| Man. Utd. | 32 | West Brom | 12 |
| Chelsea | 29 | West Ham | 10 |
| Arsenal | 28 | Swansea | 9 |
| Liverpool | 26 | Crystal Palace | 9 |

### Olís-deild karla

**FH - Fram 39-26**
**Markahæstir**: Jóhann Karl Reynisson 10, Gísli Þorgeir Kristjánsson 10, Einar Rafn Eiðsson 6/2, Óðinn Þór Ríkharðsson 6, Ásbjörn Friðriksson 3 - Arnar Birkir Hálfdánsson 7, Andri Þór Helgason 6, Guðjón Andri Jónsson 3, Davíð Stefán Reynisson 2, Svanur Páll Vilhjálmsson 2, Sigurður Örn Þorsteinsson 2, Matthías Daðason 2/1.

### Domino's-deild kvenna

**Skallagrímur - Valur 79-82**
**Stigahæstar**: Carmen Tyson-Thomas 34/18 fráköst, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 27/11 fráköst - Alexandra Petersen 14/8 fráköst/5 stolnir, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 13, Guðbjörg Sverrisdóttir 12/7 stoðsendingar.

**Haukar - Snæfell 68-77**
**Stigahæstar**: Helena Sverrisdóttir 20/12 fráköst/7 stoðsendingar, Rósa Björk Pétursdóttir 16/8 fráköst - Kristen Denise McCarthy 38/13 fráköst/5 stoðsendingar, Berglind Gunnarsdóttir 17/6 fráköst.

**Keflavík - Breiðablik 74-66**
**Stigahæstar**: Brittanny Dinkins 26/17 fráköst/9 stoðsendingar, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 16, Erna Hákonardóttir 8 - Ivory Crawford 28/19 fráköst, Telma Lind Ásgeirsdóttir 16/9 fráköst.

**Stjarnan - Njarðvík 77-60**
**Stigahæstar**: Danielle Rodriguez 27/10 fráköst/7 stoðsendingar, Bríet Sif Hinriksdóttir 20, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 15/8 fráköst - Shalonda Winton 25/22 fráköst, María Jónsdóttir 16/12 fráköst.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 14 | Skallagrímur | 12 |
| Stjarnan | 12 | Breiðablik | 10 |
| Haukar | 12 | Snæfell | 8 |
| Keflavík | 12 | Njarðvík | 0 |

## Í dag

**17.30 Hero World Challenge** Golfs.
**17.50 ÍBV - Afturelding** Sport

**Olís-deild karla**
**18.00 ÍBV - Afturelding**
**19.30 Selfoss - Stjarnan**
**19.30 Valur - Grótta**
**19.30 ÍR - Haukar**
**20.00 Fjölnir - Víkingur**


JÓLAPINNAR
JARÐARBERJAÍS
kjörís



✝

**Reimar Magnússon**
frá Búðum

lést föstudaginn 17. nóvember síðastliðinn á dvalarheimilinu Grund. Jarðarförin hefur þegar farið fram í kyrrþey.

Hjartnæmar þakkir til starfsfólks Grundar 3V fyrir einstaka umönnun, umhyggju og hlýju.

**Guðný Ólöf Reimarsdóttir** **Guðjón Jónsson**
**Inga Lára Reimarsdóttir** **Hilmar Þór Elefsen**
**Magnea Vala Reimarsdóttir** **Ægir Þór Viðarsson**
**afabörn og langafabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Hermannsdóttir**
Víðilundi 20, Akureyri,

lést 16. nóvember sl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 1. desember kl. 13.30.

**Hermundur Jóhannesson** **Þórunn Gunnarsdóttir**
**Friðný Jóhannesdóttir**
**Helgi Jóhannesson** **Stefanía G. Sigmundsdóttir**
**Guðrún Jóhannesdóttir**
**Hjalti Jóhannesson** **Fjóla Kristín Helgadóttir**
**Lilja S. Jóhannesdóttir** **Unnar Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Sigfríðar Runólfsdóttur**
Hraunbúðum, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hraunbúða fyrir kærleiksríka og einstaka umönnun.

**Erna Alfreðsdóttir** **Sigurður Kristinsson**
**Sigurlaug Alfreðsdóttir** **Sigurjón Óskarsson**
**Runólfur Alfreðsson** **María Gunnarsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur.**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Arnar S. Andersen**
fyrrv. bifreiðaeftirlitsmaður og húsvörður,

varð bráðkvaddur að heimili sínu, Álfatúni 16, Kópavogi, föstudaginn 24. nóvember síðastliðinn.

**Borghildur Þorgeirsdóttir**
**Hallur Arnarsson** **Jóhanna Reynisdóttir**
**Magnús Arnarsson** **Unnur Ágústsdóttir**
**Hildur Ýr Arnarsdóttir** **Örn Arnarson**
**Arna Björg Arnarsdóttir** **Arnar Felix Einarsson**
**afabörn og langafabörn.**



✝

Bróðir okkar, mágur og frændi,

**Stefán Þórormur Magnússon**
frá Bæ, Fáskrúðsfirði, til heimilis að Miðvangi 18, Egilsstöðum,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Uppsölum miðvikudaginn 15. nóvember. Útförin fer fram frá Fáskrúðsfjarðarkirkju, laugardaginn 2. desember kl. 13.00.

**Guðmundur I. Magnússon** **Dagbjört Sigurðard. Hammer**
**Hákon Magnússon**
**Björg Guðmundsdóttir Hammer**
**Sigríður Guðmundsdóttir Hammer**
**Kristín Guðmundsdóttir Hammer**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**



**Grafík hefur engu gleymt síðan þessi mynd var tekin.**

# Þrjátíu ára útgáfuafmæli Leyndarmáls Grafíkur

Árið 1987 gaf hljómsveitin Grafík út plötuna Leyndarmál en þar kom Andrea Gylfadóttir inn sem söngkona sveitarinnar. Í tilefni af útgáfuafmælinu ætlar sveitin að halda tvenna tónleika þar sem platan verður leikin, í Bæjarbíói í kvöld og á Græna hattinum á morgun.

Ég hugsaði fyrst um þessa tónleika fyrir um tíu árum, þegar platan varð tuttugu ára – en það dróst í tíu ár að kýla á þessa hugmynd. Upphaflega hafði ég hugsað mér þetta smátt í sniðum þar sem við kæmum fyrst og fremst fram okkur sjálfum til ánægju. En svo vorum við hvött til að stækka salinn og því förum við í Bæjarbíó – það er alveg að verða uppselt, þannig að það gengur framar vonum,“ segir Rúnar Þórisson, gítarleikari og einn stofnenda sveitarinnar goðsagnakenndu Grafíkur, en sveitin kemur saman í kvöld í tilefni af 30 ára afmæli fimmtu plötu hennar sem heitir Leyndarmál, og spilar plötuna í heild sinni í Bæjarbíói. Sveitin heldur svo norður til Akureyrar og endurtekur leikinn á Græna hattinum.

„Það er mikil tilhlökkun og ánægja yfir að fara í þetta verkefni. Það er ótrúlegt hvað það var fljótlegt að þurrka rykið af þessari gömlu plötu. Sumt af þessu hefur náttúrulega ekkert verið spilað í þrjátíu ár – við höfum ekkert verið að spila meginhluta plötunnar. Við höfum jú komið saman annað slagið, svona á þriggja til fimm ára fresti og þá hafa vinsælustu lögin verið tekin, Presley og Prinsessan til dæmis.“

> **Það er ótrúlegt hvað það var fljótlegt að þurrka rykið af þessari gömlu plötu. Sumt af þessu hefur náttúrulega ekkert verið spilað í þrjátíu ár – við höfum ekkert verið að spila meginhluta plötunnar.**

Grafík kom saman árið 2004 og svo 2011 og í tilefni af afmælistónleikum Andreu Gylfa – svo að um er að ræða merkisviðburð.

*Ætlið þið bara að taka alla plötuna, láta hana rúlla frá lagi eitt og til enda?* „Við ruglum eitthvað í röðinni en tökum þessa plötu alla. Konseptið er fyrst og fremst það að spila plötuna af þessu tilefni en það er þó aldrei að vita hvort fáein aukalög falli með, það kemur bara í ljós. Það er bara rosalega gaman að koma saman aftur og hitta þessi lög fyrir og bæði byggja á því sem við gerðum þá og koma kannski að einhverju leyti með nýja vinkla á það.“

Leyndarmál var eina platan sem Grafík gerði með Andreu Gylfadóttur. Áður hafði Helgi Björnsson verið með hljómsveitinni á tveimur plötum og þar á undan Ólafur Guðmundsson. Einnig bættist Baldvin Sigurðsson, bassaleikari Baraflokksins, í hópinn.

Í kvöld verður uppstillingin þannig að Egill Rafnsson leysir föður sinn, Rafn Jónsson, af á trommum, en Rafn lést árið 2004. Rafn var einn af stofnendum sveitarinnar ásamt Rúnari og Erni Jónssyni. Andrea Gylfadóttir syngur, Baldvin Sigurðsson er á bassa, Hjörtur Howser á hljómborð og Rúnar á gítar.

*Nú er svolítið í tísku að endurútgefa gamlar plötur á vínyl, eruð þið að undirbúa eitthvað þannig?* „Þú ert bara að koma með þá pælingu núna, þakka þér fyrir. En það var pæling að gera nýtt lag en það vannst ekki tími til þess í þetta sinn þannig að við látum þetta duga í bili. En það er eftirspurn eftir bandinu annars staðar á landinu og í öðrum húsum, þannig að það er aldrei að vita hvað gerist.“ **stefanthor@frettabladid.is**



✝

Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**Guðrún Guðmundsdóttir**

lést á Hrafnistu 13. nóvember sl. Útförin fer fram frá Áskirkju 4. desember kl. 13.00.

**Kristinn K. Dulaney** **Guðný Árnadóttir**
**Guðjón Sólmundsson** **Sigríður K. Samúelsdóttir**
**Margrét Sólmundsdóttir** **Björn Arason**
**Magnús H. Sólmundsson** **Þóranna Halldórsdóttir**



✝

Yndisleg móðir okkar,

**Margrét Árnadóttir**
frumkvöðull og hönnuður frá Hánefsstöðum í Seyðisfirði,

lést á Landspítalanum þann 24. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

**Valgeir Guðjónsson**
**Guðrún Arna Guðjónsdóttir**
**Sigríður Anna Guðjónsdóttir**

markhönnun ehf

# nettó




**GATIÐ**
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
**4.619 KR STK**




**GUNNAR BIRGISSON**
ORRI PÁLL ORMARSSON
**5.249 KR STK**




**ÞRAUTGÓÐIR Á RAUNASTUND**
STEINAR J. LÚÐVÍKSSON
**4.899 KR STK**




**UPPREISNARMENN FRJÁLSHYGGJUNNAR**
**5.249 KR STK**




**SAKRAMENTIÐ**
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
**4.899 KR STK**




**MISTUR**
RAGNAR INGI AÐALSTEINSSON
**4.899 KR STK**




**RÚNA - ÖRLAGASAGA**
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON
**4.899 KR STK**




**PERLAN**
BIRNA ANNA BJÖRNSDÓTTIR
**4.899 KR STK**




**EKKI GLEYMA MÉR**
KRISTÍN JÓHANNSDÓTTIR
**4.899 KR STK**




**BIEBER OG BOTNRASSA**
HARALDUR F. GÍSLASON
**3.429 KR STK**




**FERÐIN TIL MARS**
EYRÚN JÓNSD. & HELGI SVERRISS.
**3.429 KR STK**




**HELGI**
ÞORVALDUR KRISTINSSON
**5.599 KR STK**

**Tilboðin gilda 30. nóvember - 3. desember 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Ákveðin suðvestanátt í dag og nokkuð hvasst á Norðvesturlandi. Súld eða rigning, en þurrt að kalla á austanverðu landinu. Hiti 3 til 8 stig.










### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | 9 | 8 | | | |
| | | | | | | | 4 | 8 |
| | 2 | | 3 | 5 | | 6 | | |
| 8 | | | 5 | | 3 | | 1 | |
| | 7 | | | | 9 | 2 | 3 | |
| | | 9 | 6 | 1 | | | | |
| | | | 2 | | 1 | | 8 | |
| | 6 | | | | | | 2 | 3 |
| | | | 7 | | 5 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 1 | 3 | | 9 | |
| 5 | | | 7 | | | 1 | | |
| | 1 | | 6 | | | | 5 | |
| | 9 | 5 | 2 | | | | 4 | |
| | | 6 | 4 | | | 8 | | |
| 3 | 7 | | | 5 | 1 | | | |
| 6 | | | | | 8 | | | 4 |
| | 5 | 9 | | | 7 | | 8 | |
| | | | | 6 | | 9 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | | | | | | | |
| | 6 | 1 | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | 2 | 8 | | | 3 | | |
| | 1 | 6 | | | | | | 7 |
| 9 | 7 | | | | 3 | 2 | 4 | |
| | | | | | 5 | 9 | | 1 |
| 6 | 2 | | 9 | | | 4 | 5 | |
| | | | | | 8 | | | |
| | | | | 3 | 4 | | | 9 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. varsla
6. stefna
8. eðja
9. frostskemmd
11. búsmali
12. langt op
14. fet
16. strit
17. gljúfur
18. ástæður
20. átt
21. innyfli

**LÓÐRÉTT**
1. spil
3. frá
4. örvandi efni
5. viður
7. fjarskiptatæki
10. draup
13. sarg
15. óforsjálni
16. fugl
19. kvað



**LÁRÉTT:** 2. vakt, 6. út, 8. for, 9. kal, 11. fé, 12. klauf, 14. skref, 16. at, 17. gil, 18. rök, 20. na, 21. iður. **LÓÐRÉTT:** 1. púkk, 3. af, 4. koffein, 5. tré, 7. talstöð, 10. lak, 13. urg, 15. flas, 16. ari, 19. ku.

## Skák Gunnar Björnsson

Friðrik Ólafsson átti leik gegn Mikhail Tal í Moskvu árið 1975.

**Hvítur á leik**

**22. Dxc8+! 1-0.** Í kvöld fer fram skemmtikvöld Skáksambands Íslands í Faxafeni 12. Skemmtikvöldið hefst kl. 20. Friðrik fer þar yfir millisvæðamótið í Portoroz árið 1958.

**www.skak.is.** Ný skákstig.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 3 | 2 | 5 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 3 | 2 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 2 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 9 | 6 | 8 | 3 | 2 | 1 | 4 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 |
| 8 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 3 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 4 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 4 | 3 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 4 | 3 | 8 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 8 | 6 | 7 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 7 | 9 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 9 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 7 | 5 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





HAGSTÆTT FYRIR HEIMILIÐ
ICELAND MEAL IN A BAG 750gr - allar tegundir 599 KR. PK.
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 349 KR. STK.
KJÖRFUGL BRINGUR 1599 KR. KG
CHICAGO TOWN PIZZUR 2pk - allar tegundir 299 KR. PK.
ICELAND 14 STICKY CHICKEN SKEWERS 1299 KR. PK.
ICELAND WESTCOUNTRY SALTED FUDGE INDIVIDUAL CHEESECAKES 399 KR. PK.
ICELAND 4 BELGIAN CHOCOLATE MELT IN THE MIDDLE PUDDINGS 599 KR. PK.
ICELAND 16 VEGETABLE SPRING ROLLS 299 KR. PK.
ICELAND 100 INDIAN PLATTER 1299 KR. PK.
ICELAND 2 VERY BERRY INDIVIDUAL CHEESECAKES 399 KR. PK.
ICELAND 6 DESSERT POTS 899 KR. PK.
ICELAND 35 BREADED FISH FINGERS 499 KR. PK.
ANDREX 9 RÚLLUR 899 KR. PK.
ICELAND SALTED CARAMEL CHEESECAKE 899 KR. PK.
PEPSI/PEPSI MAX /APPELSÍN 500ML DÓSx24 1599 KR. KS.
JÓLADAGATÖL VERÐ FRÁ 199 KR. STK. MIKIÐ ÚRVAL
Sóma langloka og 500 ml gos í plasti frá Ölgerðinni 599 KR. PK.
Sóma samloka og 500 ml gos í plasti frá Ölgerðinni 499 KR. PK.
50% AFSLÁTTUR Í NAMMILANDI FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG – VERÐ 1250 KR/KG Verð aðra daga 2499 KR/KG
BEN&JERRY'S - allar tegundir 499 KR. PK. Verð áður 899 KR/PK.
OPIÐ 24 TÍMA
Jólareikningur Netgíró VERSLAÐU Í DAG. BORGAÐU Í FEBRÚAR. Netgíró
Iceland
ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG – HAFNARGATA

markhönnun ehf

# netto

STJÖRNU GRÍS

-50%



## SÆNSK SKINKA
**999 KR KG**
ÁÐUR: ~~1.998 KR/KG~~

*Hátíðarlegt!*



-34%

## KJÚKLINGALUNDIR
700 GR.
**989 KR PK**
ÁÐUR: ~~1.498 KR/PK~~

*Gómsætt í matinn*



## KALKÚNN DOUX
HEILL 5,6 KG
**998 KR KG**



KJÖTSEL

## LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
**2.068 KR KG**
ÁÐUR: 2.298 KR/KG

-25%



## BEEF WELLINGTON
TILBÚIÐ TIL BÖKUNAR.
**5.999 KR KG**
ÁÐUR: ~~7.998 KR/KG~~

-21%




## EPLASKÍFUR
CORONET 20STK 560 GR.
**299 KR PK**
ÁÐUR: ~~379 KR/PK~~

KJÖTSEL



*Gamla góða*

## HANGILÆRI Á BEINI
**1.990 KR KG**
ÁÐUR: ~~2.398 KR/KG~~

*Heilsuréttir Guðrúnar Bergmann*




-20%

## MAROKKÓBOLLUR
M. HRÍSGRJÓNUM
**798 KR PK**
ÁÐUR: ~~998 KR/PK~~

## KJÚKLINGARÉTTUR
M. GRÆNMETI
**798 KR PK**
ÁÐUR: ~~998 KR/PK~~




-20%




-20%

## KÓKOSKARRÝPOTTRÉTTUR
M. HÝÐISHRÍSGRJÓNUM
**718 KR PK**
ÁÐUR: ~~898 KR/PK~~

**Tilboðin gilda 30. nóvember - 3. desember 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

-30%



KJÖTBORÐ

**GRÍSASTROGANOFF**
Í SAMVINNU VIÐ KOKK ÁRSINS
**1.329 KR KG**
ÁÐUR: ~~1.898 KR/KG~~






Hollta KJÚKLINGUR

**HÁTÍÐARKJÚKLINGUR**
**988 KR KG**
ÁÐUR: ~~1.098 KR/KG~~






KJÖTBORÐ

-30%

**ÍTALSKUR GRÍSAPOTTRÉTTUR**
Í SAMVINNU VIÐ KOKK ÁRSINS
**1.329 KR KG**
ÁÐUR: ~~1.898 KR/KG~~

**HEIMILISRÉTTIR FYRIR 2**
OG ÞÚ ÞARFT EKKERT MEIRA!




**HEIMARÉTTIR**
NAUTASTEIK
**3.798 KR PK**

**HEIMARÉTTIR**
MANGÓ KJÚKLINGUR
**2.998 KR PK**

**HEIMARÉTTIR**
TANDOORI LAMB
**2.998 KR PK**



-50%

VERÐ SPRENGJA!

**RAUÐKÁL**
**189 KR KG**
ÁÐUR: ~~378 KR/KG~~




**HIT KEX**
MINI MILK/SÚKKULAÐI 130 GR.
**179 KR STK**
ÁÐUR: ~~199 KR/STK~~

Jólanammið



**ONLY JÓLASVEINN**
SÚKKULAÐI 150 GR.
**289 KR PK**




**HIT KEX**
SÚKKULAÐI/VANILLA 220 GR.
**198 KR STK**
ÁÐUR: ~~239 KR/STK~~

Fjöllegt!




**MACKINTOSH**
240 GR. DÓS
**498 KR PK**







**RISTORANTE PIZZA 26CM**
SPECIALE
MOZZARELLA
PEPPERONI&SALAMI
HAWAII
**390 KR PK**
ÁÐUR: 459 KR/PK

**LB KARAMELLUTERTA**
STÓR. 900 GR.
**1.424 KR STK**
ÁÐUR: ~~1.897 KR/STK~~




-25%

**ONLY JÓLAKÚLUR**
SÚKKULAÐI 400 GR.
**498 KR PK**



„Við fylgjumst með þróun sambands sem er hjartað í sýningunni, þessi stóra vináttu- og ástarsaga,“ segir Tryggvi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Óður til tölvuleikjanna og aðvörun á sama tíma

**SOL er nýtt leikverk sem Sómi þjóðar frumsýnir í Tjarnarbíói annað kvöld, 1. desember. Það byggir á ástarsögu úr samtímanum. Tryggvi Gunnarsson er meðhöfundur og leikstjóri.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



SOL er falleg ástarsaga um tvo týnda einstaklinga sem finna hvor annan en lifa lífi sínu að miklu leyti í tölvunni, í netleikjum, á samfélagsmiðlum og spjallrásum,“ segir Tryggvi Gunnarsson, leikstjóri verksins SOL, sem frumsýnt verður í Tjarnarbíói annað kvöld.

Tryggvi er líka höfundur SOL ásamt Hilmi Jenssyni. Hann segir verkið fjalla bæði um stöðu fólks í raunveruleikanum og sýndarheiminum. „Við Hilmir erum miklir aðdáendur tölvuleikja og höfum alist upp með þeim. Báðir höfum við fundið fyrir því að ef við pössum okkur ekki getur það orðið að fíkn. Best er að bera þetta saman við áfengi eða góðan mat, hluti sem skapa lífsgæði og yndislegar stundir ef rétt er farið með þá, en ef maður missir stjórn á neyslunni skapar það vandamál. Sama er með tölvuleikina.“

Sýningin er því bæði óður til tölvuleikjanna og möguleikanna í þeim og á sama tíma stúdía á hættunum sem felast þar, að sögn Tryggva. „En það er sönn saga sem við erum að nota,“ tekur hann fram. „Hún er um félaga okkar sem í leikritinu nefnist Davíð. Um 25 ára aldurinn leið honum frekar illa og leitaði á náðir tölvuleikjanna. Fíknin var dálítið að skemma fyrir honum en endaði svo mögulega á því að bjarga lífi hans því hann kynntist spilaranum SOL og þau urðu nánir vinir. Við fylgjumst með þróun þeirra sambands sem er hjartað í sýningunni, þessi stóra vináttu- og ástarsaga. Auðvitað dramatíserum við hlutina aðeins til að þeir passi betur á sviði en í grunninn er það saga úr íslenskum samtíma sem við byggjum á.“

Tryggvi er ein aðalsprautan í Sóma þjóðar, sjálfstæðum leikhópi sem að sýningunni stendur. Hann segir það ákveðið grettistak að koma tölvuheiminum til skila og fá gamlan búnað leikhússins til að virka eins og hópurinn vill.

„Við þurfum að nota leikhústrixin til að skilja á milli þess hvenær fólk er að tjatta saman á spjallrás, hvenær það er að hringja hvort í annað, hvenær það er í sama herbergi og hvenær það er að spila tölvuleik nettengt. Það er höfuðverkur leikstjórans að sýna þessi mismunandi stig samskipta. Svo erum við með sýndarveruleika í verkinu, þar sem við sjáum Davíð og SOL í rauninni vera að spila.“

Það er sem sagt dálítið fjölþætt sem leikhópurinn er að gera, eins og Tryggvi lýsir. „Við erum að kanna eðli tilfinninga. Hvort einhver munur sé á að upplifa þær í gegnum tölvuna eða úti í hinu daglega lífi. Tölvurnar eru orðnar svo fullkomnar og leikirnir stórir og flottir,“ segir Tryggvi og bendir á að þeir sem fæddir eru 1975 og síðar hafi alist upp við tölvuleiki. Leikirnir þróist með fólkinu því tækninni fleygi fram og sýndarheimarnir verði raunverulegri. „Rannsóknir sýna að góður árangur í tölvuleik hefur sömu lífeðlisfræðilegu áhrif á heilann og að ná áfanga í raunveruleikanum. Því upplifir fólk þær tilfinningar sem raunverulegar,“ segir hann og bætir við: „Kannski skilja þeir eldri ekki hvað er spennandi við svona sýndarlíf en við í Sóma þjóðar lifum í von um að við sköpum einhvern skilning á því í gegnum SOL. Náum að sýna hvert aðdráttaraflið er og hvenær þörf er að stíga til baka.“

**BEST ER AÐ BERA ÞETTA SAMAN VIÐ ÁFENGI EÐA GÓÐAN MAT, HLUTI SEM SKAPA LÍFSGÆÐI OG YNDISLEGAR STUNDIR EF RÉTT ER FARIÐ MEÐ ÞÁ, EN EF MAÐUR MISSIR STJÓRN Á NEYSLUNNI SKAPAR ÞAÐ VANDAMÁL. SAMA ER MEÐ TÖLVULEIKINA.**

maria nila
STOCKHOLM



Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Veldu með hjartanu 100% vegan hárvörur frá Maria Nila.
Head & Hair Heal verndar lit hársins, örvar hárvöxt og vinnur á móti hárlosi, þurrum hársverði og flösu ásamt því að vera bólgueyðandi. Sjampóið og hárnæringin eru hönnuð til daglegra nota fyrir alla.

Maskan má nota 1-2 í viku.
Allar vörurnar í línunni innihalda vegan innihaldsefni, en hvorki súlfót, paraben né aðra ofnæmisvalda.




Regalofagmenn
Regalo ehf Iceland
www.regalo.is
REGISTERED WITH
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY

Simaveski.is




Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

# SPIL- OG PÚSLDAGAR

## 25% AFSLÁTTUR AF SPILUM OG PÚSLUM

30. nóv. – 6. des.




Í kapp upp á þak
Tilboðsverð 2.999 kr.
Verð áður 3.999 kr.




Farao
Tilboðsverð 3.749 kr.
Verð áður 4.999 kr.




Eftirlýstur
Tilboðsverð 2.249 kr.
Verð áður 2.999 kr.




Ég veit
Tilboðsverð 4.912 kr.
Verð áður 6.550 kr.

Linko
Tilboðsverð 1.499 kr.
Verð áður 1.999 kr.










Segðu aukaspjöld
Tilboðsverð 1.042 kr.
Verð áður 1.390 kr.






Segðu sögu
Tilboðsverð 2.699 kr.
Verð áður 3.599 kr.

Mitt fyrsta Alias
Tilboðsverð 4.875 kr.
Verð áður 6.500 kr.

Minnisspil
Tilboðsverð 2.249 kr.
Verð áður 2.999 kr.




Púsluspil 3x49 bita
Tilboðsverð 1.499 kr.
Verð áður 1.999 kr.




Púsluspil 200 bita
Tilboðsverð 1.499 kr.
Verð áður 1.999 kr.




Púsluspil, 15 bita
Tilboðsverð 749 kr.
Verð áður 999 kr.




Púslmotta
Tilboðsverð 2.999 kr.
Verð áður 3.999 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Erfiðast að sjá fólk með allan barnaskarann með sér

**Er ég ósýnilegur? er yfirskrift sýningar þar sem Sóley Dröfn Davíðsdóttir sýnir andlit þeirra fjölmörgu sem eiga heima á götum Parísarborgar og leita á náðir Samhjálpar í Reykjavík og fá þar mat og skjól.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Sóley Dröfn Davíðsdóttir er sálfræðingur að mennt og starfandi sem forstjóri Kvíðameðferðarstöðvarinnar en auk þess hefur hún einnig lengi fengist við myndlist. Á morgun, föstudaginn 1. desember, opnar Sóley sýningu í Norræna húsinu þar sem hún sýnir málverk sem eru að mestu unnin á tveggja ára tímabili með andlitsmyndum af útigangs- ➡



Sóley Dröfn segir að ágengur betlari í París hafi kveikt hjá henni hugmyndina sem liggur að baki sýningunni í Norræna húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



# á götunni

➡ fólki í París en við það bætast nokkrar myndir sem eru málaðar á kaffistofu Samhjálpar og á bar í Reykjavík.

„Ég dvaldi tvö ár í París sem fóru að miklum hluta í að sækja mér meiri menntun í myndlistinni sem var búin að vera áhugamál lengi. En sem sálfræðingur hef ég alltaf haft mikinn áhuga á fólki og örlögum þess og þarna í París sá ég mikið af áhugaverðum og sérkennilegum persónum á götunum. Það var dálítið af betlurum og fólki sem var í erfiðum aðstæðum en í mínu hverfi var sérstaklega einn maður sem ég reyndi að sniðganga vegna þess að hann var stundum ansi ágengur. En dag einn þá var hann kominn með skilti sem á stóð „Er ég ósýnilegur?“

Áletrunin sem var á skilti betlarans er nú yfirskrift sýningar Sóleyjar og hún segir að þetta hafi virkilega vakið hana til umhugsunar. „Þetta er óneitanlega fólk sem er að ákveðnu leyti ósýnilegt okkur hinum því við þykjumst oft hreinlega ekki sjá þau. Þess vegna datt mér í hug að gera þennan hóp sýnilegan. En ég beið lengi með það að byrja á verkefninu, hugsaði sem svo að franskan mín væri ekki nógu góð og svo loks þegar treysti mér til þess að spjalla við fólkið þá kom í ljós að ég hefði líklega betur lært rúmensku sem er fyrsta mál flestra þessara einstaklinga. En það var mjög áhugavert að spjalla við þetta fólk engu að síður og vissulega voru svo sumir eftirminnilegri en aðrir. Sérstaklega man ég eftir einum sem er rosalega flottur og hélt til fyrir utan Pompidou-listasafnið. Hann var greinilega góðkunningi lögreglunnar og sat þarna í mestu makindum og reykti sitt gras alveg pollrólegur en hafði líka frá sitthverju skemmtilegu að segja.“

Sóley segir að óneitanlega hafi verið ákveðið átak að byrja á verkefninu. „Sérstaklega þar sem ég fór þá leið að mála fólkið á staðnum en málverkið hentaði umfram t.d. ljósmyndir þar sem það gaf mér færi á því að kynnast fólki. En þetta eru hins vegar myndir sem eru hratt málaðar og stundum fékk ég einnig að taka ljósmynd til þess að klára svo heima fyrir.

Stundum var erfitt að rífa sig upp og fara út til þess að sitja á stéttinni og vinna en kannski var það líka fyrst mest þar sem ég átti von á neikvæðari viðbrögðum frá fólki en raun varð á. Þarna kynntist ég mörgum skemmtilegum einstaklingum og ég man sérstaklega eftir einum sem sagðist vera frá Sevilla á Spáni. Það kom þó fljótlega í ljós að hann var frá Rúmeníu en átti kannski konu á Spáni en eitthvað var það nú óljóst. En hann var með púða sem hann notaði til þess að sitja á stéttinni og hann bauð mér púðann svo það færi nú betur um mig á meðan ég var að vinna. Svona voru karlarnir margir miklir herramenn og fólkið í heildina afar yndislegt.“

Sóley greiddi útigangsfólkinu í París 10 evrur fyrir að fá að sitja hjá því í rúman klukkutíma við málunina. „Kannski voru viðbrögðin jákvæðari fyrir vikið en flestir voru bara hæstánægðir með að það ætti að mála af þeim mynd. En þetta er fólk sem er oft í skelfilega erfiðum aðstæðum og sumt hvað er að flýja fátæktina í Rúmeníu. Eitthvað var um að það væru svo yfirmenn sem áttu götuhornið, einstaklingar sem komu og hirtu bróðurpartinn af þeirra tekjum og skipulögðu starfsemina og það var dapurlegt. En erfiðast fannst mér að sjá fólk sem var jafnvel með barnaskarann með sér og allir sváfu á götunni og það jafnvel um miðjan vetur án þess að það væri eitthvað gert í því. Það mundi nú ekki líðast hér ætla ég rétt að vona.“ Sýning Sóleyjar verður opnuð á morgun í Norræna húsinu kl. 17 og er í anddyri hússins.

# Fóstbræður syngja fullveldissöngva í Hörpu

Karlakórinn Fóstbræður og Gamlir Fóstbræður halda ókeypis hádegistónleika í anddyri Hörpu, Hörpuhorni, á morgun í tilefni fullveldisdagsins. Á efnisskránni verða íslensk lög sem hæfa tilefninu og hafa fylgt kórnum í gegnum tíðina. Gamlir Fóstbræður flytja til dæmis lögin Yfir voru ættarlandi, Skarphéðinn í brennunni og Fyrstu vordægur og Karlakórinn Fóstbræður syngur Ísland ögrum skorið, Kirkjuhvoll, Þótt þú langförull legðir, Sefur sól hjá Ægi, Heyr himna smiður og Á Sprengisandi.

Í lokin flytja kórarnir saman Þú álfu vorrar yngsta land og þjóðsöng Íslendinga „Ó Guð vors lands“.

Með tónleikunum vilja Fóstbræður minnast þess að fullveldið var stærsti áfanginn á leið þjóðarinnar til fulls sjálfstæðis og gefa almenningi færi á að heyra lög sem hafa staðið þjóðarhjartanu nærri. Eins og getið er í upphafi fréttar kostar ekkert inn.

– gun



**Fóstbræður á æfingu hjá stjórnandanum Árna Harðarsyni.**





ENNEMM / SÍA / NM85275

Við tökum vel á móti ykkur í Kauptúni!

vinbudin.is

VÍNBÚÐIN

ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki 2012 2015

JÁRN&GLER

Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

K371 sófi
Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



Mosel

Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR SKODA

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

ŠKODA

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu.
Komið, sjáið og sannfærist.

bílson -VERKSTÆÐIÐ-
Klettháls 9 • Sími 568 1090

Klettháls 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is



# BÍÓ



**Vinsældir Johnny Depp hafa farið minnkandi undanfarið, en hann stendur sig ágætlega í þessari mynd.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Gamaldags stemning og meistaraleg motta

**KVIKMYNDIR**

**Murder on the Orient Express**

★★★★☆

**Leikstjóri:** Kenneth Branagh
**Framleiðendur:** Mark Gordon, Kenneth Branagh, Ridley Scott
**Handrit:** Michael Green
**Aðalhlutverk:** Kenneth Branagh, Johnny Depp, Michelle Pfeiffer, Daisy Ridley o.fl.

Enn er nostalgían allsráðandi og sömuleiðis eftirspurnin eftir endurgerðum. Hins vegar, á tímum þar sem sjálfsagt þykir að leita til níunda áratugarins að innblæstri við gerð bíómynda og sjónvarpsþátta, kemur leikstjórinn og leikarinn Kenneth Branagh með sitt framlag með virðulegri túlkun á tímalausri sakamálasögu þar sem sótt er í töluvert eldri tíðaranda en sést orðið í Hollywood.

Nú er þetta í fjórða skiptið sem kvikmynd er gerð eftir bókinni Morðið í Austurlandahraðlestinni eftir Agöthu Christie. Í sögunni reynir á gáfur og færni frægustu persónu hennar, belgíska morðgátusénísins Hercule Poirot. Hingað til hefur þekktasta aðlögunin verið sú upprunalega sem Sidney Lumet leikstýrði (hreint prýðilega) frá árinu 1974. Líkt og þá fer einvalalið leikara með helstu hlutverk farþeganna, sem allir liggja undir grun og hver hefur sína sögu að segja, eða leyna.

Upprunaleg saga Christie er ágætlega fléttuð og henni fylgja áhugaverðir útúrsnúningar á formúlum sakamálasagna. En þegar margbúið er að afgreiða þessa aðlögun er erfitt að bæta einhverjum frumleika við. Annars sést það strax að þessi útgáfa Branaghs er unnin af miklu öryggi og hann sýnir enn og aftur hvað hann getur verið flinkur og heillandi kvikmyndagerðarmaður, þrælvanur sjónarspili, tímabilsmyndum, sígildum sögum (þar á meðal Shakespeareverkum og Öskubusku) og góður í að leyfa leikurum sínum að skína.

Hjá mörgum er það David Suchet sem kemur fyrstur upp í hugann þegar andlit er tengt við Poirot, þessi úr gömlu sjónvarpsþáttaröðinni frá níunda áratugnum, hjá öðrum er það Peter Ustinov eða Albert Finney sem vakti mikla lukku í Lumet-myndinni. En ef einungis stærstu útgáfurnar eru bornar saman má segja að Branagh skáki Finney í burðarhlutverkinu án erfiðis.




Þegar kemur að svona þekktum hlutverkum er alltaf hætta á að leikarar hverfi í eftirhermu á forvera, en Branagh gengur ekki í þá gildru enda meiriháttar góður og sömuleiðis hressilega margbrotinn sem Poirot.

Karakterinn er kómískur að eðlisfari, með eindæmum sérvitur og óstöðvandi þegar púsl ráðgátunnar raðast ekki saman. Það er sönnun á því hversu frábær Branagh er í hlutverkinu þegar honum tekst að selja dramatísku hliðarnar svona vel þegar ómetanlega mottan hans hangir þarna eins og heil aukapersóna.

Afgangur leikarahópsins fær vissulega mismikinn skjátíma en enginn skortur er á útgeislun í þeim hópi. Flestir karakterar eru teiknaðir sterkt upp og lífgaðir við í túlkun fagfólks, svo sem Michelle Pfeiffer, Judi Dench, Willems Dafoe, Dereks Jacobi, Daisy Ridley, Josh Gad og fleiri. Reyndar hefur þol almennings á Johnny Depp rýrnað töluvert á síðustu árum en það er leikaranum í hag hérna hvað persóna hans er rotin og fráhrindandi.

Branagh gætir þess bæði fyrir framan og aftan tökuvélina að taka efniviðinn alvarlega þegar þörf er á, en að leika sér að honum líka, enda annað ómögulegt þegar eins léttgeggjuð fígúra og Poirot er í forgrunni. Branagh finnur samt passlegan milliveg og heldur myndinni hæfilega ýktri án þess að fara yfir strikið. Rennsli framvindunnar er einnig passlega þétt, þó rétt mætti skafa nokkrar mínútur af eftirmálanum.

Úrvinnslan ber öll merki um að gríðarleg virðing ríki fyrir upprunalegri sögu Christie. Branagh hefur ekki nútímavætt hana of mikið, sem betur fer, þótt heildarsvipurinn missi nokkra punkta fyrir ósannfærandi tölvubrellur annað slagið. Þetta er eina feilnótan sem slegin er hvað poppandi umgjörðina varðar. Búningar, sviðshönnun og ekki síður kvikmyndatakan gefur andrúmsloftinu aukna dýnamík og myndar á tíðum lestina eins og stórt borðspil.

Litlu máli skiptir hvort áhorfandinn þekkir söguna fyrir eða ekki því hér er ýmislegt til að dást að og hafa gaman af, bæði hvað varðar smáatriði jafnt sem heildarmynd. Það sem myndina skortir í frumleika er bætt upp með dönnuðum sjarma. Og fyrst pláss finnst í afþreyingarheiminum fyrir til dæmis sex Spider-Man myndir á tíu árum má alveg koma fyrir einum nýjum Poirot til viðbótar og gefa honum sinn eigin myndabálk. Mottan á það alveg skilið.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtilegri sögu er lyft upp með góðu andrúmslofti, fjölbreyttum leikhópi og Branagh kemur með hreint æðislegan Poirot.

markhönnun ehf

# nettó




**ÚTKALL - REIÐARSLAG Í EYJUM**
ÓTTAR SVEINSSON
**4.549 KR STK**




**KORTLAGNING ÍSLANDS**
REYNIR FINNDAL GRÉTARSSON
**6.999 KR STK**




**FLÓTTINN HANS AFA**
DAVID WALLIAMS
**3.149 KR STK**




**GAMANVÍSNABÓKIN**
RAGNAR INGI AÐALSTEINSSON
**2.799 KR STK**




**ANNA - EINS OG ÉG ER**
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR
**4.744 KR STK**




**MAGNI**
RAGNAR INGI AÐALSTEINSSON
**5.004 KR STK**




**DAGBÓK KIDDA KLAUFA**
JEFF KINNEY
**3.429 KR STK**




**SKUGGARNIR**
STEFÁN MÁNI
**4.549 KR STK**




**SYNDAFALLIÐ**
MIKAEL TORFASON
**4.549 KR STK**




**STÓRA BÓKIN UM SOUS VIDE**
VIKTOR ÖRN ANDRÉSSON
**6.999 KR STK**

**Tilboðin gilda 30. nóvember - 3. desember 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss







Góða skemmtun í bíó







# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 30. NÓVEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Stephen Dorocke og vinir / A night of free improv
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Spennandi spunatónleikar með bandaríska tónskáldinu og hljóðfæraleikaranum Stephen Dorocke í Mengi. Með honum koma fram píanóleikarinn Paul Lydon, Berglind María Tómasdóttir flautuleikari, sellóleikarinn Katinka Kleijn og bassaleikarinn Julian F. Thayer. Miðaverð: 2.000 krónur. Pantið miða í gegnum booking@mengi.net eða kaupið við innganginn.

**Hvað?** Time of the season – hádegistónleikar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Flytjendur eru Ingibjörg Fríða Helgadóttir söngkona og Daníel Helgason gítarleikari. Á tónleikunum flytja þau eigin útsetningar á sixtís dægurlögum, fyrir söng og rafgítar. Tónleikarnir eru hluti af hádegistónleikaröðinni Á ljúfum nótum og fara fram í Fríkirkjunni í Reykjavík.

**Hvað?** Útgáfutónleikar GlerAkurs
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
GlerAkur fagnar útgáfu fyrstu breiðskífu sinnar The Mountains Are Beautiful Now með tónleikum á Húrra. Ásamt GlerAkri stígur á svið hljómsveitin World Narcosis sem einnig sendi frá sér breiðskífu á árinu.

**Hvað?** Víkingur leikur Mozart
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Víkingur Heiðar Ólafsson nær sífellt nýjum hæðum í listinni og nýr hljómdiskur hans hjá Deutsche Grammophon þar sem hann leikur píanóetýður Philips Glass hefur fengið frábærar viðtökur. Nú leikur hann píanókonsert Mozarts í c-moll, saminn árið 1786 þegar tónskáldið stóð á hátindi frægðar sinnar, um sama leyti og Brúðkaup Fígarós varð til. Þetta tilfinningaþrungna verk er meðal hinna bestu sem meistarinn festi á blað og var jafnframt eitt þeirra verka sem hvað mest áhrif höfðu á hinn unga Beethoven.

**Hvað?** Klassart í Hljómahöll
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hljómahöll, Reykjanesbæ
Í tilefni þess að 10 ár eru liðin frá útgáfu plötunnar Bottle of Blues með Klassart ætlar sveitin að blása til afmælistónleika í Berginu, Hljómahöll í kvöld. Á tónleikunum verður platan leikin í heild sinni auk þess sem farið verður yfir áhrifavalda og sagt frá uppruna laganna og textanna.

**Hvað?** Jólatónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Laugaland, Rangárþingi ytra
Hátíðlegir jólatónleikar sem munu koma öllum í rétta jólaskapið fyrir aðventuna. Fram koma Hringur kór eldriborgara, Karlakór Rangæinga, Kvennakórinn Ljósbrá ásamt undirleikurum. Aðgangseyrir 2.000 kr. Sextán ára og yngri fá frítt inn.

### Viðburðir

**Hvað?** Tungu mál með börnunum úr Tungu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Iðunn, Ingólfur, Kristín og Stefán, börn Öddu og Steins í Tungu, Seyðisfirði, bjóða til kvöldvöku. Sagðar verða sögur af lífinu í Tungu, sungnir söngvar og leitast við að svara spurningunni hvernig svo fjölbreyttur hópur gat komið af einu heimili. Var það í vatninu? Var það loftið í Seyðisfirði? Eða lá framtíðin í loftinu?

**Hvað?** Minna stress fyrir jólin
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Lindasafn, Núpalind
Þegar líða fer að jólum finna margir fyrir vaxandi streitu sem er ekki gagnleg heilsu okkar og vellíðan. Pálína Erna Ásgeirsdóttir sálfræðingur kennir okkur að minnka afleiðingar álags og auka lífsgæði með núvitund.

**Hvað?** Sýningaropnun – Ofgnótt
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Háskólatorg
Sýningin Ofgnótt opnuð á Háskólatorgi.

**Hvað?** Höfundakvöld í Gunnarshúsi – Max Frisch og Robert Walser
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarshús, Dyngjuvegi
Í kvöld verður boðið upp á kynningu á tveimur glænýjum þýðingum fagurbókmennta. Þýðendurnir Jón Bjarni Atlason og Níels Rúnar Gíslason lesa úr þýðingum sínum á skáldsögum eftir svissnesku höfundana Max Frisch og Robert Walser. Ritstjórar þeirra, Ástráður Eysteinsson prófessor og Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi, spjalla einnig um bækurnar og höfundana, en Jórunn Sigurðardóttir, dagskrárgerðarkona á RÚV, stýrir umræðum.

**Hvað?** Bókakonfekt
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bókasafn Reykjanesbæjar
Barnakór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar kemur fram í upphafi dagskrár undir stjórn Birtu Rósar Sigurjónsdóttur við undirleik Jónínu Einarsdóttur. Kórinn syngur nokkur lög fyrir gesti áður en rithöfundar lesa upp úr bókum sínum. Hallgrímur Helgason les úr nýjustu bók sinni sem er ljóðabók en hún ber heitið Fiskur af himni. Jón Kalman Stefánsson les einnig úr nýjustu bók sinni en hún heitir Saga Ástu. Þá koma hjónin Jón Gnarr og Jóga Gnarr og lesa úr bókinni Þúsund kossar sem Jón skrifaði um konu sína Jógu.



Fabúla heldur tónleika í kvöld.

## Tuttugu ára tónlistarafmæli fagnað

Tónlistakonan Margrét Kristín Sigurðardóttir, sem starfað hefur undir listamannsnafninu Fabúla í tvo áratugi, heldur tónleika í kvöld í Gamla bíói. Á tónleikunum fagnar hún 20 ára tónlistarafmæli sínu. „Hún er þekkt fyrir ævintýralegar sviðsetningar og uppákomur á tónleikum sínum og verða þessir afmælistónleikar engin undantekning,“ segir í tilkynningu.

Fabúlu til halds og trausts á tónleikunum verða Unnur Birna Bassadóttir á fiðlu, Birkir Rafn Gíslason á gítar, Jökull Jörgensen á bassa, Scott McLemore á slagverk ásamt góðum gestum. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 en húsið er opnað 20.30. Miða á tónleikana er hægt að nálgast á tix.is.
– gha

Toys"R"us

110927
**ROCK CRAWLER TORFÆRUBÍLL 6X6**
2,4 GHz. 5,5 km/klst. 41 cm.
Venjulegt verð 12.999



SPARIÐ 3.000
**9.999**



103737
**HVOLPASVEITIN TORFÆRUBÍLL**
34 cm. Með ljósum, hljóðum og aukahlutum.
Venjulegt verð 12.999

PAW PATROL

SPARIÐ 3.000
**9.999**



FRJÁLST VAL
SPARIÐ 2.000
**8.999**

Little Live Pets

109492/116966
**LITTLE LIVE PETS DRAUMAGÆLUDÝR**
Gagnvirkur vinur sem borðar, sefur og bregst við snertingu þinni.
Venjulegt verð 10.999



108677
**XSHOT REGENERATOR**
Yfir 1000 samsetningar.
Skotdrægi allt að 24 metrar.
48 pílur og 2 klemmur fylgja.
Venjulegt verð 10.999,-

SPARIÐ 4.000
**6.999**






Skoðaðu póstinn þinn–
Frábær tilboð í gangi!

Tilboðin gilda frá 30. nóvember til 10. desember, eða á meðan birgðir endast

# SPARAÐU 25%

LEGO®

af öllum
LEGO®-kubbum*
laugardag og sunnudag
02.–03.12

*Gildir ekki vörur sem eru þegar á afslætti.




**JÓLASTJARNAN**
KL. 19:30
Spennan magnast og í þessum skemmtilega lokaþætti kemur í ljós hver var valin/n úr hópi glæsilegra þátttakenda til að vera Jólastjarnan 2017. Sigurvegarinn kemur fram á stærsta sviði landsins með landsliði söngvara og skemmtikrafta í desember á Jólagestum Björgvins.

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**




**PJ KARSJÓ**
KL. 20:40
Skemmtilegasti bílaþáttur heims í umsjón Péturs Jóhanns sem einkennist af hraða, spennu og húmor. Þekktir gestir taka þátt í ýmsum uppákomum og þrautum í þættinum. Algerlega sprenghlægilegur kaggaþáttur af bestu gerð!

**THE GOOD DOCTOR**
KL. 21:10
Ungur skurðlæknir með einhverfu er ráðinn til starfa á virtan spítala. Mun það verða honum til framdráttar eða fjötur um fót?


**THE BLACKLIST**
KL. 22:40
Spennandi sería með sjarmatröllinu Raymond Reddington sem kallar ekki allt ömmu sína þegar leita þarf uppi hörðustu glæpamennina.


**HANCOCK**
BÍÓ
KL. 22:00
Óvinsæl ofurhetja leitar til kynningarfulltrúa til að laga ímynd sína og vinna traust almennings á ný. Fyndin spennumynd með Will Smith og Charlize Theron í aðalhlutverkum.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

07.00 **Simpson-fjölskyldan**
07.20 **Kalli kanína og félagar**
07.45 **Tommi og Jenni**
08.05 **The Middle**
08.30 **Ellen**
09.15 **Bold and the Beautiful**
09.35 **The Doctors**
10.15 **Project Runway**
11.00 **Jamie's Super Food**
11.50 **Hell's Kitchen USA**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **All Roads Lead to Rome**
14.30 **Christmas with the Kranks**
16.05 **Friends**
16.35 **Friends**
16.55 **Bold and the Beautiful**
17.20 **Nágrannar**
17.45 **Ellen**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **Sportpakkinn**
19.25 **Fréttayfirlit og veður**
19.30 **Jólastjarnan 2017** Glæsileg og spennandi söngkeppni fyrir unga snillinga en sigurvegarinn kemur fram á stærsta sviði landsins með aragrúa af stjörnum laugardaginn 10. desember á stórtónleikunum Jólagestir Björgvins. Dómnefndina skipa þau Björgvin Halldórsson, Gunnar Helgason og Katrín Halldóra Sigurðardóttir.
20.00 **Masterchef USA**
20.45 **PJ Karsjó**
21.15 **The Good Doctor**
22.00 **NCIS**
22.50 **The Blacklist**
23.40 **Springfloden** Sænskir spennuþættir af bestu gerð og fjalla um lögreglunemann Oliviu Rönning sem fær til rannsóknar 25 ára gamalt mál og kemst að því að faðir hennar heitinn var einn rannsakenda málsins. Hún verður heltekin af málinu og einsetur sér að leysa það með öllum mögulegum ráðum en fórnarlambið var ófrísk kona sem hlaut ömurlegan dauðdaga. Olivia telur að morðinginn sé enn á ferli og muni láta til skarar skríða á ný.
01.15 **Shameless**
02.10 **The Mentalist**
02.55 **Bad Neighbors 2**

## STÖÐ 2 SPORT

06.55 **Bournemouth - Burnley**
08.35 **Manchester City - Southampton**
10.15 **Chelsea - Swansea**
11.55 **Arsenal - Huddersfield**
13.35 **Premier League Review**
14.30 **Stoke City - Liverpool**
16.10 **Everton - West Ham**
17.50 **ÍBV - Afturelding**
19.30 **Premier League World**
20.00 **NFL Gameday**
20.30 **Skallagrímur - Valur**
22.10 **FH - Fram**
23.40 **Watford - Manchester United**

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 **Skallagrímur - Valur**
08.40 **FH - Fram**
10.20 **Seinni bylgjan**
11.55 **Brighton - Crystal Palace**
13.35 **Leicester - Tottenham**
15.15 **WBA - Newcastle**
16.55 **Watford - Manchester United**
18.35 **Gary Neville's Soccerbox**
19.05 **Stoke City - Liverpool**
20.45 **Everton - West Ham**
22.25 **Premier League Review 2017/2018**
23.20 **ÍBV - Afturelding**

## STÖÐ 3

17.30 **Gilmore Girls**
18.15 **The Big Bang Theory**
18.40 **Fresh off the Boat**
19.05 **Modern Family**
19.30 **Seinfeld**
19.55 **Friends**
20.20 **Næturvaktin**
20.50 **Gotham**
21.35 **The Secret**
22.25 **Clipped**
22.50 **Six Feet Under**
23.50 **Eastbound & Down**
00.50 **Seinfeld**
01.15 **Friends**
01.40 **Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.13 **Víkingurinn Viggó**
07.27 **Tindur**
07.38 **Mæja býfluga**
07.50 **Elías**
08.00 **Dóra könnuður**
08.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
08.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
09.00 **Áfram Diego, áfram!**
09.24 **Svampur Sveinsson**
09.49 **Lalli**
09.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
10.00 **Strumparnir**
10.25 **Ævintýraferðin**
10.37 **Hvellur keppnisbíll**
10.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
11.00 **K3**
11.11 **Víkingurinn Viggó**
11.25 **Tindur**
11.38 **Mæja býfluga**
11.50 **Elías**
12.00 **Dóra könnuður**
12.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
12.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
13.00 **Áfram Diego, áfram!**
13.24 **Svampur Sveinsson**
13.49 **Lalli**
13.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
14.00 **Strumparnir**
14.25 **Ævintýraferðin**
14.37 **Hvellur keppnisbíll**
14.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
15.00 **K3**
15.11 **Víkingurinn Viggó**
15.25 **Tindur**
15.38 **Mæja býfluga**
15.50 **Elías**
16.00 **Dóra könnuður**
16.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
16.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
17.00 **Áfram Diego, áfram!**
17.24 **Svampur Sveinsson**
17.49 **Lalli**
17.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
18.00 **Strumparnir**
18.25 **Ævintýraferðin**
18.37 **Hvellur keppnisbíll**
18.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
19.00 **Kalli Blómkvist í hættustaddur**



**Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24**

## GOLFSTÖÐIN

07.50 **Golfing World 2017**
08.40 **Ricoh Women's British Open**
13.40 **Golfing World 2017**
14.30 **The RSM Classic**
17.30 **Hero World Challenge**
21.30 **2017 Playoffs Official Film**
23.20 **Hero World Challenge**

## STÖÐ 2 BÍÓ

11.05 **Phil Spector**
12.35 **Apollo 13**
14.55 **The Yellow Handkerchief**
16.30 **Phil Spector**
18.05 **Apollo 13**
20.25 **The Yellow Handkerchief** Dramatísk ástar- og reynslusaga með William Hurt, Mariu Bello, Eddie Redmayne og Kristen Stewart. Þrír ólíkir einstaklingar sem þekkjast ekkert innbyrðis ákveða að aka saman til New Orleans í bifreið eins þeirra. Inn í málin blandast síðan fyrrverandi unnusta fullorðna mannsins og úr verður afar eftirminnileg mynd og saga sem lætur engan ósnortinn.
22.00 **Hancock**
23.35 **Underworld: Blood Wars** Spennandi hrollvekja frá 2016 með Kate Beckinsale en hún leikur vampíru- og varúlfabanann Selenu, sem sjálf er vampíra gædd yfirnáttúrulegum kröftum. Selena sver þess eið ásamt sínum helsta bandamanni, David, og föður hans, Thomasi, að ganga endanlega á milli bols og höfuðs á gjörvallri varúlfaættinni, ófreskjunum sem þeim fylgja og vampírunum sem sviku hana, jafnvel þótt það kosti hana lífið.
03.00 **Hancock**

## RÚV

17.05 **Heimsleikarnir í Crossfit 2017**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Stundin okkar**
18.25 **Hrúturinn Hreinn**
18.32 **Flóttaleiðin mín**
18.50 **Krakkafréttir**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.40 **Kastljós og Menningin**
20.00 **Jóhanna**
21.10 **Gæfusmiður**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veðurfréttir**
22.25 **Glæpahneigð**
23.10 **Neyðarvaktin**
23.50 **Kastljós og Menningin**
00.10 **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 **Síminn + Spotify**
08.00 **Everybody Loves Raymond**
08.25 **Dr. Phil**
09.05 **The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
09.45 **The Late Late Show with James Corden**
10.25 **The Voice USA**
11.55 **Síminn + Spotify**
14.25 **Dr. Phil**
15.05 **Life in Pieces**
15.30 **Survivor**
16.15 **Everybody Loves Raymond**
16.40 **King of Queens**
17.05 **How I Met Your Mother**
17.30 **Dr. Phil**
18.15 **The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
19.00 **The Late Late Show with James Corden**
19.45 **America's Funniest Home Videos**
20.10 **The Biggest Loser - Ísland**
21.00 **About A Boy**
22.45 **Take Me Home Tonight**
01.10 **The Late Late Show with James Corden**
01.50 **24**
02.35 **Law & Order: Special Victims Unit**
03.20 **Elementary**
04.05 **Agents of S.H.I.E.L.D.**
04.50 **The Exorcist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# BETRIBILAKAUP.IS

**Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu í 511 2777**

# STÓRGLÆSILEGUR 2018
# VOLVO XC90 T8 HYBRID



- **Pantaðu fyrir lok desember og fáðu *620.000 kr.* afslátt**
- **Afhendingartími er 4-5 mánuðir**
- **Greitt er *330.000 kr.* við pöntun**

## Verð frá 7.390.000 kr.

*Miðast við 124 kr. á evru og 960.000 kr. VSK afslátt hérlendis

**Ármúla 4-6, Reykjavík | Firðinum, Hafnarfirði**
**511 2777 | sala@betribilakaup.is**
**www.facebook.com/betribilakaup.is**




**Viltu vita meira um íþróttir**

verð nú **2.999** kr
verð áður 3.599 kr




**Bieber og Botnrassa**

verð nú **3.399** kr
verð áður 4.899 kr




**Henrí hittir í mark**

verð nú **3.799** kr
verð áður 4.899 kr




**Flóttinn hans afa**

verð nú **3.499** kr
verð áður 4.499 kr




**Galdra - Dísa**

verð nú **3.799** kr
verð áður 4.799 kr




**Matarást**

verð nú **5.399** kr
verð áður 6.999 kr




**Skuggarnir**

verð nú **4.999** kr
verð áður 6.999 kr




**Vertu ósýnilegur**

verð nú **3.799** kr
verð áður 4.899 kr




**Þúsund kossar**

verð nú **5.299** kr
verð áður 6.999 kr




**Rúna - örlagasaga**

verð nú **4.999** kr
verð áður 6.999 kr




**Gunnar Birgisson**

verð nú **6.299** kr
verð áður 7.499 kr




**Myrkrið veit**

verð nú **5.299** kr
verð áður 6.989 kr




**Passamyndir**

verð nú **5.299** kr
verð áður 6.999 kr




**Mistur**

verð nú **5.299** kr
verð áður 6.999 kr




**Blóðug jörð**

verð nú **5.299** kr
verð áður 6.999 kr




**Saga Ástu**

verð nú **4.999** kr
verð áður 6.999 kr

Allir titlar fást í Skeifu, Smáralind, Kringlunni og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum

Gildir 30. nóvember - 3. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

24
**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

– JÓLABÆKUR Í MIKLU ÚRVALI –

# Meira að lesa







**Anna - Eins og ég er**

verð nú **5.299** kr
verð áður 7.299 kr

**Hönnun - Leiðsögn í máli og myndum**

verð nú **7.699** kr
verð áður 9.999 kr




**Til orrustu frá Íslandi**

verð nú **5.199** kr
verð áður 6.999 kr




**Útkall - Reiðarslag í Eyjum**

verð nú **4.999** kr
verð áður 6.899 kr




**Gulur, rauður, grænn og salt**

verð nú **5.299** kr
verð áður 6.999 kr




**Kortlagning Íslands**

verð nú **7.499** kr
verð áður 9.499 kr

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*

# Upphaf jólaundirbúnings smekkfólks bæjarins

Skemmtikvöld Kormáks og Skjaldar var haldið í Þjóðleikhúskjallaranum á þriðjudag þar sem smekkfólk kom saman og gladdist. Villi Naglbítur og Bibbi í Skálmöld enduðu í blokkflautukeppni sem Villi vann.

Þetta var frábært og alveg meiriháttar skemmtilegt kvöld," segir Vilhelm Anton Jónsson, söngvari í 200.000 Naglbítum, en hann var einn af fjölmörgum sem mættu á kvöldskemmtun Kormáks og Skjaldar sem haldin var á þriðjudag.

Skemmtunin fór fram í Þjóðleikhúskjallaranum og sem fyrr sáu Hringir um undirspil á meðan á sýningu stóð. Hresst og skemmtilegt fólk sýndi brot af þeim fatnaði sem fæst í Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar og Kvenfataverzlun Kormáks & Skjaldar.

Þá sagði í kynningunni að skemmtunin markaði upphaf jólaundirbúnings hjá smekkfólki bæjarins. „Það hljómar algjörlega fullkomlega skeytin inn," segir Vilhelm og hlær.

Á myndinni hér til hliðar eru þeir uppeldisbræður, Vilhelm og Snæbjörn Ragnarsson, að ræða við Frímann Gunnarsson sem sá um að kynna herlegheitin. „Það sem gerðist var að Naglbítar sýndu afar smekklegan kúrekaklæðnað frá Bandaríkjunum. Þá löbbuðu Skálmaldarbræður, Bibbi og Baldur, inn í afar smekklegum jakkafötum. Úr varð smá vandræðaleg stund sem var leyst með blokkflautueinvígi, sem er gamall siður að norðan þegar Akureyringar og Húsvíkingar hittast.

Við vorum í hörku blokkflautueinvígi sem lauk þannig að Naglbítar sigruðu, en við enduðum með að spila saman algjört tímamótaefni.

Á myndinni erum við að fara yfir einhvers konar ósætti við dómgæslu.

Við erum nefnilega allir frá Laugum í Reykjadal og lærðum allir á blokkflautu hjá Ragnari heitnum, pabba þeirra Baldurs og Bibba."

200.000 Naglbítar eru þessa stundina að gera plötu sem á að koma í búðir á næsta ári, bæði á vínyl og kassettu. „Við erum að slíta naglbítana upp úr verkfæratöskunni og búnir að senda frá okkur tvö lög. Það er plata væntanleg á næsta ári enda er góður tími til að gefa út efni núna, hvort sem er á vínyl eða kassettu."

**benediktboas@365.is**



Það eru ekki allir sem vita að rokkstjörnurnar Bibbi og Villi ólust upp saman á Laugum í Reykjadal þar sem tónlistarferillinn hófst með blokkflautukennslu. Þeir enduðu í keppni á skemmtikvöldinu þar sem Villi sigraði en Bibbi var allt annað en sáttur við dómgæsluna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Reykjavíkurdæturnar, Kolfinna Nikulásdóttir og Steiney Skúladóttir, að spjalla við vinkonur sínar.



Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, ásamt Ólafi Þ. Harðarsyni kosningasérfræðingi litu inn. Annar með fráhneppt, hinn með hneppt upp í háls.



Þrándur Þórarinsson listmálari, ásamt gítarleikaranum Erni Eldjárn og Ragnari Egilssyni með eðaldrykki í glasi.



Böðvar Eggert Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, er einn best klæddi karlmaður þessa lands. Hér á snakki með Stjúra, stjörnuhárgreiðslumanni Kormáks og Skjaldar. Hvert smáatriði er í lagi á þessum tveimur.



Hresst og skemmtilegt fólk mun sýna brot af þeim fatnaði sem fæst í Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar og Kvenfataverzlun Kormáks & Skjaldar. Á milli tískusýninga verða tónlistaratriði, uppistand og óvæntar uppákomur í höndum velunnara verslananna.



Bibbi og Kári Naglbítur ræða um rokk og ról en Skálmöld er með aðventutónleika andskotans á laugardag. Skál fyrir því.



Stjúri vinnur í hnakka fréttalesarans Gunnars Reynis á Stöð 2. Lubbinn þarf ekki að vera mikill til þess að Stjúri geti unnið með skærin.






**Smjöreldað lamba-cuvette, saltbakaðar rauðbeður og sólber**

Hér að ofan má sjá lambamjöðm, rauðbeður og sólber. Lambamjöðmin er hægelduð í brúnuðu smjöri með rósmaríni og að lokum kolagrilluð. Rétturinn er borinn fram með saltbökuðum rauðbeðum, sólberjagljáa og sýrðum sölvum.

*Smjöreldað lamba-cuvette er að finna á bæði sex og átta rétta hátíðarseðli Nostra. Tveggja, þriggja og fjögurra rétta seðlar eru einnig í boði ásamt grænmetis- og veganseðlum.*

BORÐAPANTANIR Á NOSTRARESTAURANT.IS EÐA Í SÍMA 519-3535

NOSTRA

Laugavegur 59 | 101 Reykjavík

# Vonar að fólk borði upp sýninguna

**18 kíló af sælgæti eru í aðalhlutverki í sýningunni Ofgnótt sem listakonan Andrea Arnarsdóttir stendur fyrir. Gestum og gangandi er velkomið að smakka á sýningunni.**

Listakonan og háskólaneminn Andrea Arnarsdóttir opnar í dag sýninguna Ofgnótt þar sem 18 kíló af sælgæti eru í aðalhlutverki. Sýningin, sem er sett upp á Háskólatorgi í Háskóla Íslands, er eins konar sælgætisveisla þar sem Andrea hefur raðað sælgætinu vandlega upp á hlaðborð og gestum og gangandi er velkomið að smakka á verkinu.

En af hverju 18 kíló? „Samkvæmt tölum sem koma frá landlæknisembættinu þá er þetta sælgætisframboðið fyrir hvern Íslending á ári að meðaltali.“

Spurð út í hvort hún sjálf sé nammigrís og hvort hún hafi ekkert freistast til að narta í efniviðið sýningarinnar segir Andrea: „Ég hef ekki stolist í þetta nammi en ég valdi nammi sem mér finnst ekkert rosalega frábært. En jú, ég er alveg nammigrís. Ég er samt búin að vera að reyna að minnka nammiátið í dálítinn tíma.“



Sýning Andreu er hluti af mastersverkefni hennar í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> ÉG HEF EKKI STOLIST Í ÞETTA NAMMI EN ÉG VALDI NAMMI SEM MÉR FINNST EKKERT ROSALEGA FRÁBÆRT.

Sýning Andreu byggir á upplýsingum um sælgætisát landsmanna og líka á sögu sælgætis en Andrea hefur rannsakað nammi í sögulegu samhengi undanfarið.

### Ekkert mál ef nammið klárast

Eins og áður sagði er fólki velkomið að borða nammið úr verkinu. Sýningin stendur yfir í viku og spurð út í hvað gerist ef fólk klárar allt sælgætið á t.d. einum degi segir Andrea það ekki vera neitt mál. „Þá verður bara tómt hlaðborð til sýnis,“ segir hún og hlær. „En fólk má alveg endilega fá sér nammi og það væri bara frábært ef við myndum ná að borða upp einn Íslending á þessari viku sem sýningin er í gangi.“

gudnyhronn@365.is




# Heilsan okkar



Lára Sigurðardóttir, læknir og doktor í lýðheilsuvísindum.

## Hvað er MDMA?

MDMA (3,4-methylenedioxymethamphetamine) er efni sem var þróað af þýsku lyfjafyrirtæki árið 1912. Í daglegu tali eru Ecstasy og Molly önnur nöfn yfir MDMA en sýnt hefur verið að þau geti einnig innihaldið önnur lyf. Í töfluformi er algengur skammtur á bilinu 50 mg til 200 mg, áhrifin ná hámarki um tveimur tímum eftir inntöku og endast í um fjóra til sex tíma.

Án þess að klínískar rannsóknir lægju að baki notuðu einstaka geðlæknar efnið á áttunda og níunda áratugnum í þeim tilgangi að auka innsæi og bæta samskipti sjúklinga sinna. Um svipað leyti var MDMA komið í svarta sölu til almennings. Það var svo árið 1985 að sett var bráðabann á MDMA þar sem sýnt hafði verið fram á að efnið hefði enga klíníska þýðingu, að það væri oft misnotað og gæti aukið veikindi geðsjúkra.

Flestir sem prófa efnið eru á aldrinum 18 til 25 ára en allt niður í 12 ára börn hafa neytt þess. MDMA kemur gjarnan við sögu á danssamkomum og tónlistarhátíðum en einhverjir muna kannski eftir fréttum af Secret Solastice þar sem fólk var flutt á spítala vegna neyslu þessa efnis.

Margir halda að efnið sé öruggt til inntöku en MDMA er lífshættulegt eiturlyf. Það sem er óhugnanlegast við MDMA er að það getur verið lífshættulegt á marga vegu. Það getur örvað hjartslátt og hækkað blóðþrýsting svo viðkomandi fær hjartaáfall. Það getur valdið ofhitnun sem getur orsakað lifrar- og nýrnabilun. Eitrunaráhrif á lifur eru einnig vel þekkt svo fá dæmi séu nefnd.

> MARGIR HALDA AÐ EFNIÐ SÉ ÖRUGGT TIL INNTÖKU EN MDMA ER LÍFSHÆTTULEGT EITURLYF.

Sumir gætu haldið að eitrunareinkenni komi helst fram eftir of stóran skammt af MDMA en flest eitrunareinkenni og andlát verða eftir inntöku einungis einnar töflu. Til að forða börnunum okkar frá þessu efni er mikilvægt að ræða við þau um hættuna og vita um ferðir þeirra, því það hefur reynst góð forvörn.

**NIÐURSTAÐA:** MDMA er lífshættulegt efni sem getur á marga vegu skaðað líkamann og leitt til dauða. Ekki eru til neinir öruggir skammtar af MDMA.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**


Nýjar Jólavörur
í öllum verslunum
Mjúkt, hlýja og vellíðan
fyrir alla fjölskylduna
Glerártorgi - Kringlunni - Smáratorgi - www.lindesign.is
Lín
DESIGN















Melkorka þurfti meðal annars að vinna með 50 manna sinfóníuhljómsveit við uppsetninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hnetan fær loksins sess í Hnotubrjótnum

**Melkorka Sigríður Magnúsdóttir** frumsýndi gjörbreytta útgáfu af klassíska ballettinum Hnotubrjótnum í Svíþjóð um síðustu helgi. Í hennar uppsetningu er það hnetan sem fær loksins að láta gamminn geisa. Sýningin ferðast til Þýskalands í næstu viku.

Melkorka Sigríður Magnúsdóttir, dansari og danshöfundur, frumsýndi nýtt verk byggt á Hnotubrjótnum í Svíþjóð um helgina. Með henni var sviðslistahópurinn John the houseband en það er hópur sem varð til þegar meðlimir hans voru saman í námi úti í Amsterdam. Hópurinn hefur starfað í tíu ár og oftast verið að gera kóreógrafaða tónleika.

„Við fengum boð frá leikhúsi í Norður-Svíþjóð þar sem við höfðum sýnt áður. Við fengum tilboð – „viljiði koma eftir eitt og hálft ár, gera Hnotubrjótinn í ykkar útgáfu með sinfóníuhljómsveit Norrlandsoperan.“ Við vorum bara „neeei,“ Við vorum hálf-efins yfir því að vinna með sinfó af því að við erum ekki hámenntað tónlistarfólk þó við séum atvinnufólk í sviðslistum. Þannig að það var ansi ógnvekjandi fyrst um sinn að vinna með 50 manna sinfóníuhljómsveit. En svo sögðum við á endanum já því að við sáum að þetta væri eitthvað sem við gætum unnið með,“ segir Melkorka.

Sýningin hefur verið í þróun síðasta árið og var frumsýnd um síðustu helgi í Svíþjóð.

„Þetta er okkar útgáfa af Hnotubrjótnum. Þetta er auðvitað sígildur ballett og hefur öll þau minni sem tíðkast þar – álfadísir og alls konar ævintýri sem okkur fannst síður spennandi þannig að við ákváðum að gera okkar útgáfu sem er út frá sjónarhorni hnetunnar, sem hingað til hefur verið dálítið fjarverandi frá þessu ævintýri.

Þetta er áhugaverð hugmynd ef maður byrjar að pæla í þessu – af hverju er það í ballett sem eru öll þessi ævintýri, mýs, dýr, hnotubrjótur ... af hverju er ekki fjallað um hnetuna sjálfa, hvar er hnetan? Við tengdum dálítið við þetta sem hljómsveit – verandi atvinnufólk í sviðslistum en aukafólk í tónlist. Í okkar ballett lendir sem sagt hnetugeimskip, þriggja metra há uppblásin hneta, á sviðinu og út komum við, hnetuhljómsveitin, og við syngjum lög um hnetur. Svo ákveður þessi hljómsveit að gróðursetja hnetu og úr verður skógur.“

Þannig að þetta er bara ekkert rosalega líkt upprunalega ballettinum?

„Nei, í rauninni ekki. Við ákváðum eiginlega að henda honum öllum. Það er líka það sem okkur finnst rosalega gaman – að fokka þessu upp, að gera bara eitthvað allt öðruvísi. Þessir gömlu ballettar eru svo meitlaðir í stein. Við skiptum í raun nánast öllu út – við erum í Birckenstock sandölum og Intersport sokkum á sviðinu.“

> **VIÐ SKIPTUM Í RAUN NÁNAST ÖLLU ÚT... VIÐ ERUM Í BIRCKENSTOCK SANDÖLUM OG INTERSPORT SOKKUM Á SVIÐINU**

Melkorka segir það hafa verið ótrúlega gaman í fyrsta lagi að vera boðið að gera þetta og í öðru lagi að þeim hafi verið treyst fyrir svona „rugluðu verkefni“ eins og hún segir.

„Bara það að þau skuli hringja og bjóða okkur að gera Hnotubrjótinn með sinfóníuhljómsveit, við sem kollektív og enginn leikstjóri – það er ótrúlega spennandi og eitthvað sem er ekki til hérna heima, leikhús fúnkerar bara ekki svona heima.“

Melkorka segir vinnuna með sinfóníuhljómsveitinni hafa gengið ótrúlega vel þrátt fyrir að vera öðruvísi.

„Þetta er bara allt öðruvísi – ég held að við vinnum tölvuert kaótískara en þau – meðan við vorum að vinna að þessu í tvö ár komu þau inn í einhverja fimm daga. Þeirra vinnuaðferðir eru allt öðruvísi en okkar og við þurftum að finna jafnvægi þarna á milli. Við fórum því svolítið í kóreógrafískar aðferðir, hvernig við gætum dílað við hljómsveitina; við báðum þau að spila hraðar eða hægar og svo sungum við ofan á, þannig að við vorum dálítið að leika okkur með þolmörk sinfóníuhljómsveitarinnar og það gekk bara mjög vel.

Þau eru svo þarna undir sviðinu, fimmtíu manns og vita ekkert hvað við erum að gera. Síðan kannski þurfa þau að stoppa í tíu mínútur meðan við spilum tvö rapplög, þannig að aðstæðurnar sem ég ímynda mér að séu í gangi þarna undir þegar kannski fiðluleikarinn þarf að sitja og hlusta á okkur spila eru bara frekar fyndnar.“

Aðspurð hvort sýningin muni ferðast til Íslands segir Melkorka það ekki vera í planinu þó að hún voni að það verði hægt. Hún bendir á að leikhúsbransinn hér heima sé ekki endilega móttækilegur fyrir að taka á móti svona stórri erlendri uppfærslu, en hver veit.

Verkið ferðast til Þýskalands í næstu viku, Danmerkur á næsta ári og svo eru frekari sýningar í Svíþjóð planaðar – þannig að það er nóg á dagskránni hjá Melkorku og John the houseband.

stefanthor@frettabladid.is

KFC

**10 ORIGINAL**
**KJÚKLINGALEGGIR**

# *Njóttu*
# Í DESEMBER




**OFURSTINN ER KOMINN TIL BYGGÐA MEÐ FÖTU FULLA AF GÓMSÆTUM KJÚKLINGALEGGJUM**

**2.490 kr.**

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON
22.11.17 – 28.11.17




**1** Gatið
Yrsa Sigurðardóttir




**2** Myrkrið veit
Arnaldur Indriðason




**3** Mistur
Ragnar Jónasson




**4** Saga Ástu
Jón Kalman Stefánsson




**5** Amma best
Gunnar Helgason




**6** Útkall - Reiðarslag í Eyjum
Óttar Sveinsson




**7** Þitt eigið ævintýri
Ævar Þór Benediktsson




**8** Sakramentið
Ólafur Jóhann Ólafsson




**9** Sonurinn
Jo Nesbø




**10** Sönglögin okkar
Ýmsir höfundar

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson




Gauti mætti í veislu til að taka nokkur lög en áður en hann vissi af var hann farinn að þrífa klósett. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Rappari hellir víni í glös og þrífur klósett

**Emmsjé Gauti** hefur snúið sér að annars konar veisluhöldum en þeim að rappa fyrir fólk á tónleikum. Hann rekur, ásamt öðrum, veislusal í miðbæ Reykjavíkur og býður upp á jólahlaðborð og fleira.

Rapparinn Emmsjé Gauti sinnir nú tveimur hlutverkum – á kvöldin er hann Gauti Þeyr Másson rekstraraðili, en hann ásamt nokkrum öðrum heldur úti veislusal á Hallveigarstíg. Gauti segir hugmyndina ekki hafa verið sína upphaflega, en hann var fenginn með í dæmið af hinum, en þeir eru meðal annars umboðsmaður hans, bókari og aðrir sem hafa komið við sögu í tónlistarferli hans. En Gauti hatar vissulega ekki veislur.

„Ég elska veislur, mér finnst mjög gaman í veislum og hef alltaf verið mikill aðdáandi veisluhalds. Mér finnst ég knúinn til þess að gefa samfélaginu nýtt rými til að halda veislur í,“ segir Gauti kíminn og bætir við, „við erum ekki að opna skemmtistað – við erum að opna stað sem keyrir á bókunum. Salurinn tekur slatta í sæti og er tvær stærðir; stór salur og lítill inn af honum. Það eru líka alls konar möguleikar – Airwaves var haldið þarna þegar þetta hét Lídó, þannig að þetta er ekki einungis fyrir hlaðborð og veislur, það er alveg hægt að halda tónleika þarna til dæmis – það er hægt að hafa samband við okkur í gegnum tölvupóst og skoða það.“

Aðspurður hvort tónleikahald og annað sé planað í salnum segir hann að slíkt sé ekki komið á dagskrá enda séu þeir mest að einbeita sér að jólahlaðborðunum um þessar mundir en þegar þeim ljúki megi skoða það.

*Hvernig hefur svo gengið hjá ykkur?*

„Við höfum verið með nokkra viðburði – við höfum verið að keyra á jólahlaðborðum núna í desember í samvinnu við Ostabúðina. Það hefur gengið mjög vel og það var gott sem uppselt áður en við fórum að auglýsa. Við vorum til að mynda með WOW Air síðustu helgi á hlaðborði



Hér gefur að líta salinn í allri sinni dýrð.

**ÞAÐ ER EITTHVAÐ FURÐULEGT VIÐ AÐ TAKA DISK AF EINHVERJUM OG SEGJA „MÁ ÉG BJÓÐA ÞÉR MEIRA VÍN Í GLASIÐ?“ OG AÐ VERA SVO KOMINN UPP Á SVIÐ ÖRSTUTTU SÍÐAR AÐ ÖSKRA „HVAÐ SEGIÐ ÞIÐ GOTT, MOTHERFUCKERS!? ERU EKKI ALLIR Í STUUÚÐI?“**

– ég ætla að viðurkenna það að ég var drullustressaður. Þó að sumir okkar hafi verið í alls konar rekstri áður þá höfum við aldrei haldið jólahlaðborð. Þetta var svolítið krefjandi – ég var búinn að búast við að það myndi myndast svarthol og allir sogast ofan í það, því að ég var svo stressaður, en svo gekk þetta bara ótrúlega vel.“

*Ert þú þarna með tuskuna og að þjóna til borðs og svona?* „Upphaflega í WOW partíinu ætlaði ég bara að mæta og rappa en af því að ég var búinn að gæla við þetta verkefni í svolítinn tíma þá auðvitað þykir manni vænt um það, þannig að það líðu svona tíu mínútur af kvöldinu og þá var ég kominn í svuntu að taka diska og glös. Það er auðvitað ekkert að því, ég hef unnið sem þjónn og barþjónn í mörg ár – en það er eitthvað furðulegt við að taka disk af einhverjum og segja „má ég bjóða þér meira vín í glasið?“ og að vera svo kominn upp á svið örstuttu síðar að öskra „hvað segið þið gott, motherfuckers!? Er ekki allir í stuuúði?“

Mér leið eins og algjörum „boss“ þegar ég var uppi á sviði – horfði yfir konungsríki mitt en svo eftir smá stund var ég kominn á hnén að laga klósett sem einhver hafði stíflað, þetta var frekar furðulegt.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



JEFF DUNHAM
PASSIVELY AGGRESSIVE
SPLUNKUNÝ SÝNING
Bones to Pick
LAUGARDAGINN 26. MAÍ Í HÖRPU
MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 12!
THULE
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS/DUNHAM OG Í SÍMA 528 5050
NÁNARI UPPLÝSINGAR: SENA.IS/DUNHAM
sena LIVE!

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR



Frosta Logasonar

# Ríkiskirkjan

Í dag er allra síðasti séns til að skrá sig úr Þjóðkirkjunni, fyrir þá sem ekki vilja greiða sóknargjöld fyrir árið 2018. Þjóðkirkjan er furðulegasta stofnunin sem rekin er fyrir fé skattgreiðenda en langflestir meðlima hennar hafa verið skráðir í hana sjálfkrafa sem ómálga ungbörn.

Stofnunin er rekin á hugsjónum tvö þúsund ára draugasögu úr fornritum frá Mið-Austurlöndum. Í stuttu máli gengur hún út á að jarðneska lífið sé einungis hluti af stóru tilraunaverkefni skaparans. Lífshlaupið er prófsteinn á trú okkar og staðfestu. Í boði er eilíft líf og hamingja, svo lengi sem við játumst frelsaranum og biðjum hátt og snjallt um miskunn. Þá fer allt vel. Annars bíða okkar eilífir vítislogar, en það er ekki á ábyrgð skaparans, okkar er valið.

Eitthvað er um jákvæðar sögur í fornritunum. Þar er talað vel um fyrirgefninguna og höfðað til betri samvisku okkar í ákveðnum siðferðismálum. Þar er þó ekkert sem mannskepnan hefur ekki getað fundið upp hjá sjálfri sér. Í flestum tilfellum er siðferði okkar í dag talsvert þroskaðra heldur en það sem birtist okkur í þessum ritum. Enda textinn ekkert annað en mannanna verk sem mundi í besta falli vera flokkaður undir hrútskýringar í dag.

Hugsanlega er besta hugmyndin að skrá sig bara utan trúfélaga. Þá fer skatturinn beint í ríkissjóð. Svokallaður trúleysisskattur. Trúleysingjar fá nefnilega að greiða meira til samfélagsins en hinir sem trúa á ósýnilega drauga. Það er ótrúlega eðlilegt og fallegt núna á tuttugustu og fyrstu öldinni. Finnst þér það ekki annars?

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

HITAVEITU-SKELJAR
HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000

